

**20** Mikilvægi sjálfsaflahlutfalls



**22** Þraukar í afleitu rekstrarumhverfi



**26** Fjallafrúin gerir það gott

# Bændablaðið

21. tölublað 2023 • Fimmtudagur 16. nóvember • Blað nr. 645 • 29 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is



Leto Bjartur Soher Vífilsson, fulltrúi þriðju kynslóðar bænda í Syðra-Holti í Svarfaðardal, með væna lífrænt vottaða kartöflu. Inni í blaðinu er rætt við Eirík Gunnarsson, einn bændanna, um framtíð búrekstrarins sem mun áfram felast í útiræktun á lífrænu grænmeti auk þess sem sauðfjárrækt á forsendum ostagerðar bætist við á næsta ári. – *Sjá bls. 32–33.*

Mynd / Syðra-Holt

## Greiðslumark mjólkur:

# Mjólkurkvóti til Skagafjarðar

**Við niðurstöðu síðasta markaðar með greiðslumark mjólkur var töluverður mjólkurkvóti keyptur til Skagafjarðar frá öðrum landshlutum.**

Af þeim 1.048.500 lítrum sem viðskiptin náðu til fóru 710.000 lítrar til búa sem staðsett eru í sveitarfélaginu Skagafirði, að því er fram kemur í tölum frá matvælaráðuneytinu. Er það um 68% af því magni sem skipti um eigendur milli áranna 2023 og 2024. Þá fóru 260.000 lítrar til Húnaþings vestra, Húnavatnshrepps og Skagabyggðar sem þýðir að 92,5% af greiðslumarkinu fór til Norðurlands vestra. Alls fóru 30.000 lítrar til Vesturlands og 48.500 lítrar til Suður- og Suðausturlands.

Seljendur með tilboð á jafnvægisverði eða lægra voru níu talsins á síðasta markaði og seldu þeir 70,4% af sínu framboðna magni. Kaupendur þeirra 1.048.500 lítra voru 31 talsins. Jafnvægisverðið var 300 kr./ltr. og er andvirði viðskiptanna því 314.550.000 kr. Að hámarki getur bú sóst eftir 50.000 lítrum til kaups á hverjum markaði og voru 14 kaupendur að hámarkslítrafjölda, allir á Norðvesturlandi.

| Sveitarfélag | Hlutfall |
|---|---|
| Rangárþing eystra | 10,32% |
| Eyjafjarðarsveit | 9,29% |
| Skagafjörður | 8,84% |
| Borgarbyggð | 6,26% |
| Skeiða- og Gnúpv.hr. | 5,86% |
| Flóahreppur | 5,18% |
| Hrunamannahreppur | 5,06 % |
| Þingeyjarsveit | 4,31% |
| Dalvíkurbyggð | 3,49% |
| Akrahreppur | 3,32% |
| Önnur | 38,07% |

**Hlutfall heildargreiðslumarks er hæst í Rangárþingi eystra, Eyjafirði og Skagafirði.**

Alls var 43,5% sölunnar frá búum í Eyjafirði, eða tæpir 456.000 lítrar. Býli á Suður- og Suðausturlandi seldu rúma 330 þúsund lítra.

### *Þrjú býli eiga yfir milljón lítra*

Í ársbyrjun 2024 munu 506 bú eiga greiðslumark, þar af 26 með yfir 600.000 lítra. Þrjú bú eiga yfir milljón lítra. Býlum með greiðslumark hefur fækkað ár frá ári, árið 2000 voru þau 1.023 en árið 2017 597 talsins.

Greiðslumarkið skiptist þannig milli landshluta í ársbyrjun 2024 að 38,4% verður á Suður- og Suðausturlandi, 28,8% á Norðaustur- og Austurlandi, 18,6% á Norðurlandi vestra og 14,2% á Vesturlandi, Vestfjörðum og Suðvesturlandi.

Þegar skoðað er umfang greiðslumarks eftir sveitarfélögum sést að býli í Rangárþingi eystra halda um rúm tíu prósent af kvótanum. Eyjafjarðarsveit er með ríflega níu prósent en Skagafjörður tæp níu prósent.

Greiðsla út á greiðslumark er framlag ríkisins til mjólkurframleiðenda. Fyrir hvert ár er gefið út heildargreiðslumark, mjólkurkvóti, sem byggist á söluspám þess árs.

Árið 2024 verður heildargreiðslumarkið 151,5 milljón lítrar. Framleiðendur hafa yfir að ráða ákveðið magn greiðslumarks og geta selt mjólk á innanlandsmarkaði samkvæmt því. Bændur geta svo keypt og selt greiðslumark á miðlægum kvótamarkaði þrisvar sinnum á ári.

*/ghp*

# Ákvörðun um niðurskurð

**Bændur á Stórhóli í Húnaþingi vestra bíða enn niðurstöðu um hvort fé í þeirra eigu með verndandi og mögulega verndandi arfgerðir fái að lifa.**

Riðutilfelli greindist í sláturfé frá bænum í haust þar sem er nú tæplega 590 fjár. Þar af um 100 með verndandi og mögulega verndandi arfgerðir, að sögn Garðars V. Gíslasonar bónda.

„Þetta eru um fimmtíu ær, hitt eru allt gemlingar," segir hann. „Ég hugsa að við hefðum hætt búskap ef ekki hefði verið komið neitt svona," segir hann og á þar við stefnubreytingu í riðumálum vegna verndandi arfgerða í fé. „Það er svona ljós aðeins í þessu núna, mér finnst það nú frekar," segir Garðar.

Yfirdýralæknir mun fljótlega senda frá sér tillögur til matvælaráðherra um tilhögun niðurskurðar á bænum. Búast má við að þær taki mið af þeim áherslum sem birtast í nýrri skýrslu sérfræðingahóps um nýja nálgun í aðgerðum gegn riðuveiki sem skilað var til matvælaráðherra. Enda var skilgreint hlutverk hópsins að vera yfirdýralækni til ráðgjafar hvað varðar aðgerðir til útrýmingar á riðuveiki.

Í áherslum sérfræðingahópsins eru lagðar til útfærslur á aðgerðum gegn riðuveiki í sauðfé, með nýrri nálgun og ræktun fjár með verndandi arfgerðir. Lögð er áhersla á að ekki verði hvikað frá niðurskurðarstefnunni en þó verði heimilt að undanskilja frá niðurskurði hjarða fé sem ber verndandi arfgerðir og einnig mögulega verndandi arfgerðir.

### *Tvær næmar samsætur*

Í skýrslunni kemur fram að af þeim sjö genasamsætum sem hafi fundist í fé á Íslandi, séu ARQ og VRQ næmar fyrir smiti – einkum þó VRQ. Aðrar samsætur eru taldar vera minna næmar, mögulega verndandi eða verndandi.

Til minna næmra samsæta teljast AHQ og N138. Til mögulega verndandi samsæta teljast samkvæmt skýrslunni C151 og T137, en ARR telst verndandi. Lagt er til að megináherslan verði á fjölgun ARR, en einnig að tíðni T137 verði aukin og að tíðni C151 verði viðhaldið.

Í greinargerð um ARR segir að arfgerðir þar sem minnst önnur genasamsætan er ARR og hin genasamsætan er ekki VRQ, séu alþjóðlega viðurkenndar sem verndandi arfgerðir gegn riðuveiki.

Stefna eigi að fjölgun arfbera ARR og í fyllingu tímans arfhreinna ARR/ARR kinda eins og kostur er. Hópurinn leggur til að gefin verði út landsáætlun um riðuveikilaust Ísland innan tiltekins árafjölda. */sá-smh*

***Sjá viðtal við Stórhólsbændur á bls. 4 og umfjöllun um skýrslu sérfræðingahópsins á bls. 18.***

FRÉTTIR

### Jarðhræringar á Reykjanesskaga:

# Búfé bjargað frá Grindavík

**Þónokkur fjöldi búfjár var í og við Grindavík þegar neyðarstigi Almannavarna var lýst yfir og ákveðið var að rýma Grindavíkurbæ þann 10. nóvember síðastliðinn. Því hefur nú að mestu verið komið frá svæðinu.**

„Á föstudeginum, þegar jarðskjálftarnir voru orðnir stanslausir, þá tóku hestamenn í Grindavík sig til og fluttu til Keflavíkur þau hross sem voru komin á hús. Mánamenn voru svo yndislegir að hýsa þau fyrir okkur,“ segir Jóhanna Harðardóttir, hestakona í Grindavík, en hún á og rekur hestaleigu þar í bæ. „Þegar við vorum svo komin á hættustig byrjuðum við að koma heim að húsum þeim hrossum sem voru úti en nálægt. Rétt fyrir rýmingu voru allar kerrur fylltar af hrossum og þau keyrð á Sólvang við Eyrarbakka þar sem Sigríður Pjetursdóttir og hennar fjölskylda tók okkur opnum örmum.“



Frá flutningi rúmlega tuttugu hrossa frá Grindavík. Mynd / Jóhanna Harðardóttir

*Hrossin sóttu heim að húsum*

Eftir voru 22 hross úti á beit en leyfi fékkst þann 12. nóvember til að sækja þau. „Enn og aftur kom fjölskyldan á Sólvangi auk fleiri okkur til hjálpar. Við höfum fengið endalaust mikið af skilaboðum frá fólki sem getur aðstoðað okkur bæði með að hýsa hross og koma út á beit. Það er alveg magnað að sjá hvað samstaðan er mikil og við erum ótrúlega þakklát,“ segir Jóhanna.

Hrossin sýndu að sögn Jóhönnu misjöfn viðbrögð við ástandinu. „Þeir sem voru innandyra voru mjög stressaðir en eru nú rólegir. Þau hross sem voru úti sóttu að húsunum sem þau gera vanalega ekki og eru greinilega fegin að vera komin af hættusvæðinu.“

*Fimmtán þúsund kjúklingar fluttir á brott*

Reykjagarður var með 15.000 fugla í húsum í Grindavík en þeir voru fluttir á brott 12. nóvember.

„Sem betur fer er þessi kjúklingahópur ungur og því auðveldari í flutningi en ella. Fuglunum var smalað saman og þeir svo handtíndir í þar til gerða ungaflutningakassa, sem svo er raðað í bíl. Umsjónarmaður fuglanna fékk að fara í húsin upp úr hádegi. Það væsti í sjálfu sér ekki um fuglana en hann mat það svo að ekki væri hægt að tryggja öryggi þeirra til framtíðar. Skemmdir höfðu orðið á húsum og aðgangur að heitu og köldu vatni virtist ótryggur. Í framhaldinu fengum við á grundvelli dýravelferðar undanþágu til að senda lið inn á svæðið í fylgd viðbragðsaðila og sækja þá seinnipartinn þann sama dag,“ segir Guðmundur Svavarsson, framkvæmdastjóri Reykjagarðs. Flutningurinn gekk vel og eru fuglarnir að sögn Guðmundar í góðu yfirlæti í húsum Reykjagarðs á Ásmundarstöðum í Ásahreppi.

Vill Guðmundur koma á framfæri þakklæti til starfsmanna, yfirvalda, viðbragðsaðila og annarra sem gerðu flutningana mögulega. „Hugur okkar er hjá samstarfsfólki okkar og íbúum í Grindavík. Við sendum þeim hlýjar hugsanir og ósk um velfarnað á erfiðum tímum.“

*Búið að sækja nær allt fé sem var komið á hús*

Um 340 kindur voru í Grindavík og nánasta nágrenni þegar neyðarstigi var lýst yfir, allt í eigu frístundabænda.

„Eins og staðan er í dag þá er búið að sækja allt það fé sem var komið á hús nema þrjár kindur. Alls eru 68 farnar af svæðinu,“ sagði Trausti Hjálmarsson, formaður deildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands, þegar rætt var við hann á mánudaginn. Vonir stóðu til að hægt yrði að sækja þær síðar um daginn.

Það fé sem enn er úti er í Hópsnesi, alls 269, og ekki alveg einfalt að smala því,“ segir Trausti.

*/ghp-smh*

---



Á bustofn.is er hægt að skila haustskýrslum rafrænt. Mynd / Jón Eiríksson

### Haustskýrslur:

# Skilafrestur að renna út

**Matvælaráðuneytið hefur opnað fyrir skráningar á haustskýrslum fyrir árið 2023 í Bústofni.**

Öllum umráðamönnum búfjár er skylt að skila rafrænni haustskýrslu í Bústofn í síðasta lagi 20. nóvember. Er það í samræmi við 10. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013.

Í haustskýrslunni skal koma fram fjöldi ásetts búfjár af hverri tegund, allt búfé í hagagöngu og á hvaða jörð eða landspildu. Einnig skal koma fram gróffóðursuppskera af hefðbundnum nytjatúnum og leigutúnum ásamt fyrningum og upplýsingum um aðra fóðuröflun og landstærðir. Frá þessu er greint í fréttatilkynningu frá matvælaráðuneytinu.

*/ÁL*






Meðalfallþungi ársins var 17,22 kíló, sem er rúmum 600 grömmum meira en í fyrra. Mynd / smh

### Sláturtölur:

# Um 28 þúsund færri lömbum slátrað í haust

## – Mikill fallþungi, góðar einkunnir fyrir gerð og fitu

**Um 28 þúsund færri lömb komu til slátrunar í haust miðað við á síðasta ári. Meðalfallþungi ársins var 17,22 kíló, sem er rúmum 600 grömmum meira en í fyrra, og er þetta í annað skiptið sem meðalfallþungi fer yfir 17 kíló, en árið 2021 var meðalfallþungi 17,40 kíló.**

Samkvæmt nýjum sláturtölum Matvælastofnunar er samdráttur í kjötframleiðslu um 200 tonn á milli ára.

*Heldur færri fullorðnar ær*

Einar Kári Magnússon, sem hefur yfirumsjón með kjötmati hjá Matvælastofnun, segir að heldur færri fullorðnar ær hafi komið til slátrunar í haust miðað við síðustu haust.

„Þrátt fyrir það má nokkuð örugglega búast við áframhaldandi samdrætti í framleiðslu næsta haust, en erfitt er að setja fram nákvæma framleiðsluspá fyrr en ásetningstölur haustsins liggja fyrir,“ segir hann.

| Sláturhús | 2023 | 2022 | 2021 |
|---|---|---|---|
| Kaupfélag Skagfirðinga | 72.712 | 83.612 | 86.392 |
| Sláturfélag Suðurlands | 87.117 | 88.868 | 94.800 |
| Sláturfélag Vopnfirðinga | 22.014 | 24.632 | 26.566 |
| Sláturhús Norðlenska | 71.922 | 74.765 | 77.188 |
| Fjallalamb | 18.945 | 21.885 | 20.914 |
| Sláturhús KVH ehf. | 79.075 | 82.081 | 84.081 |
| SAH afurðir ehf. | 65.576 | 68.307 | 73.875 |
| Sláturhús Vesturlands | 841 | 992 | 805 |
| Sláturhús Seglbúðum | **0** | 1.022 | 703 |
| **Alls fjöldi dilka** | 418.202 | 446.164 | 465.324 |

*Góðar meðaleinkunnir fyrir gerð og fitu*

Í haust komu rúmir 418 þúsund dilkar til slátrunar, en á síðasta ári voru þeir um 446 þúsund. Á milli áranna 2021 og 2022 var fækkun sláturlamba um 19 þúsund.

Meðaleinkunnir fyrir gerð og fitu voru hærri en á undanförnum árum. Einkunn fyrir fitu var að meðaltali 6,62 og fyrir gerð 9,58.

*/smh*



TOYOTA RAV4
ÆVINTÝRIN
BÍÐA ÞÍN
Toyota RAV4 verð frá: 6.450.000 kr.
Toyota RAV4 Hybrid verð frá: 7.850.000 kr.
Toyota RAV4 plug-in Hybrid verð frá: 9.950.000 kr.
KINTO ONE langtímaleiga
Toyota RAV4, verð frá: 154.000 kr. á mánuði.
Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
570 5070
Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300
Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600
Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000
SPORLAUS
3+4 ÁBYRGÐ
ÁRA ÞJÓNUSTA
VEGAAÐSTOÐ
2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

Fjárhagsstaða bænda:

# Áskorun frá Skagfirðingum

**Byggðarráð og Búnaðarsamband Skagfirðinga fagna nýskipuðum starfshópi um fjárhagsstöðu bænda og skora á hann að koma fram með öflugar tillögur.**

Seint í október voru ráðuneytisstjórar matvælaráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og innviðaráðuneytis skipaðir í starfshóp sem leggja á mat á þá stöðu sem upp er komin í landbúnaði í kjölfar endurtekinna hækkana á stýrivöxtum og verðhækkana á aðföngum.

„Byggðarráð og stjórn Búnaðarsambands Skagfirðinga skora á starfshópinn að koma fram með öflugar tillögur um hagkvæma endurfjármögnun lána fyrir þá bændur sem þess óska.

Jafnframt verður að tryggja að afurðaverð og stuðningur frá búvörusamningum standi undir þeim kröfum sem gerðar eru til aðbúnaðar og aðstöðu bæði manna og dýra. Í alþjóðlegum samanburði eru vinnulaun og annar framleiðslukostnaður landbúnaðarvara á Íslandi hár, en á móti eru gæði þess sem framleitt er með því besta í heiminum.

Samkeppni við innfluttar landbúnaðarafurðir getur því verið erfið þegar fluttar eru inn afurðir frá löndum þar sem framleiðslukostnaður er mun lægri en hér, m.a. vegna lægri vinnulauna, verulega meiri stærðarhagkvæmni og í mörgum tilfellum minni áherslu á velferð og aðbúnað dýra,“ segir í áskoruninni.

Einnig kemur fram að „framleiðsluferlar í hefðbundnum landbúnaði eru almennt langir með krefjandi tímabilum sem stjórnast meðal annars af tíðafari og afkastagetu. Samhliða því hafa verið tíðar breytingar á reglugerðum sem ýtt hafa bændum í kostnaðarsamar endurbætur og aukna vélvæðingu til að ná fram nauðsynlegri hagræðingu í rekstri.

Möguleikar bænda á að setja hækkanir eins og nú hafa dunið yfir á bæði aðföngum og í fjármagnskostnaði beint út í verðlagið eru afar takmarkaðir. Ástæður þess eru meðal annars samkeppni við innfluttar vörur sem oft og tíðum virðast ekki einu sinni rétt skilgreindar í tollaflokkum og koma því inn í landið á röngum forsendum, sem svo dregur úr möguleikum afurðastöðva að greiða ásættanlegt verð til bænda.

Stjórnvöld verða að tryggja að í landinu sé öflug framleiðsla matvæla ásamt því að þeir sem hana stunda hafi af framleiðslunni viðunandi afkomu en það er forsenda þess að ungt fólk fáist til starfa og framþróun verði í greininni, ásamt því að fæðuöryggi þjóðarinnar, byggt á innlendri framleiðslu, sé tryggt,“ segir í áskorun byggðarráðsins /sá

Upprunamerkingar:

# Banna sölu hóffylliefnis

**Neytendastofa hefur bannað Líflandi að selja tiltekið hóffylliefni fyrir hesta þar sem umbúðir þess eru skreyttar broti úr íslenska fánanum.**




Vörurnar eru framleiddar af hollensku félagi, í Hollandi með erlendum hráefnum. Álit Neytendastofu er að um óheimila notkun á íslenska þjóðfánanum sé að ræða. Neytendastofu barst ábending vegna sölu Líflands á vörum sem seldar voru undir heitinu ISI-PACK og er hóffylliefni. Varan var flutt inn af heildversluninni Ásbjörn Ólafsson ehf. Á vefsíðu ISI-PACK kemur fram að vörur þeirra séu innblásnar af íslenska hestinum, gerðar úr efninu úretan til hóffyllingar fyrir hross. Neytendastofa vísar í lög um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið en þar er að finna ákvæði sem fjallar um heimild fyrirtækja til notkunar íslenska fánans í markaðssetningu. Kemur þar fram að slík notkun er heimil sé varan framleidd hér á landi úr innlendu hráefni, eða framleidd hér á landi úr innfluttu hráefni að hluta eða öllu leyti og hafi notið nægilega aðvinnslu hérlendis. „Af gögnum málsins verður ráðið að vörur ISI-PACK uppfylla hvorugt framangreindra skilyrða og fer notkun þjóðfána Íslendinga í merkingu á vörununum því í bága við framangreind ákvæði laga nr. 34/1944,“ segir í ákvörðun Neytendastofu. Lífland mun þá hafa brotið gegn ákvæðum laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu með því að bjóða vöruna til sölu en í þeim er m.a. fjallað um villandi viðskiptahætti ef vara er líkleg til að blekkja neytendur til dæmis með framsetningu. /ghp

TILBOÐ MÁNAÐARINS*
20% AFSLÁTTUR AF STÖMPUM
+ KAUPAUKI
ÞÚ KAUPIR 2 STAMPA MEÐ 20% AFSLÆTTI OG FÆRÐ SALTSTEIN FRÍTT MEÐ
FYRIR NAUTGRIPI
• STEINEFNABLANDA
• MAGNESÍUM / SELEN
• ORKUSTAMPUR
• LIFELINE PRE-CALVER
Þú kaupir 2 stampa og færð Kúastein FRÍTT með.
FYRIR SAUÐFÉ
• STEINEFNABLANDA
• SAUÐFJÁRSTAMPUR
• ORKUSTAMPUR
• LIFELINE LAMB & EWE
Þú kaupir 2 stampa og færð Sauðfjárstein FRÍTT með.
FYRIR HESTA
• HESTASTAMPUR
• STEINEFNABLANDA
Þú kaupir 2 stampa og færð Hestastein (2 stk.) FRÍTT með.
* Tilboðið gildir nóvember 2023 eða á meðan birgðir endast.
FÓÐURBLANDAN
FB Reykjavík Korngarðar 12 570 9800
FB Selfoss Austurvegur 64 a 570 9840
FB Hvolsvöllur Duftþaksbraut 1 570 9850
www.fodur.is fodur@fodur.is

Riða:

# Stórhólsbændur bíða enn

## – Eiga um 100 fjár með verndandi og mögulega verndandi arfgerðir

**Bændur á Stórhóli í Húnaþingi vestra bíða enn frétta um hvort fé þeirra með verndandi og mögulega verndandi arfgerðir gegn riðu sleppi við niðurskurð í kjölfar þess að riðutilfelli greindist í sláturfé frá bænum í lok október.**

Yfirdýralæknir hefur nú sent matvælaráðherra tillögu um aðgerðir og í kjölfarið gefur ráðherra út úrskurð um hvernig á málum verður tekið á Stórhóli. Bændur hafa andmælarétt, séu þeir ekki sáttir við niðurstöðuna.

Tæplega 590 fjár eru nú á Stórhóli. Af því eru 27 gimbrar og 10 hrútar með verndandi arfgerðir en fleiri með mögulega verndandi arfgerðir.

Garðar V. Gíslason, bóndi á Stórhóli, lét á eigin kostnað taka DNA-sýni úr um 250 fjár fyrir nokkrum misserum. Þegar riðutilfelli fannst í sláturfé frá Stórhóli í haust lét hann taka sýni úr afganginum af fénu og reiknar með að Matvælastofnun beri kostnað af því.

Aðspurður hvort hann viti nú hversu margt fé með mögulega verndandi arfgerðir þau eigi svarar hann því til að þetta séu rétt um 100 kindur í allt sem beri verndandi og mögulega verndandi arfgerðir. „Þetta eru um fimmtíu ær, hitt er allt gemlingar.“

*Umfangsminna niðurrif*

„Ég trúi ekki öðru en að ég fái að vita um allavega kindurnar í þessari viku,“ segir hann. Hann segist þó ekki mjög óþolinmóður: „Málið tekur sinn tíma og þetta er svo sem bara nýtt fyrir alla,“ bætir hann við.

Um það að Stórhóll sé í raun á þeim merku tímamótum þar sem sauðfjárbændur vonist eftir nýrri og fordæmisgefandi nálgun í riðuvörnum segir Garðar að hann voni svo sannarlega að það sé raunin: „Það yrði í það minnsta aðeins skárra en hitt.“

Vonir eru bundnar við að ekki þurfi að fara í jafn umfangsmiklar aðgerðir varðandi rif og sótthreinsun fjárhúsa o.fl. eftir riðu og áður. „Já, mér skilst að eigi að breyta því,“ segir Garðar og heldur áfram: „Maður veit svo sem ekkert um það enn þá og ekki búið að ræða það neitt. En mér skilst að þetta verði eitthvað öðruvísi. Það verður þó alltaf að henda slatta. Húsin munu samt standa óbreytt í vetur náttúrlega, það næst ekkert að gera neitt í þessu fyrir veturinn. En í vor verður þá eitthvert niðurrif. Eins og ég segi, það er ekkert búið að ræða þetta.“



Stórhólsbændur eiga um 100 fjár með verndandi og mögulega verndandi arfgerðir og bíða nú milli vonar og ótta eftir ráðherraúrskurði um hvort féð fær að lifa eður ei. Mynd / MER- Facebook

*Hefðu mögulega hætt*

Rætt hefur verið um að bændur geti í kjölfar riðuniðurskurðar eftirleiðis tekið fé aftur fyrr en áður var. „Mér skilst það, já,“ segir Garðar. „En maður hleypur ekkert í að kaupa strax alveg á fullu – ekki á næsta ári. Þetta er auðvitað verulegt tjón.“

Hann ítrekar að arfgerðaumræðan og riðu-reglugerðarbreyting ráðherra séu ný af nálinni og ekki liggi fyrir hvernig verði samið. „En það er enginn að fara að lifa á þessum hundrað. Þetta er bara eitthvað sem á eftir að ræða.“

Um það hvort hann hafi velt fyrir sér að hætta búskap segir hann einfaldlega: „Ég hugsa að við hefðum gert það ef ekki hefði verið komið neitt svona,“ og á þar við stefnubreytingu í riðumálum vegna verndandi arfgerða í fé. „Það er svona ljós aðeins í þessu núna, mér finnst það nú frekar. En þetta er allt í pattstöðu í bili.“

Garðar og Maríanna E. Ragnarsdóttir, bændur á Stórhóli, bíða því átekta enn um sinn. /sá

Aukabúnaðarþing:

# Ályktað um afkomuvanda bænda

**Aukabúnaðarþing var haldið með fjarfundarfyrirkomulagi á þriðjudaginn. Á dagskrá voru fáein mál; meðal annars var samþykkt ályktun um afkomuvanda bænda, þar sem áhyggjum er lýst af horfum í fæðuframleiðslu þjóðarinnar.**

Þá var tillaga frá stjórn Bændasamtaka Íslands samþykkt, um að vísa tillögu um sameiningu Búgreina- og Búnaðarþinga frá síðasta Búnaðarþingi til umræðu á Búgreinaþingi í febrúar á næsta ári. Í greinargerð með tillögunni segir að búgreinadeildir telji sig þurfa að eiga nánara samtal við sína félagsmenn um málið áður en slík breyting geti tekið gildi.

Í ályktuninni um afkomuvandann segir: „Við verðum að tryggja sjálfsaflahlutfall í fæðuframleiðslu íslensku þjóðarinnar. Fæðuöryggi Íslands verður ekki uppfyllt með öðru en framleiðslu hér á landi án tillits til staðsetningar. Án bænda er fæðusjálfstæði þjóðar teflt í tvísýnu.“

*Komi tafarlaust til móts við bráðavanda*

Hún er sett fram í þremur liðum. Í fyrsta lagi er kallað eftir því að stjórnvöld komi tafarlaust til móts við bráðavanda í íslenskum landbúnaði þannig að tryggja megi afkomu og starfsskilyrði atvinnugreinarinnar. Þá er lögð áhersla á brýna þörf þess að stjórnvöld setjist að samningaborðinu þar sem staða búvörusamninga er metin og næstu skref ákveðin. Ítrekað hafi verið bent á að samkvæmt búvörulögum skuli ávallt tryggja nægilegt vöruframboð við breytilegar aðstæður í landinu, og að kjör þeirra sem landbúnað stunda skuli vera í sem nánustu samræmi við kjör annarra stétta. Hvorugt sé uppfyllt í dag.

*Verklag og regluverk tolla verði yfirfarið*

Loks áréttar aukabúnaðarþing mikilvægi þess að verklag og regluverk um tolla á Íslandi verði yfirfarið með tilliti til bæði eftirlits og gjalda. Staðfest sé að eftirlit með innfluttum landbúnaðarvörum sé verulega ábótavant, sér í lagi varðandi magntolla samkvæmt tollskrá.

Þá lýsti Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtaka Íslands, því yfir í lok þinghaldsins að hann hygðist gefa kost á sér til endurkjörs á Búnaðarþingi sem haldið verður á næsta ári. /smh

# LANDSHÚS

**ÍSLENSK HÚS - SÉRHÖNNUÐ FYRIR ÍSLENSKAR AÐSTÆÐUR**

## REITIR RAÐHÚS

*Byggðu hagkvæmt*

Reitir – Raðhús eru útfærð í Einingakerfi Landshúsa. Í staðlaðari raðhúsalengju eru 3 íbúðir – Hver íbúð er 84fm. Hægt er að stækka hverja íbúð ef óskað er. Fjöldi íbúða í hverri raðhúsalengju er valkvæður.





**Markmið okkar er að bjóða upp á lausn sem gerir fólki kleift að byggja traust hús á einfaldan og hagkvæman hátt.**



Reitir í Búðardal



## JÖKLAR GESTAHÚS

**MIKLIR BREYTINGARMÖGULEIKAR**

Henta vel sem gestahús, starfsmannahús, auka herbergi, heimaskrifstofa eða sem útleigueining í ferðaþjónustu. Grunnstærð er 24,3fm og er stækkanleg að vild.



*Jöklar Burst*



*Jöklar íslensku húsin*



*Jöklar Flat*

EFLA

Efla verkfræðistofa sér um tæknilega hönnun á húsunum okkar samkvæmt íslenskri byggingarlöggjöf.

**3 MÁNAÐA AFGREIÐSLUTÍMI**



*Húsin frá okkur má finna víða um land*

**STYRKUR - HAGKVÆMNI - HÖNNUN**

Landshús - Sími **553 1550** - landshus@landshus.is **www.landshus.is**

*Öll verð má finna á heimasíðu okkar*

LANDSHÚS

Bændablaðið
– Málgagn bænda og landsbyggðar –

**Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári.**
**Því er dreift ókeypis á yfir 400 stöðum á landinu og á öll lögbýli landsins.** Lesendur geta einnig gerst áskrifendur að blaðinu og fengið það sent heim í pósti gegn greiðslu burðargjalds. Árgangurinn (23. tölublöð) kostar þá kr. 14.900 með vsk. Ársáskrift fyrir eldri borgara og öryrkja kostar kr. 11.900 með vsk.

**Heimilisfang:** Bændablaðið, Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík.
**Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279
**Bændablaðið er í eigu Bændasamtaka Íslands.**

**Ritstjóri:** Guðrún Hulda Pálsdóttir (ábm.) gudrunhulda@bondi.is – **Sími:** 563 0300 – **Blaðamenn:** – Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is – Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
**Auglýsingastjóri:** Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
**Netfang auglýsinga:** thordis@bondi.is – **Vefur blaðsins:** www.bbl.is – Netfang blaðsins: (fréttir og annað efni) er bbl@bondi.is
**Frágangur fyrir prentun:** Ómar Örn Sigurðsson – **Prentun:** Landsprent ehf. – **Upplag:** 33.000 – **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

## LEIÐARI

## Óvissutímar

**Á óvissutímum með eldgos yfirvofandi, þegar þetta er skrifað, er hægt að fullyrða að þjóðin er einstaklega lánsöm að búa að því viðbragðskerfi sem hér er við lýði.**

Öryggi fólks og dýra er tryggt fumlaust þegar hætta steðja að. Björgunarsveitir, almannavarnir og aðrir viðbragðsaðilar eiga hrós skilið fyrir framgang sinn kringum jarðhræringarnar í Grindavík. Það er traustvekjandi til þess að vita að kerfin sem samfélagið okkar byggir á virki og verndi okkur þegar vá vofir yfir eins og nú er. Þeir viðmælendur sem Bændablaðið talaði við vegna björgunar búfjár frá hamfarasvæðinu lögðu öll áherslu á þakklæti til þeirra sem gripu þau og aðstoðuðu við að koma sér og sínum í öruggt skjól. Hugur allra er hjá Grindvíkingum.

Þjóðaröryggisstefna okkar inniheldur þá áherslu að styrkja áfallaþol samfélagsins gagnvart hvers kyns ógnum. Í henni er tilgreint að tryggja eigi skilvirkan og samhæfðan viðbúnað og viðbrögð til þess að takast á við afleiðingar hvers kyns ógna við líf og heilsu fólks, umhverfi, eignir og innviði. Taka á mið af ógnum sem tengjast loftslagsbreytingum, náttúruhamförum, heilbrigðisöryggi og farsóttum, matvæla- og fæðuöryggi.

Það síðastnefnda er tíðrætt efni á síðum Bændablaðsins enda gegnir landbúnaður mikilvægu hlutverki við að tryggja aðgang samfélagsins að matvælum. Hér á landi er fæðuöryggi og fæðusjálfstæði gott í samanburði við mörg önnur lönd, mikið til vegna umfangsmikilla fiskveiða og útflutnings sjávarafurða. Hins vegar hefur svokallað sjálfsaflahlutfall minnkað undanfarin ár þar sem hlutfall innlendra matvæla af heildarneyslu er minna en áður.

Aukin sjálfsaflahlutdeild er mikilvægur þáttur í þjóðaröryggi þar sem viðnámsþol landsins byggir á því hvað er framleitt hér á landi. Sjálfsaflahlutfall er útskýrt í tölublaðinu en þar kemur fram að ástæður minnkandi fæðusjálfstæðis Íslands sé ekki skortur á náttúruauðlindum eða innviðum heldur slæm afkoma bænda og þar af leiðandi atgervisflótti úr atvinnugreininni.

Þetta þarf augljóslega að athuga strax og á aukabúnaðarþingi sem haldið var sl. þriðjudag var ályktað um málefnið. Segir í ályktuninni að án bænda sé fæðusjálfstæði þjóðar teflt í tvísýnu. Þar er kallað eftir því að stjórnvöld komi tafarlaust til móts við bráðavanda í íslenskum landbúnaði.

*Af dreifingarmálum*

Bændablaðið hefur frá stofnun þess verið borið út til allra bænda landsins í gegnum fjöldreifingu þar sem pósturinn fer ómerktur á lögbýli. Íslandspóstur tilkynnti þann 6. nóvember síðastliðinn að þjónustu við fjöldreifingu á landsbyggðinni verði hætt um næstu áramót. Enginn mun því sinna slíkri dreifingu frá áramótum.

Í tilkynningu frá Íslandspósti segir að ákvörðun þeirra sé í takt við umhverfisstefnu en áfram muni fyrirtækið sinna dreifingu á skráðum sendingum og almennum bréfpósti. Í þessu felst að verið er að beina því að okkur að setja blöð bænda í plastumbúðir, nafnmerkja þau og senda með magnpósti, sem seint telst umhverfisvæn lausn.

Kostnaðarhækkun við þessa breytingu dreifingar er nær 260% miðað við verðskrá ársins 2023. Vert er að minna á að árið 2021 hækkaði kostnaður við dreifingu á lögbýli um 90%. Við höfum skamman tíma til að bregðast við þessari tilkynningu Íslandspósts enda stutt í áramót en við munum leggja upp með að skerða ekki aðgengi bænda að blaðinu.

***Guðrún Hulda Pálsdóttir*** *ritstjóri.*

## Varnir og viðbúnaður

**Gunnar Þorgeirsson**
formaður Bændasamtaka Íslands
gunnar@bondi.is



**Við sem þjóð höfum lifað ansi undarlega tíma á undanförnum árum. Allt almannavarna- og forvarnarstarf með tilheyrandi æfingum er því nauðsynlegur hluti af okkar samfélagi, og því þarf að sinna í vaxandi mæli frá því sem nú er. Það hafa dæmin sýnt.**

Eftir sem áður verður mönnum ætíð að vera ljóst að ekki verður séð við öllu og því mun hið óvænta ávallt koma upp þegar síst skyldi. Seint að kvöldi síðastliðins föstudag hafði Lögreglustjórinn á Suðurnesjum tekið ákvörðun, í samráði við Almannavarnir, að rýma Grindavíkurbæ og Almannavarnir lýstu samhliða yfir neyðarstigi. Íbúum var þarna á örskammri stundu gert skylt að rýma híbýli sín og yfirgefa bæinn og samfélagið allt tók á móti þeim og var reiðubúið að veita hjálparhönd. Bændasamtökin hafa átt í góðu samstarfi við Almannavarnir, nærliggjandi sveitarfélög og félagsmenn vegna dýra í þeirra umsjá sem hefur þurft að flytja og koma í öruggt skjól. Við viljum þakka Almannavörnum fyrir þeirra aðkomu að þessum verkefnum sem flest hafa fengið farsæla lausn og unnið er áfram að öðrum með tilliti til áhættumats á svæðinu.



Hugur okkar er með Grindvíkingum og viðbragðsaðilum okkar sem standa vaktina,
Mynd / Óskar ANdri

Hugur okkar er með Grindvíkingum og viðbragðsaðilum okkar sem standa vaktina, og er þar enginn undanskilinn, hvort sem um ræðir sjálfboðaliða eða fólk sem starfar á þeim vettvangi.

Hinn 8. nóvember síðastliðinn sótti ég aðalfund dönsku bændasamtakanna, nærri 600 manna samkomu bænda hvaðanæva af í Danmörku. Það sem vakti sérstaka athygli mína var bágt hlutfall kvenna á fundinum en þær voru innan við 2% fundarmanna. Til samanburðar voru konur 43% búnaðarþingsfulltrúa á síðasta Búnaðarþingi Bændasamtakanna sem fór fram á vordögum. Betur má ef duga skal og við þurfum að halda áfram að tryggja það að konur verði sýnilegri innan atvinnugreinarinnar og út á við, fyrir hönd atvinnugreinarinnar. Við það má síðan bæta að á aðalfundi dönsku bændasamtakanna mættu fimm ráðherrar úr þeirra ríkisstjórn og fjöldinn allur af þingmönnum.

Málefnin sem frændur okkar Danir eru að burðast einna helst með þessa dagana og komu fram á fundinum, eru ansi keimlík þeim málefnum sem við erum að kljást við í íslenskum landbúnaði. Þar fór hæst útfærsla á væntanlegum kolefnisskatti á landbúnaðarafurðir, en teikn eru á lofti um útfærslur á þeirri skattlagningu á Folketinget næsta vor. Þá var mikið rætt um einföldun regluverks og blýhúðun á innleiðingu tilskipana frá Evrópusambandinu, sem er athyglisvert þar sem Danir eru jú aðilar að Evrópusambandinu. Og líkt og íslenskir bændur hafa kollegar þeirra í Danmörku miklar áhyggjur af ásókn í landbúnaðarjarðir, þar sem ekki stendur til að hefja, eða viðhalda landbúnaðarframleiðslu, heldur sem á að nýta undir sólarsellur, vindmyllur og skógrækt. Danir standa því andspænis sveitarfélögum, líkt og við, sem ekki hafa flokkað land samkvæmt skipulagi þrátt fyrir að verkefnið sé aðkallandi og þjóðhagslega mikilvægt fyrir fæðusjálfstæði þjóðar. Þá var mikið rætt um nýliðun í greininni án þess að fundarmenn höfðu fram að færa einhverjar lausnir í þeim efnum en líkt og hérlendis lýstu fundarmenn yfir miklum áhyggjum af framtíð landbúnaðarins.

Í lok þessa leiðara, vil ég, sem fyrrum björgunarsveitarmaður, nefna mikilvægi þess að hvert og eitt okkar undirbúum viðbragð heimilisins ef hætta steðjar að og hvaða úrræði eru til staðar og hvað skuli gera til að vera viðbúin. Því þrátt fyrir að neyðarstig Almannavarna sé afmarkað við ákveðinn hluta landsins, þá munum við öll sem eitt þurfa að leggja okkar af mörkum ef hætta steðjar að. Gefum okkur því tíma til þess að athuga hvernig við getum undirbúið okkur, heimili og atvinnurekstur til að takast á við áföll. Einnig þurfum við sem bændur, að huga að sérráðstöfunum fyrir búfénað og rafmagnsleysi.

## GAMLA MYNDIN



**Hér sjást ullarflíkur frá Álafossi. Mynd tekin fyrir búnaðarblaðið Frey árið 1981. Ullarverksmiðjan Álafoss var stofnuð árið 1896 af Birni Þorlákssyni. Hún var í eigu nokkurra aðila til ársins 1968, þegar Framkvæmdasjóður Íslands eignaðist mestallt hlutaféð. Mikill uppgangur var í ullariðnaði hér á landi frá upphafi sjöunda áratugarins til ársins 1982 þegar halla fór undan fæti. Í lok árs 1987 sameinuðust Álafoss og ullariðnaður SÍS á Akureyri í eitt fyrirtæki og varð þá næststærsta iðnfyrirtæki landsins á eftir álverinu í Straumsvík. Álafoss hf. fór í gjaldþrot árið 1991. Ljósmyndari óþekktur.** */ÁL*



Sigurvegarar í A-flokki voru Maríus Halldórsson í 1. og 2. sæti með Rosa og Mílu sem fengu 101 stig hvort, og í 3. sæti Elísabet Gunnarsdóttir með Ripley sem hlaut 89 stig. Mynd / skjáskot



Sigurvegarar í Unghundaflokki voru Rune Brumoen og Lynn í 1. sæti með 65 stig, Tíbrá Halldórsdóttir og Svala í 2. sæti með 63 stig og í 3. sæti voru Trausti Óskarsson og Alpha með 8 stig. Mynd / skjáskot



Í B-flokki varð Tíbrá Halldórsdóttir hlutskörpust, með Flís sem fékk 58 stig. Mynd / skjáskot



Marzibil Erlendsdóttir, Dalatanga, sveiflar smalastafnum með tilþrifum á túninu á Eyrarlandi og fjárhundurinn er lafmóður af hlaupunum. Mynd / Gunnar Gunnarsson

# Margur er smala krókurinn

**Austurlandsdeild Smalahundafélags Íslands (SFÍ) hélt fjárhundakeppni sína, Spaðamótið, að Eyrarlandi í Fljótsdal í októberlok. Keppt var í A- og B-flokkum auk Unghundaflokks og voru dómarar þeir Gunnar Einarsson og Helgi Árnason.**

Þorvarður Ingimarsson, bóndi á Eyrarlandi, segir á Facebook-síðu Smalahundafélagsins að mótið hafi verið hið skemmtilegasta og haldið í einstakri haustblíðu, líkt og myndirnar sýna. Það lítur út fyrir að keppnin hafi verið hin æsilegasta og tilþrifin veruleg, bæði hjá mönnum og vöskum fjárhundum.

SFÍ er áhugamannafélag um ræktun, þjálfun og notkun Border Collie-fjárhunda og var stofnað árið 1992.

Ættbók SFÍ, SNATI, er viðamikill gagnagrunnur sem félagið rekur í samstarfi við Bændasamtök Íslands.

Þess má geta að Landskeppni félagsins 2024 verður í umsjá Smalahundadeildarinnar Snata í Húnavatnssýslu og verður keppnin haldin í Vatnsdal dagana 24.-25. ágúst á næsta ári. SFÍ hefur staðið fyrir Landskeppnum smalahunda allt frá árinu 1994 auk þess sem landshlutadeildir innan félagsins hafa staðið fyrir minni keppnum. */sá*



Rune Brumoen frá Ásunnarstöðum í Breiðdal sýnir hér snilldartakta ásamt fjárhundinum Lynn. Mynd / Gunnar Gunnarsson



Blessaðar skjáturnar reyndu að þrjóskast við og standa sem fastast en góður fjárhundur lætur það ekki á sig fá og hættir ekki fyrr en fé er komið þangað sem fyrir er sett. Mynd / Gunnar Gunnarsson

## MÆLT AF MUNNI FRAM

Nú hagar svo heppilega til að útgáfudag Bændablaðsins ber upp á 16. nóvember, dag íslenskrar tungu. Því byrjar þátturinn á tveimur nýjum og ylvolgum vísum eftir skáldið og hagyrðinginn **Ingólf Ómar Ármannsson**. Hér eru ekki brúkaðir hortittirnir:

*Lyftir brá og lífgar sál,*
*léttir amstri þungu*
*við að heyra mergjað mál*
*mælt á frónska tungu.*

*Alltaf getur ornað mér*
*ylur bragaglóðar.*
*Feðratungan okkar er*
*arfur lands og þjóðar.*

Góðir hagyrðingar gera líka strangar kröfur hver til annars um rétta notkun bragreglna sem og vitræna orðnotkun og efnistök. Eitt sinn sat **Jóhannes Sigfússon**, bóndi á Gunnarsstöðum í Þistilfirði, pólitískan fund frambjóðenda austur þar. Hóflega hugsandi ræðumaður vildi skreyta ræðu sína með vísum, hugði það gefa erindi sínu meiri vigt. Jóhannes gerðist órór og gramur undir ræðu viðkomandi og orti:

*Íslenska stakan var allt í senn*
*óður trega og vona,*
*ég verð því hryggur meðan menn*
*misþyrma henni svona.*

Fjallandi um orðhaga og hagmælta, er öllum stundum hægt að orna sér og skemmta undir kveðskap **Orms** heitins **Ólafssonar.** Næstu 4 samstæðar vísur hans nefnir hann „spakmæli":

*Þannig speki þakka ber,*
*þar af allir lærið.*
*Getur jafnvel gagnast mér,*
*gríp því tækifærið.*

*Bætir líðan breyting sú*
*birtir í sálar-hreysi.*
*Áhyggjurnar eru nú*
*orðnar að kæruleysi.*

*Vafa spurning verður sú,*
*varnarmúr þótt reisi,*
*ef áhyggjurnar yrðu nú*
*út af kæruleysi.*

*Mætti vita maður hvur,*
*í minni festa betur.*
*Við einhverskonar áhyggjur*
*enginn losnað getur.*

Í nýútkominni ljóðabók **Davíðs Hjálmars Haraldssonar,** *Áttundu Davíðsbók*, er kafli sem sá bragfróði maður nefnir „Spökur". Þar er að finna margt spakmælið:

*Lukkan snýr sér líkt og sviptivindur,*
*með lopaþræði enginn hana bindur.*
*Hún tekur strikið, fer í ýmsar áttir*
*eins og rekir þú of margar kindur.*

*Gata þín er löng á lífsins fjall,*
*leiðin brött um hálan klett og stall,*
*á efsta tindinn örmagna þú nærð*
*og umbun þar að lokum bíður- fall.*

*Oft er bæði sambandsleysi og suð*
*í símanum er tengir þig við Guð*
*en þeir sem leggja leiðsluna í jörð*
*til Lúsífers fá þúsund volta stuð.*

Um Ásgeir Ásgeirsson forseta sjötugan orti **Grétar Fells**:

*Það sem átti að verða varð.*
*Vakir lengi í minni:*
*Þú hefur frægan gert vorn garð*
*með glæsimennsku þinni.*

**Helgi Björnsson** í Staðarhöfn orti:

*Að ef herjar öldurót*
*úti á skerjavöllum,*
*þungt er að berja boðum mót,*
*bátinn verja föllum.*



**Umsjón:**
**Árni Geirhjörtur Jónsson**
*kotabyggd1@gmail.com*

FRÉTTIR

## Hrútaskrá:

# Arfhreinn ARR-hrútur í fyrsta sinn á sæðingastöð

## – 17 lambhrútar í skránni og 14 þeirra arfblendnir með ARR


Hreinn 23-920 frá Þernunesi er fyrsti arfhreini ARR-hrúturinn á sæðingastöð. Mynd / Halla Eygló Sveinsdóttir

**Hrútaskrá 2023 -2024 er komin út á stafrænu formi. Hún er aðgengileg á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) og mun prentútgáfan vera væntanleg á allra næstu dögum.**

Að sögn Eyþórs Einarssonar, ráðunautar hjá RML, eru tímamót í þessari hrútaskrá að boðið er upp á 17 lambhrúta, þar af 14 arfblendna með ARR samsætuna sem er verndandi gegn riðuveiki og í fyrsta skipti arfhreinan ARR-hrút; Hrein 23-920 frá Þernunesi.

*Smitnæmir hrútar í hrútaskrá*

„Þá koma inn tveir lambhrútar sem bera breytileikann T137 og tveir nýir hrútar sem bera breytileikann C151. Auk þess er þar að finna fjölbreytt úrval nýrra og eldri hrúta sem standa fyrir mismunandi kosti,“ segir Eyþór.

Athygli vekur að í skránni er að finna fimm arfhreina hrúta með villigerðina ARQ/ARQ. Í nýrri skýrslu sérfræðingahóps sem skilað var til matvælaráðherra um aðgerðir gegn riðuveiki – þar sem gert er ráð fyrir að verkefnið verði nálgast með verndandi arfgerðum – er tiltekið að arfhreinar ARQ kindur séu næmar fyrir riðu og því ætti að stefna að fækkun arfbera ARQ samsætunnar.

„Já, við tökum inn örfáa hrúta með villigerðina núna. Flestir hrútarnir með villigerðina eru hrútar sem voru teknir inn í fyrra eða áður – leyfum þeim að deyja út,“ útskýrir Eyþór.

*Villigerð framvegis notuð í undantekningartilvikum*

„Fagráð í sauðfjárrækt lagði fram ræktunaráætlun í sumar varðandi innleiðingu verndandi arfgerða og setti þar upp markmið varðandi samsetningu á hrútaflota stöðvanna. Þar var miðað við að hlutdeild þeirra yrði ekki meiri en 35% af hrútakosti stöðvanna haustið 2023 og þannig er það nú. Það er risastökk frá því sem verið hefur. Eftir þetta ár verða svo aðeins teknir hrútar með villigerð í undantekningatilfellum. Við verðum að taka tillit til þess að úrvalið hefur ekki verið mikið fram til þessa af hrútum með verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir og því tökum við þetta í þessum skrefum. Markmiðið er að færa sig yfir í verndandi og mögulega verndandi hrúta en halda jafnframt uppi sem hæstum gæðastandard á hrútaflotanum. Held að lykillinn að því að fá bændur til að nota sæðingar sé að á stöðvunum sé úrval af frambærilegum gripum.

Bændur ættu að hafa það í huga, varðandi sæðingahrútana sem bera villigerðina, að nota þá fyrst og fremst á ær sem bera verndandi eða mögulega verndandi arfgerðir. Reyna þannig að rækta fram kostagripi sem búa yfir þoli gegn riðu,“ heldur Eyþór áfram.

Útgáfu hrútaskrár verður að vanda fylgt eftir með kynningarfundum víðs vegar um land.

Sjá nánar um hrútafundina á blaðsíðu. 42. */smh*

# Styrkur til hafrarannsókna

**Hafrarannsóknaverkefni sem Landbúnaðarháskóli Íslands (LbhÍ) tekur þátt í hefur hlotið milljón evra styrk úr NPA sjóðnum.**

Náttúruauðlindastofnun Finnlands (LUKE) fer fyrir verkefninu. Verkefnið heitir Oat Frontiers og snýr að rannsóknum á hafrarækt á norrænum jaðarsvæðum.

Markmiðið er að auka ræktun hafra á norðlægum slóðum með aðferðum plöntukynbóta. Að auki við LUKE og LbhÍ taka þátt háskólar, stofnanir og fyrirtæki í Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Írlandi sem starfa á sviði plöntukynbóta og landbúnaðarrannsókna. Ákveðið var að einblína á hafra þar sem neysla á þeim hefur aukist og plantan er harðgerð. NPA (Northern Periphery and Arctic Programme) er samvinnuverkefni sjö landa innan Evrópusambandsins, eða á áhrifasvæði þess, sem liggja nálægt heimskautsbaug. Sjóðurinn styrkir verkefni á jaðarsvæðum og er fjármagnaður að hluta til af Evrópusambandinu. */ÁL*


**Tilraunareitur með höfrum í Gunnarsholti 2023.** Mynd /HSH


Starfsfólk óskast

Við leitum að starfsfólki, körlum og/eða konum,til að bætast í hópinn.

Við getum bætt við okkur Blikksmiðum, vönum iðnaðarmönnum, eða öðrum laghentum einstaklingum og nemum.

Blikksmíði er skemmtilegt og þrifalegt starf sem hentar jafnt konum og körlum.

Áhugasamir hafa samband við Jóhannes Valgeirsson rekstrarstjóra hjá Blikkrás ehf. í síma 863-4003 eða á netfangið johannes@blikkras.is

BLIKKRÁS EHF
ÓSEYRI 16 • 603 AKUREYRI


## Útflutningur:

# Verðmæti hrossakjöts

**Útflutningsverðmæti hrossakjöts á fyrstu níu mánuðum ársins 2023 eru orðin hærri en útflutningstekjur ársins 2022.**

Árið 2022 nam útflutningur hrossakjöts rúmum 197 tonnum og voru útflutningstekjurnar tæpar 95 milljónir króna. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2023 hafa rúm 174 tonn af hrossakjöti verið flutt út fyrir tæpar 100 milljónir króna.

Munar þar töluverðu á hærra kílóaverði til Sviss sem var árið 2022 að meðaltali 1.376 kr/kg en er í ár að meðaltali 1.878 kr/kg að því er fram kemur í tölum Hagstofu Íslands.

Mikill munur er á uppgefnu verði fyrir hrossakjöt á tölunum en enginn greinamunur er þar gerður á skrokkhlutum, fellur allt nýtt eða fryst hrossakjöt undir sama tollskrárnúmerið.

Hrossakjöt er flutt í hverjum mánuði til Sviss en nemur þó minna en 20% af því magni sem flutt er út á ársgrundvelli. Verðmæti þeirra eru þó langhæst í samanburði við önnur útflutningslönd, eða ríflega 50% af útflutningstekjum hrossakjöts.

Stærstur hluti kjötsins hefur í ár farið til Kasakstan, eða um 30% af útflutningsmagni fyrstu níu mánuði ársins. Kasakstan kom nýtt inn á lista útflutningslanda árið 2022 en verðið þar er lágt í samanburði við önnur lönd, að meðaltali 224 krónur fyrir kíló í ár.

Auk Sviss og Kasakstan var umtalsvert magn af hrossakjöti sent til Hollands, Ítalíu og Japans í ár. Er meðalkílóverð til Hollands um 332 kr. en til Japans 811 kr.

Árið 2021 nam útflutningur tæpum 390 tonnum og voru útflutningstekjurnar rúmlega 130 milljón krónur. Þá fór um 10% útflutningsmagns til Rússlands.

Árið 2022 var rúm 20% af allri framleiðslu hrossakjöts útflutt en árið 2021 nam hlutfallið 48%. */ghp*

## Hrossakjötsútflutningur

### 2023 (9 mánuðir)

| Land | Magn (kg) | Hlutfall af heild | Verðmæti (kr) | Hlutfall af heild | Kílóverð (kr) |
|---|---|---|---|---|---|
| Holland | 69.288 | 39,7% | 22.965.750 | 23,0% | 331 |
| Ítalía | 21.250 | 12,2% | 8.318.330 | 8,3% | 391 |
| Japan | 2.859 | 1,6% | 2.319.871 | 2,3% | 811 |
| Kasakstan | 52.000 | 29,8% | 11.646.862 | 11,7% | 224 |
| Sviss | 29.027 | 16,6% | 54.500.485 | 54,6% | 1.878 |
| *Samtals* | *174.424* | | *99.751.298* | | |

### 2022 (12 mánuðir)

| Land | Magn (kg) | Hlutfall af heild | Verðmæti (kr) | Hlutfall af heild | Kílóverð |
|---|---|---|---|---|---|
| Belgía | 65.875 | 33,4% | 11.966.376 | 12,7% | 182 |
| Finnland | 23.652 | 12,0% | 8.131.766 | 8,6% | 344 |
| Holland | 6.710 | 3,4% | 2.282.541 | 2,4% | 340 |
| Japan | 11.712 | 5,9% | 9.627.454 | 10,2% | 822 |
| Kasakstan | 52.000 | 26,4% | 11.165.220 | 11,8% | 215 |
| Sviss | 37.260 | 18,9% | 51.263.606 | 54,3% | 1.376 |
| *Samtals* | *197.209* | | *94.436.963* | | *479* |

### 2021 (12 mánuðir)

| Land | Magn (kg) | Hlutfall af heild | Verðmæti (kr) | Hlutfall af heild | Kílóverð |
|---|---|---|---|---|---|
| Belgía | 6.230 | 1,6% | 1.625.050 | 1,2% | 261 |
| Holland | 141.075 | 36,2% | 28.986.547 | 22,2% | 205 |
| Ítalía | 5.675 | 1,5% | 3.263.771 | 2,5% | 575 |
| Japan | 7.218 | 1,9% | 6.465.345 | 5,0% | 896 |
| Rússland | 39.000 | 10,0% | 6.828.632 | 5,2% | 175 |
| Sviss | 42.768 | 11,0% | 53.562.123 | 41,0% | 1.252 |
| Þýskaland | 147.475 | 37,9% | 29.751.673 | 22,8% | 202 |
| *Samtals* | *389.441* | | *130.483.141* | | |

# Er allt tilbúið fyrir veturinn?




**N1**
**Vefverslun**
Skoðaðu úrvalið og skráðu þitt fyrirtæki








### Dimex kuldagalli

Vatteraður kuldagalli. Stórir brjóst- og hliðarvasar með rennilás. Símavasi og innri vasi með rennilás.

Litur: Svartur. Stærðir: XS–3XL.

### Combat AT Lanolin sprey, 400 ml

Einangrunar-/rakavarnar-/ryðvarnar- og ryðlosunarolía sem inniheldur lanolín (ullarfeiti – heimsins besta rakavörn).

### Cofra Odoacre kuldaskór

Cofra Odoacre kuldaskór, S3 WR CI HRO SRC kuldaskór með BOA system. Góðir kuldaskór með Thinsulate-fóðri. Fiberglass-táhetta, ABT-plata í sóla.









### Tegera vetrarhanskar

Nítrildýfðir vetrarhanskar með mjög góðu gripi. Þeir eru liprir og fóðraðir.

Litur: Svartur. Stærðir: 9-11.

### Dimex prjónahúfa

Svört prjónahúfa með endurskini.

### Frostlögur Mobil, 20 l

Rauður frostlögur með 5 ára endingu. Vörn gegn tæringu, ofhitnun og frosti.

### Verslanir N1 um land allt

**Akureyri** s. 440 1420 • **Blönduós** s. 440 1339 • **Húsavík** s. 440 1448
**Höfn** s. 478 1940 • **Ísafjörður** s. 456 3574 • **Klettagarðar** s. 440 1330
**Ólafsvík** s. 436 1581 • **Patreksfjörður** s. 456 1245 • **Reyðarfjörður** s. 474 1293
**Reykjanesbær** s. 421 4980 • **Vestmannaeyjar** s. 481 1127

**440 1000**  **n1.is**

N1 ALLA LEIÐ




Matvælaþing:

# Hringrásarhagkerfið og matvælastefnan

**Matvælaþing fór fram í Hörpu 15. nóvember. Meginstef þingsins var hringrásarhagkerfið, í samhengi við nýsamþykkta matvælastefnu til ársins 2040.**


Ladeja Godina Košir

Þetta er í annað skiptið sem haldið er matvælaþing en þar koma saman til skrafs og ráðagerða þær starfsgreinar sem koma að framleiðslu, vinnslu og dreifingu matvæla á Íslandi. Vettvangur skapast þannig fyrir samtal milli framleiðenda, neytenda og stjórnvalda um matvæli í hringrásarhagkerfinu. Tveir gestafyrirlesarar fluttu framsögur á matvælaþingi, annars vegar Ladeja Godina Košir, stofnandi og framkvæmdastjóri Circular Change-samtakanna í Slóveníu, og hins vegar Anne Pøhl Enevoldsen, sviðsstjóri hjá dönsku matvæla- og dýraeftirlitsstofnuninni. Þær fjölluðu um innleiðingu hringrásarhagkerfis í matvælaframleiðslu á alþjóðlega vísu. Košir fjallaði m.a. um að Slóvenía, með sínar tvær milljónir íbúa, væri að sumu leyti á pari við Ísland þegar kæmi að áherslunni á að byggja upp stöðugt, ábyrgt og sjálfbært matvælakerfi innanlands til að takast á við alþjóðlegar áskoranir. Slóvenía nýtti ekki til fullnustu efnahagslegar auðlindir sínar á skilvirkan og sjálfbæran hátt og landið ætti mikið inni, t.d. í frekari ræktun. Margt sé þó gert vel og t.a.m. hvetji yfirvöld veitingastaði og ferðamannaiðnaðinn til að forgangsraða staðbundnu hráefni á matseðla og neytendur séu fræddir um kosti þess að velja staðbundnar vörur. Íslendingar mættu, skv. Košir, leggja meiri áherslu á að ná hagsmunaaðilum í hringlaga hagkerfi, að leita eftir jafnvægi milli innlendra merkinga og umhverfismerkja, huga að frekari nýsköpun í t.d. sjávarútvegi, landbúnaði og fiskeldi og rannsaka hegðunarbreytingar í samfélaginu og taka tillit til þeirra, svo eitthvað sé nefnt.

Þá voru örfyrirlestrar og pallborð um afmörkuð efni, t.d. nýtingu hráefnis, kolefnisspor og sóun í matvælakeðjunni á Íslandi, framleiðslu sem styður við hringrásarhagkerfið og framtíð matvælaframleiðslu. Einnig um nýtingarhlutfall lambakjöts og aukaafurða, um nýtingu leifa, eflingu kornræktar, neysluhegðun og framtíðarmatvæli, svo eitthvað sé nefnt. */sá*




Greiðslumark mjólkur:

# Verður í sögulegu hámarki á næsta ári

**Heildargreiðslumark mjólkur verður í sögulegu hámarki á næsta ári samkvæmt nýlegri ákvörðun framkvæmdanefndar búvörusamninga.**

Er greiðslumarksmagnið aukið um 2,5 milljónir lítra, úr 149 milljónum í 151,5 og er aukningin 1,7 prósent miðað við núverandi greiðslumark.

„Þetta er í sjálfu sér jákvætt hvað það er mikil eftirspurn eftir okkar afurðum, það er víst nóg af neikvæðum fréttum úr greininni," segir Rafn Bergsson, formaður deildar nautgripabænda hjá Bændasamtökum Íslands, sem situr í framkvæmdanefnd búvörusamninga. „Þetta er auðvitað tilkomið að miklu leyti vegna fjölgunar ferðafólks hingað. Um leið og þetta eru gleðileg tíðindi í sjálfu sér mun þetta hafa þau áhrif að opinberar beingreiðslur á hvern lítra skerðast, miðað við þær forsendur sem eru í dag á þessum ríkisstuðningi."


Rafn Bergsson, formaður deildar nautgripabænda hjá BÍ. Mynd / ÁL

*Breytt staða á kvótamarkaði*

„Ég var svolítið forvitinn að sjá hvernig þessi síðasti kvótamarkaður færi því fram undir þetta hefur alltaf verið mun meiri eftirspurn eftir greiðslumarki en framboð. Það er greinilega breytt staða í greininni sem meðal annars sést á markaðnum. Þannig að tvo tilboðsmarkaði í röð hefur eftirspurn verið minni en framboð eftir greiðslumarki," heldur Rafn áfram.

„Fyrir því eru ýmsar ástæður. Líkur eru á að útjöfnun verði talsvert mikil þannig að bændur fá fullt afurðastöðvaverð fyrir stóran hluta af framleiðslu umfram greiðslumark. Svo eru þessi háu vaxtakjör í dag ekki til að hvetja til fjárfestingar. Greinilegt að við þessar aðstæður eru bændur ekki til í að borga jafnhátt verð fyrir greiðslumark og verið hefur – þannig að verðið fer lækkandi.

Bændur hafa greinilega lítið svigrúm til lántöku svo hægt sé að bæta við sig kvóta, greiðslubyrði er þegar þung."

*Aðgerðir – ekki fleiri umræðuhópa*

Að sögn Rafns sé það yfirleitt svo að bændur selji ekki greiðslumark nema þeir séu að hætta. „Þróunin frá því í fyrra hefur verið sú að æ fleiri nautgripabændur bregði búi, það bar talsvert á því í fyrra og ég held að það sé ekkert minna í ár þó ég hafi ekki tölur yfir það enn þá."

Rafn segir engin viðbrögð hafa borist frá stjórnvöldum enn við rekstrarvanda nautgripabænda og ákallinu um aðstoð. „Við bíðum enn átekta og ég á ekkert von á neinum viðbrögðum fyrr en starfshópur ráðuneytisstjóranna hefur skilað einhverju af sér. Það var eftir því tekið að þetta var ekki spretthópur, eins og myndaður var í fyrra – þó það hefði verið þörf fyrir einn slíkan núna. Ég tek undir orð Vigdísar Häsler, framkvæmdastjóra Bændasamtaka Íslands, sem höfð voru eftir henni um daginn, að nú væri þörf á aðgerðum en ekki fleiri umræðuhópum." */smh*

# Fagstaðlaráð í umhverfis- og loftslagsmálum

**Nýtt fagstaðlaráð hefur verið stofnað undir hatti Staðlaráðs Íslands. Það verður vettvangur hagsmunaaðila á Íslandi til að sinna stöðlun á sviði umhverfis- og loftslagsmála.**

Meginhlutverk þessa nýja fagstaðlaráðs verði að knýja fram nýsköpun og stöðlun á sviði umhverfismála, sjálfbærra starfshátta og aðgerða í loftslagsmálum, segir Haukur Logi Jóhannsson, ritari fagstaðlaráðsins. Það stefni að því að nota alþjóðlega viðurkennd og þekkt viðmið en einnig þróa nýja staðla og leiðbeiningar sem munu leggja grunn að grænna samfélagi með orkuskiptum, vistvænum samgöngum og tækni.

Þetta fagstaðlaráð hafi mikla þýðingu fyrir hagsmunaaðila sem vilji ná árangri í umhverfis- og loftslagsmálum, enda geti fagstaðlaráð haft mikil áhrif á þróun og framkvæmd stefnu, löggjafar og verklags. Á hinn bóginn virki staðlar ávallt til einföldunar á flóknum viðfangsefnum og geti auðveldað fyrirtækjum að draga úr losun eða vera umhverfisvænni á annan hátt.


Haukur Logi Jóhannsson.

*Staðlaráð ekki áberandi*

Haukur segir hinn almenna borgara verða sjaldnast varan við staðlagerð en njóti hins vegar ábatans, sem sé aukið öryggi, gæði og neytendavernd. Hið nýja fagstaðlaráð muni vinna í anda þeirra sem lengi hafa verið við lýði og beita aðferðafræði staðlagerðar við baráttuna við loftslagsbreytingar og önnur umhverfismál.

Vinna staðlaráðsins mun vera á byrjunarreit og verður eitt fyrsta verkefnið endurskoðun á staðli ÍST TS 92 um kolefnisjöfnun. Önnur verkefni séu á hugmyndastigi, en þar nefnir Haukur að skoðað hafi verið að gera sérstakan skógræktarstaðal, votlendisstaðal, landnotkunarstaðal, ásamt öðru sem lýtur að umhverfisstjórnun fyrirtækja.

Nú þegar séu önnur fagstaðlaráð á tilteknum fagsviðum. Þar megi nefna Byggingastaðlaráð, Rafstaðlaráð og Fagstaðlaráð í upplýsingatækni. Innan fagstaðlaráða eru svo starfandi tækninefndir sem vinna að stöðlun á tilteknum vandamálum. Haukur segir staðlaráð lögformlegan vettvang stöðlunar á Íslandi og eina aðilann sem geti gefið út skjöl sem kalla megi staðal.

*Staðlar skýrar leiðbeiningar*

Stöðlunarskjöl segi með berum orðum hvernig bera skuli sig að til að uppfylla kröfur. Þá sé hægt að fá óháðan aðila til að staðfesta aðgerðirnar. Það tryggi árangur, því eftirlit og eftirfylgni sé ríkt þegar kemur að stöðlum. Það sé enginn afsláttur gefinn á kröfum í stöðlum og þeim fylgi ávallt leiðbeiningar um hvernig uppfylla skuli þær. Þá sé hægt að gera staðla ýmist sértæka fyrir eina atvinnugrein eða almenna fyrir samfélagið í heild.

„Umhverfismál eru alþjóðleg og þá sérstaklega loftslagstengd málefni. Við þurfum að vera fullir þátttakendur, ekki síst þegar kemur að staðlagerð á alþjóðlegum vettvangi. Þar höfum við Íslendingar margt fram að færa og þetta nýja fagstaðlaráð mun taka fullan og virkan þátt í starfi alþjóðlegra tækninefnda og koma sínum sjónarmiðum áleiðis. Ég er þess fullviss að þetta nýja fagstaðlaráð muni flýta fyrir aðgerðum en að sama skapi tryggja gæði og áreiðanleika alls þess sem við gerum í þessum málaflokki," segir Haukur Logi. */ÁL*



# FALLEG, FRÆÐANDI OG FJÖLSKYLDUVÆN JÓLAGJÖF

## FUGLASPILIÐ Í JÓLAPAKKANN

Fuglaspilið er í anda spilsins "veiðimaður" þar sem markmiðið er að safna fjögurra spila samstæðum. Í stað hefðbundinna spila er spilað með íslenskar fuglategundir. Á spilunum eru upplýsingar nytjar og þjóðtrú tegundanna ásamt latínuheiti, búsvæðii og ætt. Spilið er hugsað til fróðleiks og skemmtunar. Fuglaspilið er til á Íslensku og ensku.

*52 spil - Stærð 15 x 10,5 cm*







## LITLA FUGLASPILIÐ Í JÓLAPAKKANN

Litla fuglaspilið er minni útgáfa af Fuglaspilinu en þá er spilað með samstæðuspil. Litla fuglaspilið er fyrir yngri aldurshópinn, einfaldari útgáfa þar sem einungis nöfn tegundanna er á spilinu með myndinni. Nöfnin eru á íslensku, ensku, pólsku og latínu í sama stokki.

*26 spil - Stærð 8 x 8 cm*







HESPA

**WWW.HESPA.IS**

**SÍMI 865 2910**

FRÉTTIR

### Garðyrkjuframleiðsla:

# Of mikið framboð var af innlendu blómkáli yfir of stuttan tíma

**Að undanförnu hafa heyrst raddir garðyrkjubænda sem ýmist ætla að hætta blómkálsræktun eða eru að íhuga það, meðal annars vegna erfiðleika við að koma afurðunum á markað. Gunnlaugur Karlsson, framkvæmdastjóri Sölufélags garðyrkjumanna (SFG), segir að óvenjulegar aðstæður hafi skapast í haust, þegar mest öll íslenska blómkálsuppskeran var tilbúin á svipuðum tíma.**


Gunnlaugur Karlsson, framkvæmdastjóri Sölufélags garðyrkjubænda.


Ekki tókst að koma öllu innlendu blómkáli á markað í haust. Mynd / smh

Á forsíðu Bændablaðsins á dögunum var viðtal við Ásmund Lárusson, garðyrkjubónda í Norðurgarði í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, sem sagðist ekki hafa komið nema hluta framleiðslunnar á markað í haust. Hann sæti uppi með talsvert tjón vegna geymsluskemmda. Sagði hann að kvótakerfi SFG gerði garðyrkjubændum með stutta framleiðslusögu, eins og honum sjálfum, erfitt fyrir að komast að með afurðir sínar.

***Innflutningur stöðvaðist síðar en venjulega***

Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir, sem nýlega keypti garðyrkjustöðina Mela á Flúðum, sagði sömuleiðis í nýlegu viðtali í Bændablaðinu að hún væri tvístígandi með framtíð útiræktunar hjá sér, vegna þess að hún krefðist mikils starfsmannafjölda og svo væri viðvarandi óvissa með að koma afurðunum á markað, meðal annars vegna veðurfars og innflutts grænmetis. Eins og raunin var í haust, vegna mikilla þurrka í sumar.

Halla sagði að bændur hafi búist við uppskeru síðar en venjulega sem hafi leitt til þess að innflutningur á blómkáli stöðvaðist síðar en æskilegt var. Hún hafði aukið við blómkálsræktunina frá fyrra ári til að svara eftirspurn, en hluti uppskeru hennar náði ekki á markað og skemmdist.

Gunnlaugur segir stóra málið með þessar tegundir, eins og blómkál og spergilkál, vera að þetta sé mjög stutt tímabil þar sem skorið er upp og þangað til sölutímabilinu er lokið.

„Þetta hefur verið að koma inn svona í enda júlí og ef allt gengur vel þá getum við verið með þessar afurðir á markaði í tvo til þrjá mánuði. Það sem gerðist þetta árið er að skilyrðin í vor voru mjög erfið, bæði maí og júní, sökum vætutíðar – og svo rignir ekkert á Flúðum og nágrenni í sex vikur þrátt fyrir stöðugar veðurspár um annað. Það er ljóst að þar sem svo mikið er undir veðri komið varðandi útiræktun grænmetis, eins og á Flúðasvæðinu, þá þurfa veðurspár að vera nákvæmari.

Svo gerist það að loksins rignir, en þessi þurrkatíð gerir það að verkum að allri uppskeru seinkaði mjög. Í lok sumars kallar markaðurinn mjög ákaft eftir þessum afurðum, en eins og gerðist núna þá hafði verið vöntun á vörunni og því var fyrir talsvert magn af innfluttu blómkáli til í verslunum á þessum tíma. Því tók það viku eða tíu daga fyrir söluna á íslenska kálinu að komast í gang og eftir það var salan frábær í haust og fram í miðjan október – og mjög gott verð fékkst fyrir það.“

***Góðar og slæmar fréttir***

Það eru góðu fréttirnar, að sögn Gunnlaugs. „Slæmu fréttirnar eru þær að þeir sem voru með mest alla sína uppskeru tilbúna á þessum tveimur vikum þegar salan fór í gang – og voru kannski ekki með góða kæla – þeir lentu einhverjir í tjóni. Því blómkálið geymist sérstaklega illa og þarf að komast hratt inn í verslanir.“

Varðandi þessi tilvik um garðyrkjubændur, sem ætli mögulega að hætta í útiræktun vegna vandræða við að koma afurðunum sínum á markað, segir Gunnlaugur að sérstakar aðstæður hafi skapast núna í lok sumars. „Oftast höfum við getað selt alla innlendu uppskeruna strax. Þetta er í raun eina árið í langan tíma þar sem var allt of mikið framboð þarna fyrstu vikuna og því var ekki pláss fyrir alla framleiðsluna sem þá var tilbúin.

Þegar svo stendur á, þá pöntum við bara inn það sem markaðurinn þarf og þá miðast forgangurinn við sölusögu bænda hjá Sölufélagi garðyrkjubænda síðustu þriggja ára,“ segir Gunnlaugur. Hann bætir við að örugglega megi deila um hvort það sé sanngjarnt fyrirkomulag að nýir framleiðendur – eða þeir sem hafa verið stutt í framleiðslu – njóti ekki jafnræðis á við aðra við að koma vörum sínum á markað. „Það getur verið afstætt hvað er sanngjarnt í þessu og stundum snýst þetta líka um verð – hvað bændur eru tilbúnir til að lækka sig í verði sem leiðir þá til forgangs.“

***Skipulag og umgjörð ræktunarinnar***

Hann segir að lögð sé áhersla á það við bændur að hugað sé vel að allri umgjörð ræktunar og skipulagningu, til dæmis hvort taka megi upp áður en mesta magnið kemur á markað.

„Ég held til dæmis að einhverjir þeirra sem gátu ekki selt allt sitt kál núna í haust hafi verið tilbúnir fyrr með sína uppskeru og hefðu getað farið fyrr af stað. Bændur þurfa líka að huga að því að gera það sem þeir geta þegar tíðarfarið er með þessum hætti, til dæmis að vökva sína garða og flýta þannig þroskaferli kálsins.“

***Aðrir áhrifaþættir en markaðssetningin***

Gunnlaugur segir að aðgengi að verslunum sé ekki eina ástæðan fyrir því að einhverjir bændur séu að íhuga að hætta útiræktun grænmetis. „Það eru aðrir þættir sem geta spilað þar inn í. Þetta er gríðarlega mannfrek ræktun og mikil vinna sem tengist henni. Það er forræktunin, útplöntun og almenn umhirða um plönturnar. Svo þarf sómasamlegt húsnæði að vera til staðar fyrir starfsfólkið, annars færðu ekki mannskap. Þannig að það er ekkert sjálfgefið að geta mannað þessi störf. Svo kemur að uppskerutíðinni, með þeirri óvissu sem fylgir þeirri árstíð. Eitt haustið fraus allt blómkálið til dæmis niðri í jarðveginum 4. september og svo er verðið alltaf ákveðin óvissa – þannig að það má búast við ýmsum áföllum í þessu og þessu fylgir ákveðin áhætta. Það er hins vegar mjög mikil eftirspurn eftir vörunni núna, við höfum í raun aldrei selt eins mikið blómkál og núna. Líklega var tvöföldun í veltu vegna framleiðslu og sölu á blómkáli núna á milli ára.

En launakostnaðurinn hefur aukist mjög mikið hjá garðyrkjubændum. Ef við skoðum síðustu tuttugu árin til dæmis þá hafa laun hækkað að meðaltali um 318 prósent en vísitala neysluverðs um 169 prósent á sama tíma. Það er ljóst að mannfrekar greinar finna mjög vel fyrir þessum breytingum. Það segir sig sjálft að það hefur myndast mjög mikill þrýstingur á allar framleiðslugreinar að ná að reka sig réttum megin við núllið þegar launakostnaðarhlutfallið hefur hækkað þetta mikið miðað við veltu. Bændur þurfa því að mæta þessari stöðu með því að rýna í þá möguleika sem eru til staðar til að mæta þessum aukna launakostnaði með einhverjum framleiðniaukandi aðgerðum; vélvæðingu og tæknilausnum til dæmis. Í sumum tilvikum er það mögulegt en öðrum er það ekki hægt.“

***Lítið geymsluþol blómkálsins***

Gunnlaugur bendir á að blómkálið sé sérstaklega erfitt að því leyti að það geymist ferskt í mjög stuttan tíma. „En við erum reyndar að vinna í ákveðnum lausnum til að lengja geymsluþolið. Til dæmis erum við að skoða geymslukör núna sem eru öndunarstýrð og eiga að gera okkur kleift að halda afurðunum ferskum í allt að fjórar til fimm vikur. Þegar við verðum komin með slíka tækni breytir það alveg möguleikum okkar til að stýra dreifingunni yfir mun lengra tímabil. Ef við svo getum lengt tímabilið í hinn endann líka um einhverjar tvær til þrjár vikur – með meiri vökvun og betra utanumhaldi bænda – þá erum við öll komin í ákjósanlega stöðu. Það þarf líka almennt að hugsa betur um garðana, með því að taka sýni úr jarðvegi, skiptiræktun og fleira mætti nefna.

Allt miðar þetta að því að ná betra jafnvægi í því að geta selt alla framleiðslu. Þetta hefur verið gert með gulræturnar sem hefur verið algjört bylting. Nú erum við að selja gulrætur alveg fram í maí, en áður var það í mesta lagi rétt fram yfir áramótin,“ heldur Gunnlaugur áfram.

„Þannig að við getum stýrt þessu betur og þurfum að læra af árum eins og þessu, þegar við lendum í því að geta ekki sett allt íslenska blómkálið á markað.

Við erum með frábæra matvöru í höndunum og frábæra ræktendur. En við eigum auðvitað inni talsvert í geymslutækni og í einhverjum þáttum ræktunarinnar – eins og til dæmis vökvun. Það er margt mjög jákvætt í útiræktun grænmetis að gerast og við höfum þrátt fyrir allt aldrei framleitt meira. En við getum enn bætt okkur í ýmsum tegundum – það vantar til dæmis meira íslenskt hvítkál inn á markaðinn svo ég nefni dæmi.“

*/smh*




# **Hrein** íslensk fæðubót **frá Eylíf**

*Eylíf vörurnar fást í öllum apótekum, Hagkaup, Krónunni, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum og Nettó*

*Ókeypis heimsending á eylif.is ef keypt er fyrir 7000 kr eða meira*



Már Guðnason

## Betri lífsgæði með Active JOINTS

Már Guðnason húsasmiður hefur starfað við álagsvinnu í gegnum árin. Nú þegar hann er kominn á eftirlaun hafa komið fram ýmis eftirköst erfiðisins. Már hefur fundið út að **Active JOINTS** frá Eylíf reynist vel til að bæta lífsgæðin. „Ég var alltaf í átaksvinnu, aðallega í virkjunum. Það hefur komið niður á líkamanum en ég hef verið sérstaklega slæmur í hálsinum. Ég vann lengi í járnabindingum og oft með mikil þyngsli í höndunum. Það reynir á skrokkinn og kemur fram þegar maður eldist," segir hann. „Ég var með mikla verki í hálsinum og átti erfitt með svefn. Ég hafði leitað til heimilislækna í einhver ár, en það eina sem ég fékk út úr því var að taka verkjalyf. Ég fór í nudd með litlum árangri, verkirnir versnuðu bara ef eitthvað var. Ég var síðan sendur í myndatöku og þá kom fram mikið slit í hálsliðum en því miður á svo vondum stað að ekkert er hægt að gera. Eina ráðið voru verkja- og gigtartöflur það sem eftir er, sem mér hugnaðist ekkert sérstakleg

Ég var með mikla verki í hálsinum og átti erfitt með svefn. Ég hafði leitað til heimilislækna í einhver ár, en það eina sem ég fékk út úr því var að taka verkjalyf.

## Núna get ég loksins sofið

„Ég sá auglýsingu frá Eylíf um **Active JOINTS** og hugsaði með mér að það væri nú allt í lagi að prófa þetta. Það var í mars 2020. Eftir fjórar vikur var ég farinn að finna fyrir að eitthvað var að breytast og eftir fjóra mánuði var ég orðinn töluvert betri. Ári seinna var ég hættur að finna fyrir verkjunum í hálsinum. Fyrir mér er þetta kraftaverk og lyginni líkast. Ég fékk nýtt líf. Engar verkjatöflur og mér gekk vel að sofna á kvöldin. Í rauninni er ég laus við verkina," segir Már, sem tekur þrjú hylki á dag og ætlar sannarlega að taka **Active JOINTS** frá Eylíf áfram.

## Active JOINTS styrkir beinin

Már var svo óheppinn að fótbrjóta sig og er viss um að **Active JOINTS** hafi hjálpað beinunum að gróa. Hann segist hafa spurst fyrir hjá Eylíf hvort það hentaði að taka **Acive JOINTS** á meðan beinin væru að gróa. „Mér var sagt að það væri mjög gott þar sem **Active JOINTS** styrkir beinin. Ég hélt því áfram að taka hylkin og er viss um að það hefur hjálpað þeim að gróa," segir hann. „Ég er bara virkilega ánægður með virknina í **Active JOINTS** og hef mikla trú á þessu fæðubótarefni enda eru innihaldsefnin kalkrík sem er nauðsynlegt fyrir viðhald beina. Einnig er C- og D3- vítamín í **Active JOINTS** frá Eylíf. Ég get ekki annað en mælt með vörunni," segir Már og bætir við að eiginkonan taki **Smoother SKIN & HAIR** og sé sömuleiðis mjög ánægð með þá vöru.

„Ég hef verið að benda vinum og kunningjum á **Active JOINTS** og veit að margir eru farnir að taka hylkin daglega enda gott fyrir liðina og beinin. Ég er ekki nægilega duglegur að fara í göngutúra þótt ég sé alltaf að hreyfa mig í allskonar stússi. Ég hef gaman af ýmiss konar viðhaldsvinnu og hef ágætis vinnuaðstöðu í bílskúrnum."

## Vörulínan frá Eylíf

Vörulínan Eylíf býður upp á fimm vörur, **Active JOINTS, Stronger BONES, Smoother SKIN & HAIR, Happier GUTS** og nýjasta varan er **Stronger LIVER**, allt vörur sem hafa reynst fólki vel.

Vörurnar eru unnar úr hreinum, íslenskum hráefnum, engum aukaefnum er bætt við og framleiðslan er á Grenivík.

„Vinsælasta varan er Active JOINTS sem inniheldur fjögur íslensk næringarefni og margra ára rannsóknir sýna fram á staðfesta virkni þeirra" segir Ólöf Rún. „Við vöndum til verka og sækjum í sjálfbærar auðlindir úr sjó og af landi. Við notum hreina, íslenska náttúruafurð, hrein hráefni sem eru framleidd af viðurkenndum íslenskum framleiðendum."

Íslensku hráefnin sem notuð eru í allar Eylíf vörurnar eru:

- Kalkþörungar frá Bíldudal
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Reykjanesbæ
- GeoSilica frá Hellisheiði
- Kollagen frá Grindavík
- Kítósan frá Siglufirði
- Íslenskar jurtir handtíndar frá fjölskyldufyrirtæki í Hafnarfirði

algalíf

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.



Ólafía Ingólfsdóttir

## Árangurinn eins og í lygasögu

Ég vann sem rekstrarstjóri og vann langar vaktir, var mikið á ferðinni og var orðin mjög slæm í hnénu að ég tók stundum hátt í 10 verkjatöflur á dag og svaf mjög slitrótt vegna verkja. Ég var á leiðinni í hnéliðskipti þegar ég byrjaði að taka **Active JOINTS** síðasta sumar. Ég sá auglýsingu með **Active JOINTS** og hugsaði með mér ég hef engu að tapa og ákvað að prófa **Active JOINTS** frá Eylíf. Það var alveg ótrúlega góður árangur sem ég fann fljótlega eða eftir ca 2-3 vikur. Í september þá var ég farin að sofa betur og var orðin það góð að ég þurfti ekki lengur að taka verkjatöflur alla daga. Einnig finn ég mikinn mun á mér og líður almennt mikið betur líkamlega og andlega. Núna fer ég í jóga og get gert allar æfingar sem ég gat aldrei gert áður. Mér finnst orðið svo auðvelt að hreyfa mig og núna get ég gengið um allt án vandræða, sem ég gat ekki gert áður. Ég finn svo mikinn mun á mér, mér líður svo miklu betur, ég hef miklu meiri liðleika sem eru mikil lífsgæði fyrir mig. Svo er gaman að segja frá því að það eru tíu manns í kringum mig sem eru einnig að taka inn **Active JOINTS** og finna líka mikinn mun á sér líkamlega til hins betra.

Þetta er það allra besta bætiefni sem ég hef tekið inn. Ég mæli 100% með **Active JOINTS** frá Eylíf. Þar sem ég hef fulla trú á virkni íslensku efnanna þá er einnig byrjuð að taka inn **Smoother SKIN & HAIR** frá Eylíf og finn strax mun hárinu því ég var búin að glíma við hárlos, og einnig á húðinni og nöglum.

**Ég mæli 100% með vörunum frá Eylíf.**
Ólafía Ingólfsdóttir.

**Hrein óerfðabreytt hráefni**
**Íslensk framleiðsla**
**Heilsan er dýrmætust**




EYLÍF

FRÉTTIR

## Loftslagssjóður:

# Rauðþörungar í fóðri gætu dregið mjög úr metanlosun nautgripa

## – Verkefni sem gengur út á að sannreyna 90% samdrátt hlýtur hámarksstyrk

**Iðragerjun nautgripa er aðalástæðan fyrir illu orðspori nautgriparæktar í loftslagslegu tilliti.**

Langmest af losun gróðurhúsalofttegunda nautgripa er úr meltingarfærum sem losna mest þegar gripirnir ropa við jórtur.

Nýlega var verkefni styrkt úr loftslagssjóði sem hefur þann tilgang að kanna áhrif íblöndunar rauðþörunga í fóður til verulegs samdráttar á þessari losun.

*Hliðarstraumar úr öðru sjóeldi nýttir*

Verkefnið heitir CircleFeed og hlaut styrk að fjárhæð 15 milljónir króna úr haustúthlutun Loftslagssjóðs, en það er samstarfsverkefni Bændasamtaka Íslands, Landbúnaðarháskóla Íslands og þörungafyrirtækjanna Lava Seaweed og Isea. Að sögn Þorvaldar Arnarssonar, verkefnastjóra hjá Bændasamtökum Íslands, er tilgangurinn að sannreyna hvort mögulegt sé að draga út metanlosun nautgripa hér á landi, svo sem gert hefur verið erlendis með prýðilegum árangri. „Niðurstöður erlendis frá benda eindregið til þess að mögulegt sé að ná allt að 90 prósent samdrætti í metanlosun hjarðdýra með því að blanda tiltekinni tegund rauðþörunga í kjarnfóður.“ Þorvaldur segir að rauðþörungarnir verði ræktaðir hjá Lava Seaweed í aðstöðu þess á Reykjanesi. „Affall HS Orku verður nýtt til að ná kjörhita við ræktunina, auk þess sem hlýr sjór úr sæsniglaeldi Sæbýlis og kaldur sjór úr laxeldi verður endurnýttur til ræktunarinnar.



Rauðþörungar gætu hjálpað mjög til að draga úr metanlosun nautgripa.



Þorvaldur Arnarsson, verkefnisstjóri hjá Bændasamtökum Íslands.

Þannig eru hliðarstraumar annarrar framleiðslu nýttir til að þörungar geti tekið upp þau næringarefni sem uppleyst eru í sjónum. Þarna munum við í raun notast við náttúrulegar aðstæður til að skapa okkar eigið hringrásarhagkerfi til ræktunar þörunganna. Affall eldisins er með næringarefnum sem þörungarnir sjúga til sín og þurfa þannig enga aðra fóðrun.“

Að sögn Þorvaldar munu svo þörungarnir verða þurrkaðir og unnir af Isea í Stykkishólmi áður en þeim er blandað í kjarnfóður. Landbúnaðarháskóli Íslands sér svo um að mæla metanlosun þeirra gripa sem valdir verða til verkefnisins, auk þess að annast efnagreiningar og aðra umsýslu.

„Ef við horfum til heildartalna í losun gróðurhúsalofttegunda frá landbúnaði þá liggur það fyrir að metanlosun nautgripa er langstærsti losunarvaldurinn. Ef okkur tekst að að nýta náttúrulegar aðstæður til þess að rækta náttúrulegt efni sem dregur umtalsvert úr metanlosun þá drögum við klárlega vagninn í átt til markmiða stjórnvalda um samdrátt. Þetta er virkilega spennandi verkefni,“ segir Þorvaldur. „Samkvæmt nýlegri skýrslu Eflu verkfræðistofu nemur metanlosun nautgripa hér á landi um 275 þúsund tonnum á ári, sem er næstum helmingur þess sem íslenski fiskveiðiflotinn losar. Það er því til mikils að vinna í þessu,“ bætir hann við.

Verkefninu verður hleypt af stokkunum í upphafi nýs árs og mun standa yfir allt árið. */smh*

# Nýr fagstjóri hjá RML

**Friðrik Már Sigurðsson hefur verið ráðinn til starfa hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML) sem fagstjóri á búfjárræktar- og þjónustusviði.**



Friðrik Már Sigurðsson.

Samkvæmt tilkynningu á vef RML verður Friðrik í hlutastarfi til áramóta, en síðan í fullu starfi. Aðalstarfsstöð hans verður á Hvammstanga.

Friðrik hefur háskólamenntun í búvísindum og er með MPM í verkefnastjórnun frá Háskólanum í Reykjavík.

Í tilkynningunni kemur fram að hann hafi víðtæka þekkingu á starfsumhverfi bænda, sé með fjölbreyttan bakgrunn og reynslu úr kennslu, stjórnsýslu, verkefnastjórnun og ráðgjöf. */smh*


Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali

FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN





**Til sölu jarðirnar Erpsstaðir og Þórólfsstaðir Dalabyggð.**

Fasteignamiðstöðin Hlíðasmára 17 Kópavogi sími 550 3000 er með til sölu jarðirnar Erpsstaðir og Þórólfsstaðir Dalabyggð.

Þar er í dag rekið myndarlegt kúabú þ.m.t. Rjómabúið Erpsstaðir, sem framleiðir ýmsar vörur úr kúamjólk ásamt ferðaþjónustu. Framleiðsluréttur í mjólk um 380 þúsund lítrar. Nautgripir um 210 á ýmsum aldri þar af um 70 mjólkurkýr.

Landstærð jarðanna er um 600 hektarar lands þar af um 100 hektarar ræktað land og megnið af því nýlega ræktað og eða endurræktað. Annað land er að mestu gróið beitarland í hlíðum Sauðafells. Erpsstaðir liggja að Miðá og eru veiðihlunnindi af veiði í ánni. Eigin kaldavatnsveita en hitaveita er frá borholu í nágrenni í eigu Rarik. Þriggjafasa rafmagn er á staðnum. Ljósleiðaritenging er til staðar. Húsakostur m.a. fjós frá 2008 og tvö íbúðarhús. Áhugaverðar jarðir í fullum rekstri.

**Nánari upplýsingar gefur Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali sími: 550-3000 og 892-6000 magnus@fasteignamidstodin.is**

fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is




Eftir áramót verða sex minkabú eftir í landinu, þar af fimm á Suðurlandi og eitt í Mosfellsdal. Mynd /smh

# Helmingsfækkun minka

**Stærsti minkabóndi landsins hættir búskap um áramótin. Hann segir átta ára taprekstur of langan tíma og framtíðarhorfur ekki góðar.**

Einar Eðvald Einarsson, minkabóndi á Syðra-Skörðugili í Skagafirði og formaður deildar loðdýrabænda hjá Bændasamtökum Íslands, segist ekki geta haldið áfram búrekstri. Hann rekur jafnframt minkabúið í Héraðsdal í Skagafirði í samvinnu við danska bændur, en saman eru þessi bú með 6.400 læður, sem er 45 prósent stofnsins í landinu. „Þar með verður enginn minkur á öllu Norðurlandi, Austurlandi og Vesturlandi,“ segir Einar.

Eftir áramót verði því sex minkabú eftir í landinu, þar af fimm á Suðurlandi og eitt í Mosfellsdal. Einar segir loðdýradeild BÍ halda áfram störfum svo lengi sem búgreinin verði í landinu.

*Kostnaður vaxi*

„Ég væri ekki að hætta ef ég hefði einhverja trú á framtíðinni,“ segir Einar, sem reiknar ekki með að ástandið lagist í bráð. „Kostnaðurinn við þessa framleiðslu vex og vex. Kostnaðaraukningin hjá mér á milli áranna 2022 og 2023 var í kringum 39 prósent á skinn.“ Þetta gangi ekki til lengdar þegar verðið sem fæst á uppboðum sé nálægt helmingi af kostnaðarverði og ekki seljist allur lagerinn.

Frá 2007 til 2015 voru mjög góð ár í minkaræktinni, en Einar segist alltaf hafa búist við því að verðið færi niður, enda sögulega séð alltaf þriggja til fjögurra ára niðursveiflur á milli uppgangsára. „Svo eru þetta orðin átta ár og þrátt fyrir að maður hafi unnið algjörlega launalaust og hagrætt út yfir gröf og dauða, þá er það ekki hægt endalaust,“ segir Einar.

Fyrstu fimm árin hafi verið viðráðanleg, en með hækkandi kostnaði á öllum sviðum, sérstaklega undanfarið ár, hafi grundvöllurinn endanlega brostið. „Vissulega gæti verðið hækkað á næsta ári en það þarf bæði mikla hækkun og langan góðæriskafla til að vinna upp töpuð ár.“

Einar segist ekki geta svarað því hvað taki við á Syðra-Skörðugili og Héraðsdal eftir þetta. Fyrst þurfi að leysa úr ótal flækjum sem komi upp þegar rekstur sem þessi sé stöðvaður. „Vonandi tekst að koma húsunum aftur í einhverja notkun, hvort sem það verður framleiðsla á einhverju eða geymsla.“

*Sunnlendingar halda áfram*

Bjarni Stefánsson, minkabóndi í Túni í Flóa, segist ætla að halda sínum búskap áfram. Hann hefur ekki heyrt til þess að aðrir minkabændur á Suðurlandinu hyggist bregða búi. Nú snúist reksturinn um að lifa af, rétt eins og í öðrum búgreinum.

Ástæðan fyrir því að hann vill halda áfram sé sú að framleiðslan á minkaskinnum á heimsvísu sé orðin minni en það sem verið er að selja þessi misserin. Lögmálið um framboð og eftirspurn ætti því að gefa vonir um verðhækkanir. Þá búi minkabændur á Suðurlandi við lægra fóðurverð en á Norðurlandi vegna lægri flutningskostnaðar, sem þýði aðrar rekstrarforsendur. */ÁL*

# SANY

# ÁREIÐANLEGAR
# VINNUVÉLAR



**FRÁ EINUM STÆRSTA FRAMLEIÐANDI Í HEIMI**

## BELTAGRÖFUR TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR



| SANY | ÞYNGD | ÁRGERÐ | NOTKUN |
|---|---|---|---|
| SY215C | 23.550 kg | 2020 | 3.030 vst. |

Engcon Rotortilt EC226 • EC-OIL Automatic quick coupler system • 3 skóflur Engcon • Smurkerfi SKF Olíumiðstöð

**Verð 18.300.000**
án vsk



| SANY | ÞYNGD | ÁRGERÐ | NOTKUN |
|---|---|---|---|
| SY135C | 15.000 kg | 2023 | 0 vst. |

Engcon Rotortilt EC214 • EC-OIL Automatic quick coupler system • 3 skóflur Engcon

**Verð 17.600.000**
án vsk



| SANY | ÞYNGD | ÁRGERÐ | NOTKUN |
|---|---|---|---|
| SY155U | 16.600 kg | 2021 | 0 vst. |

Engcon Rotortilt EC219 • EC-OIL Automatic quick coupler system • 3 skóflur Engcon

**Verð 17.900.000**
án vsk

## SMÁGRÖFUR TILBÚNAR TIL AFHENDINGAR



| SANY | ÞYNGD | ÁRGERÐ | NOTKUN |
|---|---|---|---|
| SY35U | 3.900 kg | 2019 | 23 vst. |

Hraðtengi • 3 skóflur 30,60,130 cm

**Verð 4.600.000**
án vsk



| SANY | ÞYNGD | ÁRGERÐ | NOTKUN |
|---|---|---|---|
| SY18C | 1.850 kg | 2023 | 0 vst. |

Hraðtengi • 3 skóflur 25,40,100 cm

**Verð 4.400.000**
án vsk



| SANY | ÞYNGD | ÁRGERÐ | NOTKUN |
|---|---|---|---|
| SY50U | 5.300 kg | 2023 | 0 vst. |

Hraðtengi • 3 skóflur 30,60,130 cm

**Verð 6.900.000**
án vsk



| SANY | ÞYNGD | ÁRGERÐ | NOTKUN |
|---|---|---|---|
| SY26U | 2.800 kg | 2022 | 0 vst. |

Hraðtengi • 3 skóflur 30,60,120 cm

**Verð 4.900.000**
án vsk

**Sany er einn stærsti vinnuvélaframleiðandi í heimi og þekkt fyrir endingu.**
Þess vegna leiðir Sany markaðinn með **5 ára** verksmiðjuábyrgð, eða sem jafngildir **10.000** vinnustundum.

**LEIÐANDI ÁBYRGÐ Á MARKAÐI** | **5 ÁR** OG/EÐA 10.000 VST

**ELFOSS EHF.** Skeifunni 17, 108 Reykjavík | elfoss@elfoss.is | **www.sany.is** | **Sími 893-4020**

NYTJAR HAFSINS

# Skaðræði kvótakerfisins

Kjartan Páll Sveinsson
kjartan.sveinsson@gmail.com






**Eitt dýrasta hráefnið í erlendum stórmörkuðum eru þorskhnakkar, „hook and line caught in Iceland“.** Mynd/ Aðsend

**Fyrsta grein laga um stjórn fiskveiða er svohljóðandi: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar.**

Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“

Markmið laganna eru sem sagt þríþætt: í fyrsta lagi eiga þau að stuðla að verndun nytjastofna í íslenskri lögsögu; í öðru lagi eiga þau að tryggja hagkvæmustu nýtingu fiskistofna; og í þriðja lagi eiga þau að tryggja byggðafestu og atvinnumöguleika í sjávarþorpum og brothættum byggðum. Allt eru þetta háleit markmið og göfug, en hvernig hefur íslenskum stjórnvöldum tekist til að fara eftir eigin lögum?

### *1. Verndun nytjastofna*

Fyrsti og mikilvægasti þátturinn (hinir tveir eru honum algjörlega háðir) er verndun nytjastofna. Á þessu sviði hefur kvótakerfið gjörsamlega brugðist.

Í besta falli hefur illa tekist til að vernda og byggja upp nytjastofna. Þrátt fyrir ítrekuð loforð yfir 40 ára tímabil um að þorskstofninn muni jafna sig og að ráðgjöf muni að lokum tvöfaldast, þá er sannleikurinn sá að aflamark þorsks er í dag 10% lægra en það var þegar kvótakerfinu var komið á 1984.

Í verstu tilvikunum hefur kvótakerfið hreinlega stuðlað að útrýmingarhættu. Humarveiðar eru nú bannaðar vegna þessa. Veiði á úthafsrækju hefur dregist saman um 90% frá 1994. Eftir að sandkoli var kvótasettur drógust veiðar á honum saman um 95%. Ráðgjöf í löngu hefur dregist saman um meira en 60% frá 2015 og 70% í keilu frá 2011. Þumalputtareglan virðist vera sú að þegar tegund er kvótasett hrynur stofninn.

Vistfræðilegur árangur af kvótakerfinu hefur því í besta falli verið minni en enginn og í versta falli stórskaðlegur. Það er ekki ein einasta fisktegund sem hefur náð sér almennilega á strik eftir kvótasetningu; flestar hafa hrunið. En hvað veldur? Svarið er flókið þar sem margir þættir fléttast saman, en í grunninn hefur kvótakerfið hyglt þeim sem valda mestum umhverfisskaða á kostnað umhverfisvænni veiða.

Rannsóknir hafa staðfest að þriðjungur þorsks, 24% ýsu og 10% ufsa fer stórskaddaður undir botntrollið þar sem þeir kremjast eða drepast. Eins hefur botntroll mikil áhrif á annað lífríki hafsins og þurrkar út hrygningarslóðir og uppeldisstöðvar fisks og skelfisks. Hafró – sem varla hefur tök á að meta stofnstærðir – horfir algjörlega framhjá skaðsemi togveiða.

### *2. Hagkvæm nýting fiskistofna*

Sægreifarnir og talsmenn þeirra þreytast seint á að básúna hagkvæmni íslenskra fiskveiða, að öllu jöfnu án rökstuðnings eða sönnunargagna. Stórar fullyrðingar um að íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið sé best og hagkvæmast í heimi eru látnar flakka án ábyrgðar. Ísland ku vera eina landið í Evrópu sem ekki greiðir með sjávarútvegi, en samt hefur enginn séð útreikningana sem sú staðhæfing byggir á.

Er það nokkur furða að 65% þjóðarinnar telja að íslenskur sjávarútvegur skapi verðmæti fyrir fáa og 68% telur hann spilltan, samkvæmt skoðanakönnun Félagsvísindastofnunar HÍ. Það gengur ekki til lengdar að slengja fram fullyrðingum án rökstuðnings og ætlast til þess að almenningur kokgleypi þær endalaust.

Eins er því látið ósvarað hvað átt er við með „hagkvæmni“. Yfirleitt eru kvótakóngarnir hér að vísa í eigin afkomu frekar en þjóðhagslega hagkvæmni. Eflaust er það rétt að margir útgerðarmenn græða bæði á tá og fingri, en stóra spurningin er hvort kvótakerfið sé heppilegasta kerfið til þess að hámarka ávinning fyrir íslensku þjóðina.

Fiskveiðiárið 2021/22 var meðalverð þorsks frá strandveiðum 337 kr/kg, en 271 kr/kg frá skuttogurum, munur upp á 24%. Þessi verðmunur endurspeglar það að krafan á alþjóðlegum mörkuðum um vistvænar og félagslega ábyrgar vörur verða æ háværari með hverju ári. Erlendir stórmarkaðir eru í auknum mæli farnir að merkja fiskinn sem þeir selja út frá veiðarfærum þar sem þorskur veiddur á krók er að öllu jöfnu verðmætari en sá sem veiddur er í troll. Það er erfitt að sjá hvernig það geti á nokkurn hátt verið þjóðhagslega hagkvæmara að fá lægra verð fyrir útflutningsvöru heldur en hærra.

### *3. Tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu*

Áhrif kvótakerfisins á þriðja þáttinn – að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu – eru óumdeild. Frjálst framsal aflaheimilda hefur skilið eftir sig sviðna jörð um allt land. Sum byggðarlög, eins og Reykjavík, Vestmannaeyjar og Eyjafjörður, hafa vissulega notið góðs af flutningum aflaheimilda á milli landshluta.

Mun fleiri bæjarfélög hafa þó upplifað það að fótunum hafi verið kippt undan þeim. Blóðtakan úr brothættum byggðum hefur verið linnulaus. Seinasta dæmið, þar sem 30 störfum var fyrirvaralaust skóflað út úr Seyðisfirði, er eingöngu einn kafli í langri sögu refskákar sægreifanna. Á fundinum „Samtal um sjávarútveg“ sem SFS hélt 11. mars 2020 sagði Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri SFS, að það að treysta byggðir í landinu sé „í sjálfu sér ekki sjálfstætt markmið, og mér finnst það að vissu leyti ósanngjörn umræða þegar þannig er talað að það sé á ábyrgð atvinnugreinarinnar að treysta byggð í landinu“. Reynslan sýnir að kvótakóngunum þykir lítið til byggðasjónarmiða koma. Störf og afkoma einstaklinga eru lítið annað en peð á taflborði þeirra.

### *Lög sem ekki ná markmiðum sínum*

Hvernig stendur á því að íslensk stjórnvöld þjösnast áfram með fiskveiðistjórnunarkerfi sem er ekki að ná markmiðum sínum? Hvernig getur það verið að niðurstaða Auðlindarinnar okkar, einnar stærstu og dýrustu nefndar í sögu íslenskrar stjórnsýslu, sé að viðhalda eigi aflamarkskerfinu á þeim forsendum að það hafi „aukið hagkvæmni og hagsæld“ og „dregið úr álagi á vistkerfið“ þegar hið gagnstæða blasir við?

Stóri skúrkurinn í þessu samhengi er frjálst framsal veiðiheimilda. Þó svo að úthlutun kvóta samkvæmt lögum mynda „ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum“, þá virðast sægreifarnir líta á sameign þjóðarinnar sem sína einkaeign. Hugmyndin um að einkavæðing sé eini grunnurinn sem hægt sé að byggja fiskveiðistjórnunarkerfi á er orðin að ófrávíkjanlegri kreddu sem hefur hrakið allar aðrar nálganir burt. Kerfið er því orðið of einsleitt og of fáir útgerðarflokkar sem rúmast innan þess. Einhæfni í hugmyndafræði og hugsunarhætti hefur leitt af sér kerfislæga einsleitni, sem hefur aftur leitt til þess að þrengt hefur verulega að útgerðarflokkum sem rúmast illa innan kerfis sem hvetur til samþjöppunar og vinnur markvisst gegn vistvænum og félagslega ábyrgum veiðiaðferðum.

Eins þarf að klippa á naflastrenginn milli stjórnsýslunnar og sægreifanna. Sú ákvörðun stjórnvalda að skipa fyrrverandi forstjóra HB Granda í lykilhlutverk innan Auðlindarinnar okkar er aðeins eitt dæmi þess hve djúpt áhrif kvótakónganna teygja sig inn í ákvarðanatöku og opinbera stefnumótun. Afleiðingarnar eru þær að stjórnsýslan tekur ítrekað galnar ákvarðanir á borð við aflvísisfrumvarpið, þar sem togveiðiflotanum var gefið enn meira svigrúm til þess að skrapa hafsbotninn.

Sníkjulífi sægreifanna á íslensku þjóðinni og auðlind hennar er viðhaldið af kvótakerfinu í núverandi mynd. Það er löngu orðið tímabært að stokka upp. Framtíð hafs og þjóðar er í húfi.

*Kjartan Sveinsson,*
*trillukarl og formaður*
*Strandveiðifélags Íslands.*




Við fjármögnum
landbúnaðartæki
Lykill
Fjármögnun

FRÉTTIR

### Ný nálgun gegn riðuveiki:

# Heimilt að hlífa gripum með verndandi arfgerðir og mögulega verndandi arfgerðir

## – Notkun á sæðingahrútum með verndandi arfgerðir og arfgerðagreiningar verði sauðfjárbændum að kostnaðarlausu

**Í nýrri skýrslu sérfræðingahóps eru lagðar til útfærslur á aðgerðum gegn riðuveiki í sauðfé, með nýrri nálgun og ræktun fjár með verndandi arfgerðir. Lögð er áhersla á að ekki verði hvikað frá niðurskurðarstefnunni en þó verði heimilt að undanskilja frá niðurskurði hjarða fé sem ber verndandi arfgerðir og einnig mögulega verndandi arfgerðir.**

Tiltekið er að þetta verði heimilt að því gefnu að smitvarnir séu strangar og ræktun miði að arfhreinum ARR arfgerðum.

Þá er gert ráð fyrir að notkun á sæðingahrútum sem bera verndandi arfgerð verði sauðfjáreigendum að kostnaðarlausu eða verulega niðurgreitt og arfgerðagreiningar sömuleiðis.

***Missmitnæmar samsætur***

Í skýrslunni er sérstaklega fjallað um hvernig arfgerð príon prótein gensins hafi afgerandi áhrif á smitnæmi kinda fyrir riðu. Af þeim sjö genasamsætum sem hafi fundist í fé á Íslandi, séu ARQ og VRQ sérstaklega næmar fyrir smiti – einkum þó VRQ. Aðrar samsætur eru taldar vera minna næmar, mögulega verndandi eða verndandi.

Til minna næmra samsæta teljast AHQ og N138 (AN138RQ). Til mögulega verndandi samsæta teljast samkvæmt skýrslunni C151 (AC151RQ) og T137 (AT137RQ), en ARR telst verndandi. Lagt er til að megináherslan verði á fjölgun ARR samsætunnar, en einnig að tíðni T137 verði aukin og að tíðni C151 verði viðhaldið í það minnsta.



Hrúturinn Gimsteinn frá Þernunesi var fyrsti gripurinn sem var greindur með samsætuna ARR á Íslandi í lok árs 2021. Í tillögum sérfræðingahópsins er lagt til að ræktun miði að arfhreinum ARR arfgerðum á Íslandi. Mynd / Eyþór

Í greinargerð um ARR segir að arfgerðir þar sem minnst önnur genasamsætan er ARR og hin genasamsætan er ekki VRQ, séu alþjóðlega viðurkenndar sem verndandi arfgerðir gegn riðuveiki. „Stefna ætti að fjölgun arfbera ARR og í fyllingu tímans arfhreinna ARR/ARR kinda eins og kostur er. Vegna mjög lágrar tíðni ARR samsætunnar í upphafi þarf að hafa áhrif vals fyrir ARR á erfðafjölbreytni og skyldleikarækt í stofninum í huga.“

***Landsáætlun um riðuveikilaust Ísland***

Svandís Svavarsdóttir matvælaráðherra skipaði hópinn í maí síðastliðnum sem skyldi vera yfirdýralækni og Matvælastofnun til ráðgjafar og felast í greiningu á núverandi stöðu, útfærslu á aðferðarfræði við ræktun fjár með verndandi arfgerðir og mat á breyttri nálgun aðgerða gegn riðuveiki.

Sérfræðingahópurinn leggur áherslu á að gefin verði út sameiginleg landsáætlun um riðuveikilaust Ísland innan tiltekins árafjölda. Áætlunin ætti að vera sameign matvælaráðuneytisins, Bændasamtaka Íslands og Matvælastofnunar. Athygli vekur að í áherslum hópsins er gert ráð fyrir að hvatafyrirkomulagi verði komið á með fjármögnun sæðisskammta úr hrútum sem bera verndandi arfgerð og mögulega verndandi arfgerðir þannig að notkun þeirra verði sauðfjáreigendum að kostnaðarlausu eða þeir verulega niðurgreiddir.

Í áherslum hópsins er einnig lagt til að hægt verði að fresta niðurskurði á smitnæmu fé í hjörðum þar sem riða er staðfest – ef hjarðirnar eru mikilvægar til varðveislu einstakra erfðaeiginleika sem tilefni er til að varðveita á landsvísu, svo sem forystufé, feldfé og þess háttar.

***Breytingar á reglum um hreinsun og fjárleysistíma***

Í tillögum hópsins er einnig gert ráð fyrir talsverðum breytingum á reglum um hreinsun í kjölfar tilfella um smit. Samhliða ræktun fjár sem er ónæmt fyrir riðusmitefninu minnki þörf á fullri upprætingu smitefnisins á riðubæ og þörf á löngum fjárleysistíma minnkar.

Engu að síður sé nauðsynlegt að fjarlægja efni og hluti sem innihalda einkum smitefni, þrífa, þvo og sótthreinsa til að lágmarka smitmagnið í húsum og umhverfi eftir niðurskurð.

Endurskoða ætti núverandi fyrirkomulag um víðtæka förgun innréttinga, efna og hluta auk tímalengdar fjárleysis, hvort tveggja leiðir til minnkunar fjárútláta.

Reglur um hreinsun þarfnist endurskoðunar, þannig að þær taki mið af nýlegum rannsóknum um viðloðun príóna. Endurskoða ætti einnig reglur um meðhöndlun og/eða nýtingu skíts, heyja og þess háttar.

***Ræktunaráætlun Fagráðs fær jákvæðar undirtektir***

Eyþór Einarsson, sauðfjárræktarráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, situr í Fagráði sauðfjárræktar. Honum líst vel á skýrsluna. „Hún er góð samantekt um sögu riðuveikinnar á Íslandi og um þær baráttuaðferðir sem hingað til hefur verið beitt, hverju þær hafa skilað og hvað er gert í öðrum löndum.

Ráðleggingarnar sem koma fram í henni varðandi framhaldið og hvernig sé hægt að nýta verndandi og mögulega verndandi arfgerðir eru í ágætu samræmi við það sem bæði rannsóknarhópur erlendra og innlendra aðila og bændur hafa lagt til. Sú ræktunaráætlun sem Fagráð í sauðfjárrækt hefur lagt fram fær þarna jákvæðar undirtektir. Vissulega koma líka fram sjónarmið um að fara þurfi varlega, en það er líka eðlilegt. Það þarf að vanda til verka hvernig hlutirnir verða útfærðir, þannig að þessi leið skili því að ná sigri í baráttu við riðuna og lækka allan kostnað í kringum þá baráttu. Mér sýnist að það sé að nást góður samhljómur milli allra aðila varðandi breytta nálgun. Ég er allavega bjartsýnn á framhaldið.“

***Horft til tillagna sauðfjárbænda***

Trausti Hjálmarsson, formaður deildar sauðfjárbænda hjá Bændasamtökum Íslands, segist mjög ánægður með að skýrslan skuli vera komin út. „Við sjáum ekki annað en að talsvert hafi verið horft til tillagna sauðfjárbænda í vinnu hópsins.

Nú er verkefnið fram undan vinna við landsáætlun um riðulaust Ísland eins og lagt er til í skýrslunni og þar er gert ráð fyrir samráði við bændur og sjáum við ekkert annað en að það eigi að vera jákvætt.

Það er heilmikil vinna fram undan og bændur munu ekki láta sitt eftir liggja í því verkefni.“

*/smh*

### Áhersluþættirnir sérfræðingahópsins

1. Að gefa út sameiginlega landsáætlun um riðuveikilaust Ísland innan tiltekins árafjölda, áætlunin ætti að vera sameign matvælaráðuneytisins, Bændasamtaka Íslands og Matvælastofnunar.
2. Að fjármagna arfgerðagreiningar sem falla undir landsáætlunina þannig að þær verði sauðfjáreigendum að kostnaðarlausu.
3. Að koma á hvatafyrirkomulagi með því að fjármagna sæðisskammta úr hrútum sem bera verndandi arfgerð og mögulega verndandi arfgerðir þannig að notkun þeirra verði sauðfjáreigendum að kostnaðarlausu eða þeir verulega niðurgreiddir og að notkun þeirra sé í samræmi við landsáætlunina.
4. Að koma á laggirnar „samstarfsbúum“ með því að semja við sauðfjárræktendur sem standa framarlega í ræktun á líflambasölusvæðum um að þeir rækti upp arfhreinar kindur sem bera verndandi arfgerð sem þeir selja til bænda um allt land í samræmi við landsáætlunina.
5. Að heimilt verði að undanskilja fé frá niðurskurði sem bera verndandi arfgerð og mögulega verndandi arfgerðir í hjörðum þar sem riða er staðfest „leið 2“, en þó ekki með VRQ (5.x) og að því gefnu að smitvarnir séu strangar og ræktun miði að arfhreinu ARR.
6. Að heimilt verði að fresta niðurskurði næms fjár í hjörðum þar sem riða er staðfest, í hjörðum sem eru mikilvægar til varðveislu einstakra erfðaeiginleika sem tilefni er til að varðveita á landsvísu, sem kölluð er„leið 2iii“ í skýrslunni, svo sem forystufé, feldfé og þess háttar. Þessi leið gefur kost á frestun niðurskurðar í allt að þrjú ár.
7. Að endurskoða markmið um upprætingu smitefnis á riðubæjum, kanna vægari kröfur um hreinsun og fjárleysi.
8. Að koma á fyrirkomulagi á reglulegri söfnun, sýnatöku og flutningi hræja af kindum og sláturúrgangi sem til falla á sauðfjárbúum landsins.




**Bændablaðið kemur næst út 30. nóvember**

limtrevirnet.is

# STÖÐLUÐ HÚS ÚR LÍMTRÉ OG STEINULLAR-EININGUM



**160 m² — 11.400.000 m.vsk.***

| | |
|---|---|
| Breidd 10,0m | Þakhalli 20° |
| Lengd 16,0m | 1 x Iðnaðarhurð 3,5 x 3,25m |
| Vegghæð 3,15m | 2 x Gönguhurðir |
| Mænishæð 4,97m | 2 x Gluggar |



**240 m² — 17.300.000 m.vsk.***

| | |
|---|---|
| Breidd 12,0m | Þakhalli 20° |
| Lengd 20,0m | 1 x Iðnaðarhurð 4,0x4,0m |
| Vegghæð 4,15m | 2 x Gönguhurðir |
| Mænishæð 6,33m | 2 x Gluggar |

- Aðaluppdrættir, sökkulteikningar og burðarvirki fylgja
- Festingar og efni til uppsetningar innifalið
- Útveggir og þak úr steinullareiningum
- Úrval lita á þak og veggi
- Íslensk framleiðsla

**HAFÐU SAMBAND**

Sími: 412 5350 Netfang: byggingar@limtrevirnet.is

*Tilboðsverð gilda til 31.12.2023 og miðast við snjóálagssvæði 2

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

Framúrskarandi fyrirtæki

ÍSLENSKT

FRÉTTASKÝRING

## Fæðuöryggi:

# Mikilvægi sjálfsaflahlutfalls

## – Hlutfall innlendra matvæla af neyslunni er minnkandi

**Hugtakið „fæðuöryggi“ hefur verið mikið til umræðu undanfarin misseri. Ef litið er á skilgreiningu Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna er fæðuöryggi á Íslandi með því besta sem gerist. Rof á aðfangakeðjum í kjölfar heimsfaraldursins og stríðsátaka minnti fólk á að fæðuöryggi Íslendinga býr við ýmsa veikleika, til að mynda ófullnægjandi sjálfsaflahlutfalli.**


**Ástvaldur Lárusson**
astvaldur@bondi.is



Þjóðaröryggi landa byggist m.a. á að borgararnir hafi tryggan aðgang að matvælum. Hér er gott fæðuöryggi og fæðusjálfstæðið mikið vegna umfangsmikilla fiskveiða, þó nánast allt sé flutt út. Sjálfsaflahlutfallið er þó ófullnægjandi þar sem huti af neyslu matvæla sem kemur frá innlendri framleiðslu fer lækkandi.
Teikning / Hlynur Gauti Sigurðsson

Lykilhugtak í þessu samhengi er fæðusjálfstæði (*e. food independency*), en samkvæmt skilgreiningu frá Jóhannesi Sveinbjörnssyni, dósent við Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ), er það „getan til að framleiða innanlands þá fæðu sem dugar til að uppfylla þarfir viðkomandi þjóðar“. Þá er sjálfsaflahlutfall (*e. food self suffiency, d. selvforsyning*) „tölulegt mat á fæðusjálfstæðinu, sem má reikna fyrir einstaka fæðuflokka eða vörur“.

Alþjóðlega skilgreiningin á fæðuöryggi er eftirfarandi: „[Það] er til staðar þegar allt fólk hefur ávallt raunverulegan og efnahagslegan aðgang að nægum, öruggum og næringarríkum matvælum til að uppfylla næringarþarfir sínar með frjálsu fæðuvali, til að geta lifað virku og heilsusamlegu lífi.“ Rétt er að rugla fæðuöryggi ekki við matvælaöryggi, sem á við hversu örugg fæða er til neyslu.

Jóhannes hefur unnið talsvert með þessi viðfangsefni. Árið 2021 ritstýrði hann, ásamt Erlu Sturludóttur, skýrslunni *Fæðuöryggi á Íslandi* fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Í framhaldi af því vann hann verkefnið *Aðgerðir til að auka fæðuöryggi Íslands – tillögur og greinargerð* fyrir matvælaráðuneytið, sem kom út árið 2022. Tilgangur síðarnefnda verkefnisins var að stjórnvöld hefðu það til hliðsjónar við mótun fæðuöryggisstefnu.

### *Fullkomið fæðusjálfstæði óraunhæft*

Í skýrslunni frá 2022 skrifar Jóhannes að efnaðar þjóðir eins og Ísland hafi val um að hve miklu leyti fæðuöryggi sé tryggt með innlendri framleiðslu eða með alþjóðlegum viðskiptum. Óraunhæft sé að stefna að fullkomnu fæðusjálfstæði – ekki einu sinni Norður-Kóreu hefur tekist að ná því markmiði.

Hann bendir á að raunsærri skilgreining á fæðusjálfstæði sé „hvort fæðuframleiðsla þjóðar nær að fullnægja reiknaðri fæðuþörf, burtséð frá því hvort þjóðin velur að selja hluta af hinni framleiddu fæðu og kaupa aðra fæðu í staðinn“. Þannig sé hægt að nýta kosti alþjóðaviðskipta, sem séu til að mynda sérhæfing og vöruúrval, á sama tíma sem fæðuöryggis borgaranna sé gætt þegar aðfangakeðjur rofni, svo sem vegna stríðs, faraldra og umhverfisslysa, og mögulegt sé að standa undir neyslunni með innlendum matvælum. Í tilviki Íslands gæti það verið með fiski sem annars hefði verið fluttur út.

Sé sjálfsaflahlutfall Íslendinga skoðað fyrir árin 2019 og 2009 sést að hlutfall innlendra matvæla af heildarneyslu hefur minnkað. Íslensk framleiðsla grænmetis sá fyrir 56 prósent neyslunnar árið 2009, en hafði minnkað niður í 43 prósent tíu árum síðar. Þá féll neysla á innlendu kjöti úr 98 prósent niður í 90 prósent á sama tíma.

Jóhannes tekur fram að helstu veikleikar fæðuframleiðslukerfis Íslendinga liggja í framleiðslu plöntuafurða. Þá séu helstu sóknarfærin til að auka fæðusjálfstæði í að efla kornrækt og innlenda grænmetisframleiðslu á meðan óraunhæft sé að fara í ræktun á hnetum, baunum og ávöxtum. Nú dekki innlend framleiðsla á korni til manneldis um eitt prósent af neyslunni. Í fyrirlestrum hefur Jóhannes tekið fram að fæðusjálfstæði verði helst eflt með því að stjórnvöld skapi góð skilyrði fyrir þær búgreinar sem á annað borð er raunhæft að stunda hérlendis.

### *Almennt gott fæðuöryggi*

„Frá degi til dags, þegar allt er venjulegt, þá er fæðuöryggi hérna mjög gott. Við höfum nóg úrval og framleiðum heilmikinn mat sjálf og getum flutt inn það sem við getum ekki framleitt,“ segir Jóhannes í samtali við Bændablaðið.

The Global Food Security Index (GFSI) er alþjóðleg vísitala þar sem löndum er raðað út frá hversu mikið fæðuöryggi borgarar þeirra búa við. Ísland er ekki á þeim lista sem Jóhannes telur skýrast af smæð landsins. Norðurlöndin séu þó öll frekar ofarlega og má áætla að Ísland myndi líka fá góða einkunn. Þegar veikleikar hvers lands séu hins vegar skoðaðir komi í ljós að á Norðurlöndunum er einn helsti veikleiki fæðuframboðsins sveiflukennd uppskera plöntuafurða. Leiða megi líkur að því að á Íslandi sé þetta jafnvel enn meiri veikleiki en á hinum Norðurlöndunum.

„Það hefur að gera með fábreytni á því sem við getum framleitt af plöntuafurðum og það eru miklar líkur á uppskerubresti í korni.“



Í norðurhluta Skandinavíu sé kornuppskera mjög óstöðug og Ísland standi verr að vígi í þeim hlutum. Á móti því komi góðar aðstæður til að framleiða dýraafurðir, eins og mjólk, kjöt, fisk og egg.

„Annar stór veikleiki er hversu háð við erum innfluttum aðföngum, þá sérstaklega eldsneyti og áburði en einnig fóðri og sáðvöru, ásamt ýmsum tólum og tækjum sem notuð eru við framleiðsluna. Framleiðslugreinarnar eru misháðar aðföngunum og áhrif af skorti á einhverjum þessara aðfanga eru því mismikil eftir greinum.“

***Möguleikar í grænmeti og kornrækt***

Í áðurnefndri skýrslu ritstýrði af Jóhannesi og Erlu Sturludóttur frá 2021 er bent á að helstu möguleikar Íslands til að auka sjálfsaflahlutfall séu að rækta meira grænmeti og að efla kornrækt. Hlutfall innlends grænmetis af neyslunni hafi hins vegar lækkað eins og kom fram hér að ofan. Bent er á að ef stefna stjórnvalda sé að vera með útiræktun á grænmeti þurfi að hlúa betur að bændum og koma í veg fyrir að innflutningur á viðkvæmum tegundum, eins og blómkáli, kaffæri innlenda framleiðslu á uppskerutíma.

Í ríkjum Evrópu og Ameríku séu víða góðar aðstæður til landbúnaðarframleiðslu og fjölbreytni í matvælaframleiðslu. ESB ýti sérstaklega undir mikla breidd í úrvali og ræktun. Þá sé minna flutt inn og út, en stefnan í þessum ríkjum sé að framleiða sem næst eigin þörfum, en offramleiðsla sé slæm fyrir markaðinn.

Svo gætum við horft á ríki eins og Ísland og Noreg sem eru með mikinn fiskútflutning en krefjandi aðstæður til fjölbreyttrar búvöruframleiðslu – þó möguleikarnir séu fyrir hendi. „Þessi lönd eru að færast í þá átt að flytja meira inn.“

Haldi þessi þróun áfram segir Jóhannes að við gætum nálgast fyrirkomulagið sem olíuríkin við Persaflóa búa við, þar sem sjálfsaflahlutfallið er lítið sem ekkert og fæðuöryggið byggist á innflutningi. Það stafi af því að aðstæður henti illa til matvælaframleiðslu á meðan olíuframleiðslan gefur mikinn gjaldeyri. „Þá hafa menn valið þann kost að flytja meira inn í staðinn fyrir að baslast við að framleiða sjálfir.“

Fæðusjálfstæði Íslands hafi minnkað á undanförnum árum. Ekki vegna skorts á náttúruauðlindum eða lélegra innviða, heldur vegna slæmrar afkomu bænda, á meðan lífskjör almennings eru að skána hefur skapast atgervisflótti úr greininni. Bændur hafi lítinn hvata til að auka fjölbreytni í framleiðslu og sé fátt gert til að standa vörð um að viðhalda besta landbúnaðarlandinu í landbúnaðarframleiðslu. Niðurstaðan er sú að landbúnaður verður undir í samkeppni um jarðnæði og mannauð.

Vegna hnattstöðu Íslands segir Jóhannes að við þurfum ekki bara gott akuryrkjuland, heldur besta akuryrkjulandið til að eiga kost á að rækta korn til manneldis í einhverju magni. Tryggja þurfi að landið falli ekki í aðra notkun ef stuðla skal að fæðuöryggi.

***53% sjálfsaflahlutfall hérlendis***

Norræna ráðherranefndin lét nýlega vinna skýrslu um eyþjóðirnar á Norðurlöndunum – Grænland, Ísland, Færeyjar, Borgundarhólm og Álandseyjar. Þar var reiknað út hversu stór hluti af neyslu matvæla kæmi frá innlendri framleiðslu og kemur þar fram að Ísland er með 53 prósent sjálfsaflahlutfall ef reiknað er út frá orku matvælanna. Jóhannes segir það í ágætu samræmi við skýrslu LbhÍ frá 2021.

Í skýrslunni frá Norrænu ráðherranefndinni er opinber stefna og umræða eyríkjanna fimm á Norðurlöndunum hvað varðar sjálfsaflahlutfall borin saman. Þar sést að Íslendingar halda umræðu um fæðusjálfstæði ekki á lofti, á meðan hugtakið er vel þekkt hjá nágrönnum okkar – fyrir utan Færeyjar.



**Aðstæður á Íslandi henta sérstaklega vel til grasræktar. Ein leið til að auka sjálfsaflahlutfall væri grasprótein- og graskögglaframleiðsla, en þá aukast notkunarmöguleikarnir og birgðasöfnun verður auðveldari.** Mynd / Odd Stefán

Álandseyjar eru með besta sjálfsaflahlutfallið, eða 59 prósent, á meðan Borgundarhólmur stendur verst með sex prósent. Á þessum lista er Ísland í öðru sæti.

Umfangshlutfall (*d. dækningsgrad*) matvælaframleiðslu allra eyríkjanna er minnst 100 prósent. Ísland, Grænland og Færeyjar eru öflug í útflutningi á fiskafurðum, en 98 til 99 prósent sjávarafurða framleidda á Íslandi fer í útflutning. Borgundarhólmur framleiðir mikið svínakjöt, á meðan á Álandseyjum er umframframleiðsla á grænmeti, korni og fiski flutt út.

***Möguleikar til að auka sjálfsaflahlutdeild***

Skýrsluhöfundar nefna nokkrar leiðir til að efla sjálfsaflahlutdeild. Í fyrsta lagi sé að auka grænmetisframleiðslu, en Ísland sé einstakt að því leyti að geta nýtt jarðvarma til hitunar gróðurhúsa. Framleiðsla á grænmeti með sjálfbærum orkugjöfum í jafnköldu loftslagi og er á Íslandi takmarki alla þörf á plöntuvarnarefnum, sem ætti að gefa möguleika á að selja íslenskt grænmeti sem hágæðavöru á erlendum mörkuðum.

Í öðru lagi hafi ferðaþjónustan aukið neyslu matvæla, á sama tíma sem ferðamenn vilji upplifa hefðbundna matargerð sem byggir á sjálfbærri framleiðslu. Það gefi mikla vaxtarmöguleika fyrir matvælaframleiðslu sem auki sjálfsaflahlutdeild.

Í þriðja lagi eru mikil tækifæri í aukningu á sjálfbærri orku. Nú séu Íslendingar háðir innflutningi á jarðefnaeldsneyti til véla á hafi og landi. Með því að skipta yfir í innlenda orkugjafa myndi þanþol alls kerfisins eflast. Jafnframt sé hægt að minnka þörfina á tilbúnum áburði með því að bæta nýtingu lífrænna áburðarefna.

Í fjórða lagi skipti máli að ræktarland sé varðveitt í skipulagi lands. Í fimmta lagi felist miklir vaxtarmöguleikar í hreinu umhverfi og heilnæmi íslenskra matvara. Neytendur horfi í auknum mæli til umhverfisþátta og gæða frekar en verðs matvæla. Ef aukin framleiðsla matvæla hérlendis miðast alfarið við útflutning myndi það skapa aukið umfangshlutfall en ekki stuðla að aukinni sjálfsaflahlutdeild.

Þá hvetja skýrsluhöfundar stjórnvöld til að kanna hvernig stuðningskerfi hafi áhrif á matvælaframleiðendur og möguleika þeirra til að aðlaga sína framleiðslu að breyttum kröfum neytenda.

Jafnframt er bent á að stjórnvöld ættu að lækka rafmagnskostnað grænmetisframleiðenda með því að bjóða þeim strauminn á verði stórnotenda. Nú séu stuðningsgreiðslur ylræktarinnar bundnar í potti sem takmarki alla möguleika grænmetisbænda á að stækka og minnki allan fyrirsjáanleika.

Enn fremur væri gott að uppfræða neytendur um að ákveðnar vörur séu árstíðabundnar og á sumum tímum árs þurfi að flytja matvörur um langan veg. Þetta geti leitt til þess að fleiri velji að kaupa staðbundna framleiðslu og sætti sig við að vöruúrvalið sé breytilegt.

***Áskoranir í aukningu sjálfsaflahlutdeildar***

Helstu hindranir í að efla sjálfsaflahlutdeild séu meðal annars ótryggur sölumarkaður sem komi í veg fyrir nýsköpun. Þó Íslendingar framleiði stóran hluta sinna matvara, þá eru innfluttar vörur oft ódýrari og keppa því íslenskir framleiðendur við alþjóðlegan markað.



**Helstu tækifærin til að efla sjálfsaflahlutdeild landsins liggja í aukinni grænmetisrækt.** Mynd / Odd Stefán

Skýrsluhöfundar benda á þá miklu áherslu sem hefur verið á að efla útflutning íslenskra matvara. Það geti hins vegar oft verið á kostnað innlenda markaðarins. Þar sem stjórnvöld séu svo upptekin af útflutningi stórra aðila, vilji minni aðilar oft gleymast sem komi í veg fyrir vöruþróun.

Þá er matvælaframleiðsla Íslands sérstaklega háð innfluttum aðföngum, helst eldsneyti, áburði, fóðri og fræjum. Þá sé nánast allur búnaður til framleiðslunnar innfluttur. Íslensk kornframleiðsla standi einungis undir fjórum prósentum af fóðurþörfum landbúnaðarins. Skýrsluhöfundar hvetja stjórnvöld til að sjá til þess að alltaf séu til einhverjar birgðir af nauðsynlegum varningi komi til þess að innflutningur stöðvist.

Aðrar áskoranir felist í takmörkuðum pólitískum stuðningi, efnahagslegum hvötum, háum launakostnaði og takmörkuðum aðgangi að hæfu vinnuafli.

***Styrkleikar í grasrækt***

Þá bendir Jóhannes á í samtali við Bændablaðið að aðstæður á Íslandi henti sérstaklega vel til grasræktar, en mikil daglengd á vaxtartíma stuðli að næringarríku heyi. Því geti grasköggla- eða graspróteinframleiðsla verið ein af þeim leiðum sem er hægt að fara til að auka sjálfsaflahlutfall – sérstaklega ef verksmiðjurnar eru knúnar með sjálfbærum innlendum orkugjöfum.

Graspróteinframleiðsla snúist um að draga próteinhlutann úr grasinu og nota sem alhliða fóður sem geti líka hentað svínum, á meðan graskögglar hafi mikla notkunarmöguleika fyrir jórturdýr, og einnig nokkra fyrir svín og hross. „Það eru möguleikar á að auka hlutdeild af grasi í fóðri og það væri mjög spennandi í samspili við aukna kornrækt.“

Þá geti graskögglar skipt mjög miklu máli ef til stendur að Ísland komi upp fóðurbirgðum, enda auðveldari í geymslu en ferskt hey. „Fæðuöryggi snýst að hluta til um að hafa einhverjar birgðir til að grípa til þegar illa árar, annaðhvort af náttúrunnar hendi eða af mannanna völdum.“



VIÐTAL

### Kúabúskapur:

# Reynir að standa þetta af sér

## – Helgi B. Steinsson, bóndi á Syðri-Bægisá, segist gera sitt besta til að þrauka í afleitu rekstrarumhverfi



**Steinunn Ásmundsdóttir**
steinunn@bondi.is



Fjósið á Syðri-Bægisá í Hörgársveit er 70 bása og var byggt frá grunni árið 2018. Í kjölfarið var bærinn valinn sem fyrirmyndarbýli Landssambands kúabænda árið 2019 og þá litið til árangurs í kynbótastarfi, almennrar bústjórnar og 70 gæðatengdra atriða. Myndir / Steinunn Ásmundsdóttir

**Syðri-Bægisá í Hörgársveit var fyrsta búið í landinu sem fékk fullt hús stiga í úttekt á fyrirmyndarbúi Landssambands kúabænda, árið 2019. Nú er bóndinn farinn að huga að kynslóðaskiptum.**

„Þetta eru 120 nautgripir í það heila núna, með nautum og kvígum, kýrnar eru rúmlega sextíu talsins og nautin um 18," segir Helgi B. Steinsson, bóndi á Syðri-Bægisá í Hörgársveit, þegar haft er samband við hann á gormánuði og hann inntur tíðinda. Hann keypti að sögn ekki mjólkurkvóta núna. „Það gekk ekki vel framan af að fá mjólkurkvóta en svo gekk vel í fyrra," segir hann og bætir við: „Lánakjörin eru bara ekki góð."

Hann segist ekki vera farinn að fullnýta fjósið, 70 bása fjós sem byggt var 2018 og er tæpir 1.000 m$^2$, en það fari að nálgast og hann stefni að fullri nýtingu. „Ég hefði nú ekki byggt þetta nema að hugsanlega taka dætur mínar, Jónína og Gunnþórunn, við – þær stefna á það. Jónína er í fjarnámi á Hvanneyri núna," hnýtir hann við.

Um nautaeldið og kynbótastarfið segir Helgi að alltaf sé verið að reyna að plana gripina sem best saman. „Það fór naut á Nautastöðina fyrir um mánuði. Við, ég og dæturnar, erum alltaf að pæla í þessum hlutum."

### *Alla hluti í lagi*

Syðri-Bægisá var valin fyrirmyndarbýli Landssambands kúabænda árið 2019. Við valið var litið til árangurs í kynbótastarfi, almennrar bústjórnar og úttektar á rúmlega 70 mismunandi atriðum tengdum búinu. Búið fékk fullt hús stiga. Helgi er spurður hvort hann hafi sérstakan metnað fyrir að hafa allt í hundrað prósent lagi hjá sér. „Tja, maður er nú bara alinn upp við þetta," segir hann og hlær. „Það var alltaf mjög mikil snyrtimennska – sérstaklega hjá foreldrum mínum báðum. Ég hef helst viljað hafa alla hluti í lagi. Flutti til dæmis ekki inn í fjósið fyrr en það var alveg búið. Það er þokkalega hreint og góð aðstaða. Við erum sátt við þetta."



Helgi B. Steinsson.

Helgi og kona hans, Ragnheiður M. Þorsteinsdóttir, tóku við búskapnum af foreldrum hans árið 1981, en þau tóku við af afa hans og ömmu sem keyptu jörðina 1918.

Hann segir uppbyggingu lokið að sinni í nautgriparæktinni. „Við erum hins vegar með gömul fjárhús og 200 kindur líka. Held það borgi sig nú ekki að byggja nýtt yfir það. Þetta er ekki að skila miklu. Maður fer kannski í að endurbæta húsin aðeins ef það væri fjármagn í það."



Þrifalegir kálfar gæða sér á gómsætri töðunni í fjósinu á Syðri-Bægisá.

### *Skilyrðin stórversnað*

Helgi segir rekstrarumhverfið í búskapnum hafa stórversnað á síðastliðnum tveimur árum. Hann finni verulega fyrir því.

„Lánakjörin þurfa sérstaklega að breytast. Og afurðaverðið þarf að vera hærra. Beingreiðslurnar verða æ lægri. Ætli þetta sé ekki sama krónutala og fyrir 20 árum eða þar um bil, allavega er hækkunin ekki mikil." Hann segist ekki viss um að neytandinn átti sig á kostnaðinum á bak við frumframleiðslu mjólkurvara. Ríkið verði að bregðast við með styrkjum á móti.

Helga líst illa á innflutning mjólkurtengdra afurða. „Þetta er bara óþarfi ef hægt er að framleiða þetta hér," segir hann og átelur í því sambandi harðlega ákvarðanir landbúnaðarráðherra árið 2017.

Hann minnist sömuleiðis á að bændaforystan hefði mátt beita sér kröftugar því síðustu búvörusamningar hafi ekki verið nógu góðir. „Þess vegna hefur nú ríkisframlagið lækkað hlutfallslega," segir hann. „Þau eru harðari núna en þau voru, það veitir ekkert af því.

Það hefur bara allt hækkað, alveg sama hvað það er; olían, kjarnfóður og áburður, sem er kannski að koma til baka eitthvað núna en það er ekki nema að hálfu leyti miðað við hvað var fyrir tveimur árum."

### *Horfir fram á kynslóðaskipti*

Um það hvort Helgi telji að hann muni standa þetta af sér segist hann ætla að reyna. „Maður verður bara að reyna, og maður hefur lítinn annan kost nema þá bara að hætta. Mér sýnist nú að kvótinn seljist ekkert heldur, hvort eð er."

Hann vonar að dæturnar taki við innan áratugar eða svo og er líklega einn af þeim heppnu sem sjá fyrir sér að ævistarfið gangi til næstu kynslóðar. „Ekki seinna, helst fyrr – upp á að ná nýliðunarstuðningi handa þeim. En svo veit maður aldrei, hlutirnir gerast hratt í nútímaþjóðfélagi. En maður á aldrei að segja aldrei," segir Helgi að lokum. */sá*



# ÁSKORANIR OG TÆKIFÆRI Í LANDBÚNAÐI

**10 ára afmælisráðstefna Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins**

**Fimmtudaginn 23. nóvember á Hótel Selfossi**

**Skráning á ráðstefnu og hátíðarkvöldverð fer fram á rml.is, með tölvupósti á rml@rml.is eða í síma 5165000.**

## Aðalsalur

### Kl. 10:00 – 12:15

- **Setning og ávörp**
- **Hlutverk búfjár í sjálfbærri matvælaframleiðslu**. Jude L. Chapper prófessor við Harper Adams University í Englandi
- **Kolefnisreiknivél – ESGreen tool**. Jens Bligaard framkvæmdastjóri hjá Seges í Danmörku

### Kl. 12:15 -13:00 Hádegishlé

### Kl. 13:00 – 15:15 Málstofa A

- **Hvað er með þessa gervigreind.** Hjálmar Gíslason nörd
- **Samfélagsmiðlar og landbúnaður**. Davíð Lúther Sigurðarson, markaðsmaður og gullfiskabóndi
- **Mikilvægi rekstrarupplýsinga í landbúnaði**. Runólfur Sigursveinsson ráðunautur hjá RML
- **Bylting í sauðfjárræktinni**. Eyþór Einarsson og Þórdís Þórarinsdóttir ráðunautar hjá RML
- **Íslensk nautgriparækt – bylting í farvatninu**. Guðmundur Jóhannesson ráðunautur hjá RML
- **Áskoranir í íslenskum landbúnaði í breyttri heimsmynd.** Jóhannes Sveinbjörnsson dósent við LBHÍ og bóndi að Heiðarbæ

### Kl. 13:00 – 15:15 Málstofa B

- **Prótein morgundagsins**. Margrét Geirsdóttir verkefnastjóri hjá Matís
- **Kartöflumygla – Mygluspá og mygluvarnir í hlýnandi veðurfari**. Helgi Jóhannesson ráðunautur hjá RML
- **Hvaða áherslur setjum við í jarðrækt**. Þórey Ólöf Gylfadóttir ráðunautur hjá RML
- **Hjálp ! Er ég að taka við góðu búi?** Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir garðyrkjubóndi, garðyrkjustöðinni Gróður og Óli Finnsson garðyrkjubóndi – garðyrkjustöðin Heiðmörk
- **Hvað er eiginlega loftslagsvænn landbúnaður**. Guðný Helga Björnsdóttir, bóndi á Bessastöðum
- **Hringrásarkerfi næringarefna – umhverfissóðaskapur**. Ísak Jökulsson, bóndi á Ósabakka á Skeiðum

### Kl. 15:15 Ráðstefnulok með léttum veitingum í boði RML

### Kl. 18:30 Fordrykkur fyrir kvöldverð

### Kl. 19:30 Hátíðarkvöldverður

**Veislustjóri Gísli Einarsson**

**Tónlistaratriði Eyþór Ingi Gunnlaugsson**

**Hótel Selfoss býður tilboð á gistingu vegna ráðstefnunnar**

Bókanir á **info@hotelselfoss.is** eða í síma **480 2500**

RML

MENNING

## Freyvangsleikhúsið:

# Bangsímon & Gríslingur í jólasveinaleit





Jóhanna Sigurbjörg Ingólfsdóttir.

**Áhugaleikhús Freyvangsmanna hefur nú sýningar á frumsýnda verkinu um hann Bangsímon og Grísling sem leita jólasveinanna.**

Er verkið frumsamið, en höfundur þess, leikstjóri og jafnframt formaður félagsins, hún Jóhanna Sigurbjörg Ingólfsdóttir, Jósý, leyfir okkur að forvitnast aðeins.

„Jú, það vildi til að okkur langaði að setja upp jólaleikrit þetta misserið og það kitlaði mig svolítið að reyna,“ segir Jósý brosandi. Ég hafði spreytt mig á að leikstýra Karíusi og Baktusi í fyrra um svipað leyti og ákvað því að taka til höndum, skrifa jólaleikrit, stutt barnaverk sem gæti glatt alla aldurshópa og úr varð þetta stykki um þá félaga Bangsímon og Grísling. Ég hef aðeins dundað mér við að skrifa og haft gaman af og þetta vatt bara upp á sig! Ég hafði nú áætlað að skrifa skemmtilegt lítið verk, en þetta eru alveg 70 mínútur auk þess sem fjögurra manna hljómsveit verður á sviðinu allan tímann.

Fjallar verkið um þá Bangsímon og Grísling sem eru mættir hingað til lands því þeir fréttu að á Íslandi hæfust við hvorki meira né minna en 13 jólasveinar. Þeir hefja leit sína að sveinunum uppi á fjöllum og hitta því alls kyns íslenskar verur. Þar má telja fornan íslenskan draug, álf af bestu gerð og auðvitað jólaköttinn – sem allir vísa þeim skilmerkilega til vegar.

„Svo þegar komin var beinagrind af verkinu þótti okkur í stjórninni ógurlega skemmtileg hugmynd að hafa með leikritinu frumsamda tónlist,“ segir Jósý hlæjandi.

„Ég hafði því samband við Eirík Bóasson nokkurn hér úr sveitinni – sem hefur samið tónlist í yfir 50 ár – og hann hélt það nú! Við gætum auðvitað samið tónlistina. Allar verur leikritsins eiga því sitt eigið lag, þökk sé honum Eiríki.

Textarnir eru annars eftir mig, að undanskildum texta Jóhannesar frá Kötlum um jólaköttinn, en ég fékk leyfi hjá stofnun Jóhannesar til að nota hann.“

Hljómsveitin sjálf samanstendur af nokkrum góðum mönnum úr sveitinni, á sviði standa sjö leikarar, búningahönnun og saumur er í höndum móður Jósýar, Guðnýjar Kristinsdóttur og leikmynd er eftir Guðrúnar Elvu Lárusdóttur.



Stjörnur verksins, þeir Bangsímon og Gríslingur, leiknir af þeim Sveini Brimari Jónssyni og Alexöndru Guðnýju Berglindi Haraldsdóttur.

Sveindís María Sveinsdóttir er svo Jósýar hægri hönd þannig að það má segja að um heljarinnar skemmtun sé að ræða, bæði fyrir augu og eyru.

Áætlað er að sýna fram að jólum, alla laugardaga og sunnudaga kl. 13. Frumsýning er 17. nóvember. Miða má finna á tix.is og í síma 857 5598.

*/SP*



Íslenski draugurinn, Hallur Örn Guðjónsson, ræðir hér við Bangsímon og Grísling sem vita vart hvort þeir eigi að koma eða fara.







Á myndunum sjáum við hluta leikarahópsins, þau Dagbjörtu Hjartardóttur, Guðbjart Þorvarðarson, Guðbjörn Ásgeirsson, Guðmund Jensson, Katrínu Hjartardóttur, Lísu Dögg Davíðsdóttur, Regínu Ösp Ásgeirsdóttur, Sólveigu Bláfeld Agnarsdóttur og Halldóru Unnarsdóttur leikstjóra, en hér er verið að græja sviðið og fara yfir texta.




## Leikfélagið Lauga:

# Bréf frá Önnu

**Leikfélagið Lauga á Snæfellsbæ, stendur nú fyrir æsilegri morðgátu sem bæði kitlar hláturtaugarnar og fær hárin til að rísa.**

Var leikfélagið endurreist í fyrra á stoðum Leikfélags Ólafsvíkur eins og frægt er orðið og muna glöggir lesendur eftir því að nafngiftin Lauga var til heiðurs Sigurlaugu Heiðrúnu Jóhannsdóttur heitinni, formanni Leikfélags Ólafsvíkur til margra ára.

Völdu leikhúsmenn að þessu sinni að fara alveg í öfuga átt við síðast, þegar gamanleikritið Sex í sama rúmi var sett í sýningu, og setja nú á svið „morðgátu“ sem þau staðfærðu og gerist í þeirra nærumhverfi á Snæfellsnesinu.

Leikstjóri að þessu sinni er Halldóra Unnarsdóttir en þetta er í fyrsta sinn sem hún tekur svona verkefni að sér. Nafn leikritsins er Bréf frá Önnu og er eins og áður sagði morðgáta en með glettnu ívafi.

Sýningar verða að þessu sinni í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík og áætlað er að sýna fjórar sýningar.

Svipað og í fyrra munu leikhúsgestir njóta hæfileika leikara sem sumir hafa aldrei farið á svið og annarra sem hafa mikla reynslu.

Þarna er frábær hópur á ferð sem hlakkar mikið til að taka á móti sýningargestum og valda þeim heilabrotum um hver morðinginn er ... alla sýninguna!

Frumsýning verður 17. nóvember önnur. sýning 18. nóvember, þriðja sýning 22. nóvember og sú fjórða áætluð þann 24. nóvember.

Miða er hægt að nálgast hjá þeim Sóleyju í síma 848 1505 og Nönnu í síma 865 7491 en miðaverð er 3.900 og posi á staðnum. Og nú er bara að skella sér á miða sem fyrst!

*/SP*

limtrevirnet.is

# ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Á LÍMTRÉ OG STEINULLAREININGUM

Hjá okkur færðu burðarvirki og klæðningar fyrir flestar byggingar













- Hesthús
- Iðnarhús
- Fjós
- Lagerhús
- Gagnaver
- Íþróttahús
- Fjárhús
- Geymslubil
- Flugskýli
- Verslanir
- Svínahús
- Fiskvinnsluhús
- Reiðhallir
- Geymslur
- Vélargeymslur
- Knatthús

**KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ**

Sími: 412 5350 Netfang: byggingar@limtrevirnet.is

LímtréVírnet

Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350 | Netfang: sala@limtrevirnet.is
Söluskrifstofur: Lynghálsi 2, 110 Reykjavík | Borgarbraut 74, 310 Borgarnesi

Framúrskarandi fyrirtæki

ÍSLENSKT

CE

Í DEIGLUNNI

## Hrunamannahreppur:
# Fjallafrúin gerir það gott

**Elín Jóna Traustadóttir á bænum Tungufelli í Hrunamannahreppi stofnaði fyrirtækið Fjallaspuni eftir að hún hreppti fyrstu verðlaun í nýsköpunarnámskeiði fyrir frumkvöðla í textíl á vegum evrópska rannsókna- og þróunarverkefnisins Centrinno sem hét Heldurðu þræði.**

„Ég hafði lofað sjálfri mér því að ef ég myndi vinna til verðlauna með hugmynd mína um kúrukoddann *VæruKær* myndi ég stofna fyrirtæki. Þetta var á haustdögum árið 2022 og um áramótin var ekkert annað að gera en að ganga í verkið," segir Elín Jóna.

Tungufell er síðasti bærinn áður en komið er inn á hálendið og því Þótti Elínu kjörið að vísa til þess í nafngift fyrirtækisins. „Fjallaspuni þótti mér við hæfi þar sem ég spinn vefi og spunahugtakið er oft notað í sambandi við ull og saumaskap. Meira í gríni en alvöru tók ég upp nafnið Fjallafrúin sem er einstaklingurinn á bak við þetta allt saman," segir hún.

### *Íslensk ull í tróð*

Elín Jóna segir að Fjallaspuni hafi verið um nokkur verkefni. *VæruKær* er verkefni þar sem íslensk ull er nýtt sem eins konar tróð í nokkrar vörur. „Aðalverkefnið núna er að finna út hvernig best er að vinna ullina en erfitt hefur reynst að fá aðstöðu og tæki til að gera það," segir Elín Jóna.

Vörurnar sem ullin er nýtt í eru *VæruKær* kúrukoddi til að sofa með í fanginu, *Hnoðri* ungbarnahreiður, en í hann saumar Elín Jóna einnig ullardýnu þar sem hún fær þæft efni frá fyrirtækinu Snoðbreiða á Þórshöfn og svo er það *Þófi*, sem er gæludýraból en í það endurnýtir hún gamlar lopapeysur og yfirdýnur.

### *Stal sænginni frá manni sínum*

Hugmyndina að kúrukoddanum *Værukær* fékk Elín Jóna í janúar 2022 þegar hún var búin að stela sænginni frá manninum sínum og vaknaði með hana í fanginu.

„Ég taldi að það hlyti að vera hægt að leysa þetta vandamál á einhvern máta," segir hún hlæjandi.

Elín Jóna segist leggja mikla áherslu á að nota vistvæn og náttúruleg efni í framleiðsluna eins og íslenska ullina og GOTS vottuð efni sem eru framleidd án eiturefna.



Kúrukoddinn Værukær frá Elínu Jónu.



Elín Jóna hefur meira en nóg að gera heima í Tungufelli við alls konar fjölbreytt og skemmtileg verkefni, sem hún hefur búið sér til sjálf. Myndir / Aðsendar

„Óskastaðan er að fjármagna vélakaup til að geta unnið ullina frá grunni, enda búum við maðurinn minn með kindur og ekki langt að sækja hana. Ég þarf að geta þvegið ullina og tætt og þá er hún í raun tilbúin í fyllingarnar. Kostur er að ullin þæfist við notkun og stefni ég á að geta tekið á móti fyllingum úr vörunum til að endurnýta ullina. Ég er búin að koma mér upp tækjum fyrir vel útbúna saumastofu þannig að ég er tilbúin í að hoppa af stað."

### *Handverkstorg.is og brúðarslör*

Fjallaspuni á og rekur einnig vefsíðuna Handverkstorg.is sem er sölusíða fyrir lista- og handverksfólk. Hægt er að leigja sér pláss inni á síðunni og setja upp sínar vörur og taka þannig þátt í markaðssetningu fyrir síðuna. Síðan hefur vaxið og dafnað og eru núna ellefu söluaðilar að selja sínar vörur á torginu.

„Hugsunin með síðunni er sú að auðvelda framboð á vörum sem fólk er að búa til og einnig að neytendur þurfi bara að fara á einn stað til að kaupa vörur beint af lista- og handverksfólki. Þarna er ég að sameina tvö helstu áhugamál mín sem eru saumaskapur og vefsíðugerð. Ég hef saumað alla mína tíð og árið 2001 stofnaði ég vörumerkið Brúðarslör.is sem er einnig starfandi undir Fjallaspuna. Þar sel ég sérsaumuð brúðarslör og sérmerkta hringapúða. Mér hefur alltaf fundist gaman að hanna hluti og búa til eitthvað fallegt. Ég hef unnið mikið í tæknigeiranum og þar á meðal við gerð heimasíðna og mér fannst kjörið að sameina alla þessa eiginleika og reyna að nýta þá til góðs fyrir aðra, " segir Elín Jóna. /MHH



Ýmsir möguleikar eru á framleiðslu umbúða úr lúpínu og þara.

## Nýsköpun:
# Umbúðir úr alaskalúpínu og þara

**Efnasmiðjan og Sedna Biopack vinna að þróun rakaþolinna matvælaumbúða sem brotna niður án þess að þurfa stýrða ferla.**

Áðurnefnd frumkvöðlafyrirtæki hafa fengið styrk úr Matvælasjóði til að móta blöndu þessara efna fyrir matvælaumbúðir í samstarfi við Matís og Sölufélag garðyrkjumanna. Verkefnið ber heitið LuLam wrap og miðar að því að þróa efnasamsetningu trefjaefnisins til að fá sem mestan styrk og rakavörn en einnig að búa til frumgerðir af matvælabökkum. Frá þessu er greint í fréttatilkynningu frá Matís.

Þar segir að auðvelt sé að móta efnið á ýmsa vegu og ná fram ásættanlegri vörn gegn raka. Því verði áhugavert að prófa það fyrir fleiri fæðuflokka, til dæmis niðursneitt álegg. Kröfur um álagsstyrk og rakavörn umbúða séu misjafnar á milli matvælaflokka og má hanna og stilla efnið sérstaklega fyrir ólíkar aðstæður.

Sjálfir bakkarnir eru þróaðir af Efnasmiðjunni, en á bakvið hana standa vöruhönnuðirnir Inga K. Guðlaugsdóttir og Elín S. Harðardóttir. Þær hafa framkvæmt ýmsar tilraunir með alaskalúpínuna allt frá árinu 2017. Inga hóf að vinna með lúpínuna í áfanga í Listaháskólanum. Í tilraunum hennar með rætur plöntunnar kom í ljós að hægt var að útbúa úr þeim hart trefjaefni, sem líkist mest MDF byggingarefni, með því að mauka og pressa ræturnar.

Lífplastfilman er úr smiðju Sedna Biopack sem rekið er af Sigríði Kristinsdóttur. Hún fékk áhuga á nýtingu og ræktun stórþörunga við Ísland fyrir þónokkrum árum. Þá hóf hún að þróa lífplastfilmur úr stórþörungum fyrir fjórum árum í meistaranámi sínu við Háskóla Íslands í umhverfis- og auðlindafræði. Mikil aukning hefur verið í rannsóknum á efnasamböndum í stórþörungum fyrir iðnað og jafnframt vakning á þessum vannýtta lífmassa við Ísland og víðar.

Gott aðgengi er að véltækum lúpínuökrum á Suðurlandi og af hundrað hektara akri væri hægt að vinna um níu milljónir af bökkum. Hægt er að vinna nokkuð sterkt trefjaefni úr plöntunni án þess að bæta aukaefnum í það. Það er vistvænt og brotnar fullkomlega niður í jarðgerð á frekar skömmum tíma.

/ÁL




Sveitarfélagið HORNAFJÖRÐUR
HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG Sveitarfélagið Hornafjörður

**Íbúafundir um sveitir framtíðar**

*Hvernig viljum við að byggð og innviðir þróist og hvernig stuðlum við að jafnvægi á milli nýtingar og verndar auðlinda?*

Bæjarstjórn býður til tveggja íbúafunda um mótun aðalskipulags fyrir dreifbýli Hornafjarðar.
Fyrri fundurinn verður **mánudaginn 27. nóvember** nk. kl. 17:00-19.30 í Hótel Vatnajökli. Síðari fundurinn verður **þriðjudaginn 28. nóvember** kl. 14:00-16:30 í Hofgarði. Boðið verður upp á hressingu.
Fundunum er ætlað að fá fram sjónarmið og hugmyndir íbúa um framtíðarsýn og áherslur í skipulagi sveitanna.
Sem upplegg að umræðum kynna skipulagsráðgjafar frá Alta greiningu og drög að meginmarkmiðum.
Allir sem hafa áhuga á framtíðarþróun sveitarfélagsins eru hvattir til að mæta!

Upplýsingar um endurskoðun aðalskipulags má finna á vefnum *www.hornafjordur.is/adalskipulag.*

*Í lok fundanna verður boði upp á umræður um fjárhagsáætlun sveitarfélagsins*



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is


Volkswagen Atvinnubílar
- sniðnir að þínum þörfum
Eigum allar gerðir atvinnubíla til afhendingar
Volkswagen Caddy Maxi
Verð frá: 4.890.000 kr.
Verð án vsk.: 3.943.548 kr.
Volkswagen ID.Buzz Cargo
Afmælisverð frá: 7.440.000 kr.
Verð án vsk.: 7.064.516 kr.
Volkswagen Transporter
Verð frá: 6.825.000 kr.
Verð án vsk.: 5.504.032 kr.
Volkswagen Amarok
Verð frá: 13.490.000 kr.
Verð án vsk.: 10.879.032 kr.
Volkswagen Crafter
Verð frá: 7.990.000 kr.
Verð án vsk.: 6.443.548 kr.
Fimm ára ábyrgð hjá Heklu
5
5 ára ábyrgð eða 200.000 km
- hvort sem kemur fyrr
8 Ára ábyrgð á rafhlöðum
Hekla
Laugavegi 174, 105 Reykjavík _ Sími 590 5000 _ www.hekla.is
Höldur Akureyri _ Bílasala Selfoss _ Bílakjarninn Reykjanesbæ _ BVA Egilsstöðum





Reitur 35 árin 1986 og 2018, land í 260 m h.y.s., í vestanverðri Skaftafellsheiði. Er reiturinn var settur niður og mældur 1980 var melur og grjót áberandi í yfirborði innan um mólendisbletti, 46 tegundir voru þá skráðar í reitnum, birki þar á meðal. Árið 2018 var landið orðið algróið og ungbirki áberandi, aðrar ríkjandi tegundir æðplantna voru bláberjalyng, krækilyng og sortulyng, 47 tegundir voru þá skráðar í reitnum. Reiturinn flokkaðist með aura- og víðimelareitum 1980 en mólendis- og kjarrskógarreitum 2018. Myndir / Kristbjörn Egilsson, Rannveig Thoroddsen

## Gróðurvistfræði:

# Miklar gróðurbreytingar í Skaftafelli

## – Gróðurframvinda rannsökuð allt frá árinu 1979

**Steinunn Ásmundsdóttir**
steinunn@bondi.is

**Rannsóknir á gróðurframvindu yfir rúmlega fjörutíu ára tímabil í Skaftafelli í Öræfum sýna m.a. að birki hafði aukist mikið og sömuleiðis þekja bláberjalyngs og krækilyngs. Tegundum fækkaði á landi undir 300 m h.y.s. en vísbendingar voru um að þeim fjölgaði í 450-650 m h.y.s.**

Í Skaftafelli í Öræfum hafa frá árinu 1979 staðið yfir rannsóknir á framvindu gróðurs. Þá var hafist handa við að setja þar niður fasta reiti og lauk því 1981. Reitirnir voru 53 að tölu, í 100 til 650 m h.y.s., framan við Skaftafellsjökul, í Skaftafellsheiði og Morsárdal, á ungum áraurum og jökulruðningi, hálfgrónum melum, í mólendi, birkikjarrlendi og deiglendi.

Markmið rannsóknanna var að efla þekkingu á gróðri í Skaftafelli og að fylgjast með breytingum í kjölfar þess að þar dró úr sauðfjárbeit eftir stofnun þjóðgarðs 1967 og að land var girt 1978.

> „Á næstu áratugum mun útbreiðsla birkis og skóglendis aukast í Skaftafelli á landi sem fær frið fyrir ágangi vatna. Líklegt er að alaskalúpína muni þar einnig margfalda útbreiðslu sína á aurum og í skriðurunnum hlíðum og gjörbreyta gróðurframvindu."
>
> *Gróðurbreytingar í Skaftafelli í kjölfar friðunar og hlýnandi veðurfars, 2022.*

Náttúrufræðistofnun Íslands gaf í samvinnu við Vatnajökulsþjóðgarðs út skýrsluna Gróðurbreytingar í Skaftafelli í kjölfar friðunar og hlýnandi veðurfars í fyrra. Höfundar hennar eru Borgþór Magnússon, Sigurður H. Magnússon, Kristbjörn Egilsson, Rannveig Thoroddsen, Járngerður Grétarsdóttir, Ingibjörg Eyþórsdóttir og Eyþór Einarsson heitinn.



Sigurður H. Magnússon.

### *Gróður breyst verulega*

„Miðað við rannsóknir á gróðurframvindu síðustu ára á landinu er fremur fátt sem kom okkur verulega á óvart í Skaftafelli," segir Sigurður H. Magnússon, fv. sérfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands, aðspurður um markverðustu niðurstöður skýrslunnar.

„Við bjuggumst t.d. við að gróður myndi almennt aukast við friðun og hlýnandi loftslag, einkum birkið. Einna áhugaverðast þótti okkur hins vegar hve gróður hafði sums staðar breyst mikið. Einkum átti það við um suma lúpínureitina í Morsárdal. Þar hafði sums staðar vaxið upp öflugur birkiskógur sem líktist orðið gamla birkiskóginum í Bæjarstað." Sigurður tekur fram að þarna hafði birki numið land áður en lúpínan kom til skjalanna.

„Þarna bætti lúpínan vaxtarskilyrði birkisins verulega sem óx mjög vel eftir að hún nam þar land. Hefði birkið ekki verið til staðar er líklegt að landnám birkis hefði orðið mun minna því fræplöntur birkis eiga mjög erfitt með að komast á legg í þéttum gróðri."

### *Tegundasamkeppni eykst við friðun*

Áhugavert þótti einnig að vísbendingar voru um að tegundum fækkaði á landi undir 300 m hæð yfir sjó en fjölgaði í þeim reitum sem hæst lágu (450–650 m). Sigurður segir það líklega stafa af því að við friðun aukist gróður sem valdi því og samkeppni tegunda aukist sem leiði til þess að smávaxnar tegundir hverfi fyrir þeim sem öflugri séu. „Land sem hærra liggur er yfirleitt verr gróið. Þar eykst gróður líka við friðun og hlýnandi loftslag en samt mun hægar. Því er eðlilegt að tegundum fjölgi þegar til skamms tíma er litið," segir hann.

Enn fremur þótti áhugavert, og kom talsvert á óvart að sögn Sigurðar, hve þekja krækilyngs og þó einkum bláberjalyngs jókst mikið á rannsóknartímanum, einkum í ljósi þess að þessar tegundir eru yfirleitt ekki mikið bitnar af sauðfé. „Við töldum það stafa af mikilli vetrarbeit á fyrri tíð sem hafi haldið þeim niðri en þessar lyngtegundir eru klónplöntur sem geta lifað lengi við erfiðar aðstæður en geta síðan vaxið út þegar skilyrði batna."

### *Hefur forspárgildi*

Þá vaknar spurning um hvaða þýðingu niðurstöðurnar hafi m.t.t. gróðurfars í landinu og hvort þær gefi vísbendingu um mögulega framvindu á fleiri svæðum.

„Ég held að niðurstöðurnar hafi allmikla þýðingu og forspárgildi um hvað gerist þegar land er friðað eða dregur verulega úr beit þar sem svipaðar aðstæður ráða," segir Sigurður og heldur áfram: „Það á einkum við um land sunnan Vatnajökuls en einnig svæði með tiltölulega hlýju loftslagi og ríkulegri úrkomu. Það má t.d. ætla að mjög svipaðar aðstæður séu í Þórsmörk og víðar á Suður- og Suðvesturlandi og á suðurfjörðum Austurlands.

> „Friðun lands fyrir sauðfjárbeit, eftir þunga nýtingu á síðustu öld, er talin höfuðorsök gróðurbreytinga í Skaftafelli frá um 1980 til 2018, en hlýnandi veðurfar á tímabilinu hefur vafalítið ýtt undir þær."
>
> *Gróðurbreytingar í Skaftafelli í kjölfar friðunar og hlýnandi veðurfars, 2022.*

Það er þó ljóst að það sem við höfum nú séð í Skaftafelli er aðeins byrjunin á löngu ferli. Hvert það leiðir fer mikið eftir hvort það hlýnar meira og hver landnýting verður. Þar ræður einnig miklu hvort lúpínan fær tóm til að nema ný lönd en hún er eins og kunnugt er alger vistkerfisbreytir (e. ecosystem transformer)," segir Sigurður jafnframt.

### *Baráttan við lúpínuna ekki töpuð*

Svo sem flestum mun kunnugt eru afar skiptar skoðanir um lúpínuna. Hún breytir gróður- og jarðvegsskilyrðum verulega og hefur þannig mótandi áhrif á framvindu. Sigurður segir lúpínuna áreiðanlega til góðs fyrir sumar lífverur en aðrar ekki. Ef menn ætli að nota lúpínu sé meginatriði að gera sér grein fyrir við hverju megi búast þegar til lengri tíma er litið. Hún á að hans mati a.m.k. ekki neitt erindi í þjóðgarða frekar en aðrar ágengar framandi tegundir.

Um það hvort baráttan við lúpínu í Skaftafelli sé töpuð segir Sigurður að hann telji hana ekki með öllu tapaða. „Henni verður þó varla eytt þar sem hún er nú og hún á vafalaust eftir að nema ný lönd. Hins vegar ætti að vera unnt að koma í veg fyrir að hún breiðist út um Skaftafellsheiðina og fjalllendið ofan hennar. Það er hins vegar algerlega komið undir vilja þeirra sem fara með stjórn þjóðgarðsins, stefnu þeirra og fjármagni.

Hvað varðar aðrar ágengar tegundir er að mínu mati mikilvægt að nýta þá reynslu sem fengist hefur af lúpínunni og fara aldrei með slíkar tegundir inn á svæði þar sem þeirra er ekki óskað."

Skýrsluna er að finna á vef Náttúrufræðistofnunar.

**VR óskar eftir orlofshúsum**

**VR óskar eftir vönduðum orlofshúsum eða íbúðum á leigu til framleigu fyrir félagsfólk sitt. Við leitum að húsnæði á landsbyggðinni fyrir næsta sumar.**

Áhugasöm sendi upplýsingar á **vr@vr.is** fyrir **10. desember 2023.** Nauðsynlegt er að góðar ljósmyndir og lýsing á umhverfi fylgi með.

**Öllum tilboðum verður svarað.**

**Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja tilboði:**

- Lýsing á eign og því sem henni fylgir
- Ástand eignar og staðsetning
- Stærð, fjöldi svefnplássa og byggingarár
- Lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta nágrenni

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | 510 1700 | WWW.VR.IS

VR


vfs.is
4932 4926 73
Milwaukee
Merry Christmas
Wera
VERKFÆRA-
JÓLADAGATÖL
SKANNAÐU
OG SKOÐAÐU
VERKFÆRA
SALAN
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is


MHG VERSLUN
Husqvarna
snjóblásarar - finndu kraftinn
Snjóblásari ST424T
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós,belti, rafstart.
Snjóblásari ST424
8,6 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.
Snjóblásari ST330
11,1 HP, vinnslubreidd 76cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.
Snjóblásari ST327
9 HP, vinnslubreidd 69cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, extra stór dekk, rafstart.
Snjóblásari ST224
7 HP, vinnslubreidd 61cm, hiti í handföngum, tveggja þrepa kerfi, framljós, rafstart.
Snjóblásari ST124
7 HP, vinnslubreidd 61cm.
MHG VERSLUN
Husqvarna
á Íslandi - allt til á lager
Traktor TC238T
Sláttutraktor - 18 hestöfl
Rider 320X AWD
Sláttutraktor - 20 hestöfl
RC320TS AWD
Sláttutraktor - 12.6 kW
FS400
Gólfsög
Sögunardýpt 16,2cm
K770
Steinsög
Sögunardýpt 12,5cm
K970
Steinsög
Sögunardýpt 15,5cm
K3600 MK II
Steinsög
Sögunardýpt 27cm
K7000
Steinsög / forsög
Sögunardýpt 14,5cm
550XP MKII
Keðjusög - 4,2 hestöfl
MHG VERSLUN | Þjónustuverkstæði og varahlutir
Víkurhvarf 8 | 203 Kópavogur | S 544 4656 | mhg.is

UTAN ÚR HEIMI

Umhverfismál:

# Gervihnettir þefa uppi metan

**Nú er verið að kortleggja urðunarsvæði heims sem losa metan, með aðstoð gervihnattamynda hollensku geimrannsóknastofnunarinnar (SRON). Global Methane Hub (GMH) í samvinnu við Google munu annast kortlagningu með hjálp gervigreindar.**

Urðunarstaðir eru sem kunnugt er drjúg uppspretta metangass, einkum ef þar eru í bland við annan úrgang matvæli og fleira lífrænt sem brotnar niður.

Metanlosun í andrúmsloftið er talin veruleg orsök yfirstandandi loftslagsvár og valda um 30% af hækkun hitastigs á jörðinni frá iðnbyltingu og þannig annar stærsti orsakavaldurinn á eftir koltvísýringi. Olíu- og gasvinnsla, landbúnaður og urðunarstaðir eru sagðar helstu uppsprettur gassins. Metanlosun frá urðunarstöðum er ekki sýnileg mannsauganu.



Gervihnöttur hollensku geimrannsóknastofnunarinnar fann þennan metanspúandi urðunarstað í Buenos Aires sem reyndist losa tugi tonna af metani á klst. með sambærilegum umhverfisáhrifum og 1,5 milljónir bíla. Mynd / SRON/PhysOrg/Google

*Rauð ský hangandi yfir*

Á vef fréttaþjónustu Aljazeera segir að GMH, sjálfseignarstofnun sem stuðlar að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, hafi skoðað myndir sem teknar voru með gervihnöttum af urðunarstöðum víða um heim. Sjá mátti rauð ský hangandi yfir urðunarstöðum í og við borgir, í til dæmis hinum indversku Múmbaí og Nýju-Delí, hinni pakistönsku Lahore, í Buenos Aires í Argentínu, Santíago í Chile og víðar. Ekki er óalgengt að eldar geisi á urðunarstöðum á þessum svæðum vegna gasmyndunar og mikinn reyk leggur jafnan af þeim, sem og eitraðar gufur. Vísindamenn SRON settu innrauðar myndavélar á gervihnetti og birti stofnunin fyrst rannsóknir sínar og gervihnattamyndir af urðunarstöðum í vísindatímaritinu Scientific Advances árið 2020. Þar kom í ljós að losun metans á borgarstigi væri 1,4 til 2,6 sinnum meiri en áætlað hafði verið.

Hugsanlega mætti nota sömu tækni til að leita uppi merki mikillar metanlosunar af öðrum toga, svo sem úr þiðnandi sífrera.


Gífurlegt magn af rusli og lífrænum leifum er urðað um heim allan.

*Kortið opnað á COP28*

Opna á kortið sem vefsíðu á COP28, loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem haldin verður í Dúbaí dagana 30. nóvember til 12. desember nk. Þar á að gera úttekt á stöðu alþjóðlegra skuldbindinga í kjölfar Parísarsamkomulagsins, loftslagssáttmálans frá 2015. Kortið gæti hvatt til þess að metani yrði enn frekar safnað á urðunarstöðum og jafnframt að gerð yrði gangskör að því að hætta að urða lífrænan úrgang. Tæplega 150 lönd hafa undirritað Global Methane-sáttmálann og skuldbinda sig með því til að draga kerfisbundið úr losun metans um 30 prósent fyrir árið 2030. Samningurinn undirstrikar nauðsyn þess að skrá og mæla slíka losun. /sá



Margir hafa áhyggjur af mögulega slæmum áhrifum hins mikið notaða efnis glýfosats og reynir framkvæmdastjórn ESB nú að finna flöt á að leyfa efnið í takmarkaðan tíma til viðbótar. Mynd / skjáskot

# Tekist á um leyfi til glýfosat-notkunar

**Glýfosat, tilbúið þrávirkt efnasamband sem mikið er notað í varnarefni/illgresiseyði í landbúnaði og garðyrkju, er með notkunarleyfi innan Evrópusambandsins fram til 15. desember nk.**

Í frétt sem birt er á vef ESB segir að nota megi efnið í illgresiseyði fram til miðs desember, með þeim fyrirvara að einstakar vörur sem innihalda glýfosat séu leyfðar af stjórnvöldum hvers ríkis að undangengnu öryggismati. Efnið er mjög öflugt og eru vaxandi áhyggjur af áhrifum þess á líffræðilegan fjölbreytileika og heilsu manna og dýra. Ísland er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og ber samkvæmt honum að innleiða reglugerðir Evrópusambandsins um varnarefni fyrir plöntur. Hérlend stjórnvöld hafa í Aðgerðaáætlun um notkun varnarefna 2016-2031 sett fram markmið um að draga úr notkun plöntuverndarvara til að vera á pari við samdrátt í glýfosat-notkun innan ESB-ríkja.

*Öndvert stefnu ESB um matvælakerfi*

Fyrir skömmu fór fram atkvæðagreiðsla aðildarríkja ESB um endurnýjun framkvæmdastjórnarinnar á leyfi til notkunar glýfosats innan sambandsins til 10 ára. Nokkur aðildarríkja sem sæti eiga í fastanefndinni um plöntur, dýr, matvæli og fóður (PAFF), þ.á m. Frakkland, sátu hjá í atkvæðagreiðslunni eftir langar tæknilegar umræður í Brussel. Austurríki, Lúxemborg og Króatía greiddu atkvæði gegn fyrirhugaðri framlengingu. Svo fór að hvorki var aukinn meirihluti með né á móti. Frakkar vildu að framlengt leyfi yrði til skemmri tíma en tíu ára og í greinargerð með atkvæði Króatíu sagði m.a. að hafa yrði varúðarregluna til hliðsjónar og taka mark á neikvæðri afstöðu hluta almennings til glýfosats. Auk þess gæti 10 ára leyfi vegið að trúverðugleika ESB-áætlunarinnar „Farm to Fork“ (Frá býli til gaffals) sem miðar að uppbyggingu sanngjarns, heilbrigðs og vistfræðilega ásættanlegs matvælakerfis án notkunar tilbúinna efnavara til plöntuverndar. Áfrýjunarnefnd tók tillöguna til endurskoðunar og stóð til að greiða atkvæði um hana að nýju nú um miðjan nóvember. Náist ekki meirihlutaákvörðun getur framkvæmdastjórnin tekið einhliða ákvörðun um framlenginguna.

*Margra ára átök um glýfosat*

Í sumar kom fregn frá ESB um að heildarmat European Food Safety Authority, EFSA, á áhrifum glýfosats á heilsu manna, dýra og umhverfis, hefði ekki leitt neitt það í ljós sem ylli sérstökum áhyggjum. Ekki væri t.d. hægt að sýna fram á með fyrirliggjandi gögnum að efnið væri krabbameinsvaldandi. Þó væri um einhverjar gagnaeyður að ræða í matinu, samkvæmt fréttinni, sem framkvæmdastjórn ESB og aðildarríkin hygðust taka til athugunar á næsta stigi endurnýjunar samþykktarferlisins um glýfosatnotkun innan Evrópusambandsins.

Glýfosat hefur verið til umræðu innan ESB allt frá árinu 2015. Í desember í fyrra var leyfi til notkunar þess framlengt um eitt ár. Einstök lönd og umhverfissamtök hafa reynt að draga úr notkun þess og fá það bannað og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin komst að þeirri niðurstöðu að efnasambandið væri „mögulega krabbameinsvaldandi fyrir menn“. /sá



PARHÚS TIL SÖLU
- einingar

VERÐ KR 75.000.000,-

- Húsið er parhús úr timbri, hvor íbúð er 130m²
- Þrjú svefnherbergi, eitt baðherbergi, þvottahús, stofa, eldhús og geymsla.
- Flutt til Íslands í einingum.
- Hvítar JKE eldhúsinnréttingar og fataskápar.
- Öll heimilistæki í eldhús og þvottahús frá Electrolux.
- Hvítar innihurðir og hvít loftaklæðning.
- Vandaðir álklæddir timburgluggar og hurðir fra Nordan.
- Gluggar og hurðir eru með þreföldu gleri.
- Einangrað með steinull, 390 mm í þaki og 240 mm í útveggjum.
- Pallaefni fylgir.



- Sænskt gæðaeiningahús tilbúið til flutnings.
- Seljandi getur haft milligöngu um smiði til að reisa húsið.
- Það tekur um 2 vikur að gera húsið tilbúið að utan.
- Aðaluppdrættir, burðarvirkis- og lagnateikningar (ekki rafmagn) fylgja.

Frekari upplýsingar í síma
664 5091 & 664 5090


**Hörgársveit - Dalvíkurlína 2, reiðleiðir og göngu- og hjólaleiðir - auglýsing aðalskipulagstillögu**

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum þann 31. október 2023 að vísa tillögu um breytingu á Aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024 vegna Dalvíkurlínu 2 ásamt breytingu á legu reiðleiða og göngu- og hjólaleiðar í auglýsingu skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í aðalskipulagstillögunni felst að Dalvíkurlína 2 ásamt helgunarsvæði hennar er færð inn í Aðalskipulag Hörgársveitar og jafnframt er lega reiðleiða og göngu- og hjólaleiðar uppfærð. Skipulagstillagan tekur til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021

Skipulagstillagan og umhverfismatsskýrsla eru aðgengilegar á sveitarskrifstofu Hörgársveitar, Þelamerkurskóla 604 Akureyri, milli 20. nóvember 2023 og 1. janúar 2024 sem og á heimasíðu sveitarfélagsins, www.horgarsveit.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugsemdir við skipulagstillöguna til 1. janúar 2024.

**Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast til Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.**
**Skipulags- og byggingarfulltrúi**

# Husqvarna®

**Husqvarna Trowel BG 245**
*Slípivél, Vinnslubreidd 60 cm*

**Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög**
*Sögunardýpt 19 cm*

**Husqvarna DM230 Kjarnaborvél**
*150 mm Max*

**HÁ verslun ehf tók við umboði Husqvarna byggingavörum á Íslandi þann 11. júní 2021.**

- Steinsagir
- Kjarnaborvélar
- Jarðvegsþjöppur
- Sagarblöð
- Kjarnaborar

**Husqvarna K770 14” Steinsög/Hellusög**
*Sögunardýpt 12,5 cm*

**Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa**
*97kg, 500 mm Plata*

**Husqvarna FS400 LV gólfsög**
*Sögunardýpt 16,2 cm*

**Husqvarna Rammer Hoppari LT6005**
*230mm Plata, 69 kg*

**Husqvarna K970**
*Sögunardýpt 15,5 cm*

**Þjónustuverkstæði og varahlutir**

**Husqvarna K4000 Steinsög**
*Sögunardýpt 12,5 cm*

**Husqvarna K3600 Vökvasög**
*Sögunardýpt 27 cm*

**Husqvarna K7000 Ring**
*Sögunardýpt 32,5 cm*

**Husqvarna K7000 Pre Cut**
*Sögunardýpt 14,5 cm*

HÁ VERSLUN

Víkurhvarfi 4 - 203 Kópavogur
Opið mán. - fös. kl. 8-17.
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

# Garðyrkja

## Heildarlausnir fyrir garðyrkjuna



**Allt frá fræjum til afurða**

Frjó umbúðasalan, hluti af Samhentum síðan 2016

Suðurhraun 4a, 210 Garðabæ, 5758000
www.samhentir.is sala@samhentir.is

Samhentir



Allir aðstandendur Syðra-Holts; Eiríkur, Inger, Alejandra, Tindur Eldjárn Ilmarsson, Vífill, Leto Bjartur Soher Vífilsson, Karítas Jökla Ilmardóttir og Ilmur Sól Eiríksdóttir.

Myndir / Syðra-Holt

## Syðra-Holt í Svarfaðardal:

# Sauðfjárrækt á forsendum ostagerðar

**Á félagsbúinu Syðra-Holti í Svarfaðardal er stundaður óvenjulegur blandaður búskapur. Útiræktað lífrænt vottað grænmeti hefur verið ræktað þar síðustu þrjú sumur og nú nýlega lífrænn sauðfjárbúskapur á forsendum mjólkurframleiðslu.**

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Fyrir ári síðan sögðum við hér í blaðinu frá bændunum Eiríki Gunnarssyni, Inger Steinsson, syni þeirra Vífli Eiríkssyni og Alejandra Soto Hernández, sem tóku við jörðinni í Syðra-Holti á árinu 2020 og hófu búskap. Þá sagði Eiríkur frá áætlunum um sauðfjárbú með 80 mjólkandi ær á bænum í þeim tilgangi að framleiða sauðamjólkurosta, auk þess að byggja upp lífræna grænmetisframleiðslu sem væri því sem næst sjálfbær.

### *Lífræn vottun*

Eiríkur segir nú að óhjákvæmilega hafi orðið seinkanir á þeirra áformum vegna þess hversu erfiðir tímar hafa verið til í fjárfestinga í landbúnaði. Þau hafi þó nýlega fest kaup á 20 gimbrum. Stefnt sé á að þær verði mjólkaðar í sumar og í kjölfarið verði byrjað á vöruþróun í ostagerð.

„Við erum ekki á pari við þá áætlun sem við lögðum af stað með, en höldum samt okkar striki í uppbyggingunni. Við höfum verið að standsetja húsakostinn, bæði undir sauðféð með þá lífrænu staðla sem þurfa að vera til staðar, en einnig innrétta húsnæði undir ostagerðina,“ segir hann.

### *Ætla að fá vottun líka fyrir súrkálið*

Félagsbúið er á sínu þriðja ári í útiræktun grænmetis og er með allt sitt land lífrænt vottað, alla ræktun sem og sauðfjárhaldið.

„Við höfum verið í vöruþróun með súrkál, sýrðar gulrætur og sýrðar radísur. Þótt hráefnið sé lífrænt þá höfum við ekki enn farið út í það að fá vottun á framleiðsluferlið en munum gera það þegar við erum komin með eigin aðstöðu fyrir framleiðsluna sem við vonumst til að verði fyrir næstu vertíð. Í fyrra var sumarið afleitt fyrir útiræktun. Í ár hins vegar fengum við fína uppskeru og stefnum að því að vera komin með sýrt grænmeti á markað innan skamms undir vörumerkinu Yrkja,“ segir Eiríkur.

### *Grænmeti í áskrift*

Grænmetisræktun í Syðra-Holti er tvíþætt. Annars vegar er það ræktun á hráefni fyrir sýrt grænmeti og hins vegar fjölbreytt ræktun fyrir sölu beint til neytenda. „Við erum með nokkrar tegundir af salati, ýmiss konar kál, gulrætur, fennel, beðju, blaðsellerí, ýmsar tegundir af lauk, kartöflur og talsvert fleira mætti nefna. Ástæðan er að við ákváðum að bjóða upp á áskrift núna í sumar. Þetta er nokkurs konar samfélagslandbúnaður *(e. community supported agriculture)* þar sem fólk skuldbindur sig til að kaupa vikulega kassa af grænmeti. Og það fer þá bara dálítið eftir því hvað er búið að uppskera – hvað er tilbúið í það skiptið – hvað verður í boði í kassanum. Í upphafi uppskerutímans getur þetta verið svolítið einhæft framboð en síðan eykst fjölbreytnin eftir því sem líður á sumarið. Sumt af þessu grænmeti sem við erum með er kannski ekki hráefni sem fólk er vant að nota í matargerð, eins og til dæmis fennel, en þá látum við fylgja hugmyndir að réttum sem fólk getur notað það í. Það á kannski sérstaklega við um hráefni sem þarf að elda.

Að mörgu leyti er þetta mjög hentugt fyrirkomulag. Bæði fyrir viðskiptavininn að fá alltaf það ferskasta úr uppskerunni en einnig er þetta mjög skilvirk leið fyrir okkur og stuðlar að minni sóun á afurðunum sem óhjákvæmilega verður þegar svona ferskvara fer í verslanir. Við höfum ekki sett neitt í verslanir enn þá af okkar vörum fyrir utan takmarkað upplag af súrkáli sem var selt í Brauðhúsinu í Grímsbæ.



Gimbrarnar þjálfaðar í að skila sér heim fyrir miðaftansbil.



Í Syðra-Holti voru grænmetismarkaðir haldnir í sumar á laugardögum.

Hins vegar höfum við verið með okkar eigin grænmetismarkað í sumar á laugardögum og gerðum svona smá viðburði úr þeim með uppákomum eins og tónleika, blómakransagerð og fleira.“

### *Fólk ánægt með ferska uppskeru*

Í sumar voru þau með takmarkaðan fjölda í grænmetisáskrift „Við vildum ekki hafa of marga í byrjun því við vildum vera viss um að geta framleitt það sem við þurftum svo það komust færri að en vildu. En núna langar okkur til að þróa þetta áfram með meiri framleiðslu og fá til okkar fleiri áskrifendur, enda höfum við fengið mjög góð viðbrögð við grænmetinu. Fólk fær þetta auðvitað svo ferskt. Fyrst og fremst eru þetta viðskiptavinir á Dalvík og Akureyri en einnig eru nágrannar okkar hér í sveitinni fastakúnnar og svo sendum við nokkra kassa suður líka.

Við lögðum svo sem ekkert mikið í kynninguna á þessu fyrirkomulagi, settum tilkynningu inn á Facebook og fengum þaðan það sem við lögðum upp með.“

### *Gimbrar frá Gunnarsstöðum*

Eiríkur segir að gimbrarnar 20 hafi verið keyptar frá Gunnarsstöðum í Þistilfirði, auk þess sem keyptur var hrútur innansveitar frá Hrafnsstöðum með ARR-arfgerð, hina alþjóðlega viðurkenndu verndandi arfgerð gegn riðu. „Planið er svo að kaupa aðrar 20 á næsta ári og fjölga svo út frá þessum í okkar eigin ræktun þannig að við verðum með um 80 mjólkandi ær. Kjötframleiðsla verður þá hliðarafurð. Í ræktunarstarfinu verður þá auðvitað fyrst og fremst horft til mjólkurlagni og geðslags – sem skiptir miklu máli líka. Þær þurfa auðvitað að sætta sig við að vera mjólkaðar og það er ekki sjálfgefið,“ segir Eiríkur, sem er búfræðingur og útskrifaðist sem slíkur árið 1986 og hefur að undanförnu verið að dusta rykið af fræðunum. „Ég hef lítið komið nálægt búfjárhaldi síðan ég útskrifaðist. En ég leita til vina og nágranna um ráð og leiðsögn, bý vel að því að eiga góða granna.

Við munum byrja að taka lömbin frá mæðrum sínum sex til átta vikna gömul og svo er mjaltatímabilið um þrír mánuðir; kannski frá byrjun júlí og út september.“

### *Hringrás næringarefna*

Önnur hliðarafurð úr sauðfjárbúskapnum er sauðataðið sem verður að sögn Eiríks mikilvægt hráefni inn í moltuframleiðsluna á bænum sem er hluti af hringrásarhagkerfinu sem stefnt sé að. „Við sjáum fyrir okkur að moltan muni sjá endurræktunarhluta útiræktunarinnar fyrir öllum áburðarefnum sem þörf er á.“

Í september á síðasta ári fengu bændurnir í Syðra-Holti einmitt þróunarstyrk úr matvælaráðuneytinu fyrir verkefnið Nýting lífrænna áburðarefna úr nærsamfélaginu í lífræna garðyrkju. Eiríkur segir að enn sé verið að vinna í því verkefni.

„Þetta hefur verið lærdómsríkt verkefni og við höfum komist að því að ýmsir möguleikar eru á betri nýtingu á þeim lífræna úrgangi sem



Frá opnum degi fyrir áskrifendur og áhugasama með leiðsögn um ræktunina.

víða fellur til í sveitum. Þetta er í raun vannýtt auðlind. Ég nefni hrossatað sem dæmi.

Við þekkjum það líka frá bændum á Norðurlöndum sem eru í svipaðri stöðu og við að þar er mikil hefð fyrir að nýta allt lífrænt hráefni miklu betur en gert er hér. Þar er reyndar ýmislegt annað sem er komið lengra í lífrænum búskap en hér, til dæmis allur faglegur stuðningur. Ef það brýst út einhver skordýraplága til dæmis í Svíþjóð hjá lífrænum bændum eru strax gefnar út leiðbeiningar um hvernig skuli takast á við hana."

*Vöruþróun í ostagerð*

Að sögn Eiríks mun vöruþróunartímabilið í ostagerðinni taka sinn tíma. „Á meðan við erum að byggja upp fjárstofninn verður takmarkað framboð af sauðamjólk sem mun þá fyrst og fremst nýtast til vöruþróunar. Við reiknum ekki með að geta sett osta á markað haustið 2026, en þá höfum við sett okkur það markmið að vera komin með tvær tegundir.

Þegar við verðum komin í fulla framleiðslu, með um 80 mjólkandi ær, þá ættum við að geta framleitt um 800 kíló af ostum. Við gerum okkur vonir um að sú framleiðsla geti þá staðið undir einu ársverki hér á bænum," útskýrir Eiríkur, en til að kynna sér hvernig best væri að standa að slíkum búskap fóru þau í heimsókn á nokkra bæi í Svíþjóð og Noregi þar sem stundaður er farsæll sauðfjárbúskapur á forsendum mjólkurframleiðslunnar.

„Við viljum líka horfa til fordæma frá Norðurlöndunum varðandi heimild smáframleiðenda til að selja ógerilsneyddar mjólkurvörur.

Samtök smáframleiðenda matvæla berjast nú fyrir því að leyft verði að framleiða og selja slíkar afurðir og við fögnum þessu átaki til að fá þessu breytt."

Eiríkur segir að lokum að hér á Íslandi þurfi að koma til öflugri stuðningur við lífrænan búskap, sem sé á svo margan hátt ákjósanlegur í samhengi við loftslagsmálin og sjálfbærnimarkmið.

„Ef við viljum efla þessa nálgun í framleiðslu landbúnaðarafurða, sem reyndar opinberlega er stefnt að, þá verðum við að fá betra rekstrarumhverfi og stuðning. Það er margfalt meiri vinna og kostnaður á bak við landbúnaðarvöru sem er lífrænt vottuð en aðra sambærilega vöru.

En eins og formaður VOR – Verndun og ræktun hefur talað um hér í blaðinu er þessi aukni kostnaður fjárfesting í framtíðinni."










LÍF & STARF

# Heimsmeistaramót í blómaskreytingum




Magnús Hlynur Hreiðarsson
magnushlynurh@gmail.com


**Nemendur í blómaskreytingum hjá Fjölbrautaskóla Suðurlands fóru ásamt kennurum og fagmönnum á heimsmeistarakeppnina í blómaskreytingum í Manchester í Englandi í byrjun september.**

„Tilgangur ferðarinnar var fyrst og fremst að njóta og læra af þeim snillingum sem þarna voru að keppa í blómaskreytingum. Alls voru keppendur frá 20 löndum og fór keppnin þannig að Þýskaland lenti í fyrsta sæti, Noregur í öðru sæti og Bretland í þriðja sæti. Íslendingar hafa aldrei keppt í þessari keppni en vonandi munum við senda frá okkur fulltrúa einn daginn," segir Bryndís Eir Þorsteinsdóttir, blómaskreytingakennari. Þátttakendur í ferðinni voru tólf, tveir kennarar, sjö nemendur og þrír blómaskreytar, sem vinna í faginu hér heima.





**Blómaskreytingar 1: Hluti af nemendahópnum á blómaskreytingabraut, sem sótti heimsmeistaramótið.** Myndir / Aðsendar



**Blómaskreytingakennararnir Bryndís Eir Þorsteinsdóttir (t.h.) og Valgerður Jóndís Guðjónsdóttir.**

### *Mikið lagt í umgjörð keppninnar*

Heimsmeistaramótið *Interflora* er stærsti alþjóðlegi viðburður í heimi blómaskreytinga. Mótið hefur verið haldið á nokkurra ára fresti víðs vegar um heiminn allt frá árinu 1972. Fyrirtækið Interflora átti 100 ára afmæli á þessu ári og var því mikið lagt í skreytingar og umgjörð keppninnar, auk þess sem þetta var í fyrsta skipti sem keppnin var opin bæði fagfólki og almenningi.

„Um 600 manns sóttu heimsmeistaramótið. Keppnin sjálf stóð í þrjá daga og þurftu keppendur að gera þrjú undirbúin verkefni og þrjú óundirbúin. Þarna reyndi heldur betur á keppendur að vera fljótir að hugsa og að ná að vinna verkefnin á skömmum tíma," segir Bryndís Eir.

### *Njóta og læra*

Bryndís segir ferðina hafa verið ákaflega lærdómsríka. „Það var til dæmis magnað að sjá hvað margir keppenda hugsuðu langt út fyrir boxið í efnisvali og komu fram með nýstárlegar og eiginlega ótrúlegar hugmyndir. Nemendur og við kennararnir vorum hæstánægð með ferðina, áttum þarna frábæra daga sem skilja svo sannarlega eftir sig svimandi háa innistæðu í minningabankanum," segir Bryndís Eir alsæl.



**Hluti af hópnum með heimsmeistaranum í blómaskreytingum 2023, Nicolaus Peters frá Þýskalandi.**

### *Blómabransinn hefur breyst mikið*

Þegar Bryndís Eir er spurð út í gildi og mikilvægi blómaskreytingabrautarinnar er hún fljót til svars.

„Blómaskreytar sinna mjög fjölbreyttu starfi og útbúa skreytingar fyrir viðskiptavini sína við alla helstu viðburði lífsins, frá vöggu til grafar og alls þess á milli. Starfið er mjög gefandi og skemmtilegt og margir möguleikar í boði, hvort sem fólk vill vinna í blómabúð eða taka að sér sjálfstæð verkefni. Blómabransinn hefur breyst mikið á stuttum tíma, fólk vill hafa meira af blómum í kringum sig, hvort sem það er á vinnustað, heima við, við opinbera viðburði eða viðburði í einkalífinu, svo sem brúðkaup og fleira. Það hefur líka verið mjög vinsælt hjá erlendu fólki að gifta sig á Íslandi og það er stór og vaxandi markaður sem blómaskreytar sinna."

Blómaskreytinganámið í Garðyrkjuskólanum, sem nú heyrir undir Fjölbrautaskóla Suðurlands, er tveggja ára nám, auk 60 vikna verknáms í faginu. Þennan veturinn eru sjö nemendur á brautinni og aðalkennarar brautarinnar eru þær Bryndís Eir, sem er námsbrautarstjóri og Valgerður Jóndís Guðjónsdóttir blómaskreytir.

### *Innan um blóm alla daga*

Bryndís Eir er að lokum innt eftir hennar skoðun á framtíð brautarinnar, hvernig hún sjái hana. „Við Valgerður segjum alltaf að lífið sé skemmtilegra með blómum. Blómin gefa frá sér orku, fegurð og gleði og það er ekki hægt að hugsa sér betri vinnu en að vera innan um blóm alla daga. Svo viljum við koma því sérstaklega á framfæri að það er eingöngu jákvætt, hláturmilt og skemmtilegt fólk sem vinnur með blóm. Þetta er ekki úr lausu lofti gripið, við erum sannfærðar um að ef gerðar væru vísindalegar rannsóknir á þessu þá yrði niðurstaðan þessi: Blómum fylgir hamingja og gleði. Það er allavega gleði og hlátur alla daga á blómaskreytingabrautinni, sem ómar um skólabygginguna og bergmálar í Reykjafjallinu." / MHH








**Hrefna Sigurðardóttir, Ýr Jóhannsdóttir og Birta Rós Brynjólfsdóttir.** Mynd / Sunna ben

## Hönnunarverðlaunin:

# Pítsustund verk ársins

**Veitt voru verðlaun í þremur flokkum á Hönnunarverðlaunum Íslands 9. nóvember síðastliðinn.**

Pítsustund var sigurvegari í flokknum verk ársins. Það var gjörningur haldinn á HönnunarMars 2023 í samstarfi Fléttu og Ýrúrarí. Opnaður var pítsustaður þar sem þæfðar voru ullarpítsur í sérstakri þæfingarvél.

Efniviðurinn var afgangsull frá íslenskum ullariðnaði sem annars hefði verið fargað. Ullarpítsurnar voru seldar eins og venjulegar pítsur, þar sem kaupendur völdu álegg af matseðli og biðu á meðan pöntunin var þæfð. Í umsögn dómnefndar segir að Pítsustund hafi verið „frumlegt og gott dæmi um það hvernig hönnun getur vakið fólk til umhugsunar um ábyrgð þess á umhverfinu með skemmtilegum og áhugaverðum hætti".

Á bak við Ýrúrarí stendur Ýr Jóhannsdóttir og á bak við Fléttu standa Hrefna Sigurðardóttir og Birta Rós Brynjólfsdóttir. Þær síðarnefndu unnu jafnframt verðlaun fyrir Loftpúðann í flokknum vara ársins. /ÁL

LANDBÚNAÐUR Í SKÁLDSKAP

# „... hvernig fer maður að því að ráða við sorgina?“

Þórhildur Ólafsdóttir fæddist á Hvammstanga árið 1953, nam franskar bókmenntir og málvísindi í Frakklandi og er doktor frá Orléans-háskóla. Síðar var hún lektor og dósent í frönsku við Háskóla Íslands. Frá árinu 1988 hefur Þórhildur búið í Strasbourg í Frakklandi þar sem hún í um kvartöld stjórnaði og starfaði í ýmsum deildum Evrópuráðsins sem viðkoma m.a. jafnréttismálum, mannréttindum, lýðræðiskennslu og æskulýðsmálum.



Þórhildur Ólafsdóttir.

Hún sendi frá sér bókina Efndir árið 2021. Þar sest sögupersónan, sveitastúlkan Elísabet, að á yfirgefnu býli foreldra sinna á norðlensku nesi (Vatnsnesi?), eftir margra ára búsetu í Frakklandi. Svipir fortíðar sækja þar að henni, formæður og forfeður birtast henni ljóslifandi og gamlir búskaparhættir speglast inn í söguna.

Þórhildur er einnig höfundur ljóðabókarinnar Spegilflísa (Skriða, 2020) og þýddi úr tyrknesku bókina Memed mjói e. Yashar Kemal (MM, 1985). Birst hafa eftir hana ljóð í Tímariti MM og smásögur þýddar úr tyrknesku og frönsku í tímaritum auk þess sem hún gerði nokkra útvarpsþætti um franskar bókmenntir. /sá




*„... Hún kom kjagandi með þvott í bala, það rauk af heitum þvottinum og ég sá að hún var svolítið þreytt og ergelsisleg á svipinn, balinn var áreiðanlega of þungur fyrir hana. ... Langamma fór strax að skola sápuna úr heita þvottinum, dengdi þvottinum út í hylinn og velti honum þar fram og aftur svo sápan rann niður lækinn. Ég settist og horfði á hana skola æfðum höndum, hlustaði á skvampið í læknum þegar hún velti hvítum lökum og sængurverum í hylnum, sá að hendur hennar voru orðnar rauðar af kuldanum eða kannski af heitu vatninu sem hún var að þvo lökin úr rétt áður. Það var ró yfir langömmu, í þessu húmi, þetta lognmjúka kvöld, kannski var hún að nota tímann og kyrrðina þegar allir voru sofnaðir, ég leit heim að bænum og sá að hann var horfinn og gamli bærinn sem ég hafði aldrei séð nema á mynd kominn í hans stað, fjórir stafnar hans vísuðu í suður og allt var svo hljótt. „Langamma“ missti ég út úr mér áður en ég vissi af, „hvernig fer maður að því að ráða við sorgina?...“. (bls. 57)*






MENNING

# Fjáreigendafélag Reykjavíkur er menningarverðmæti

## – Dr. Ólafur Dýrmundsson gefur út bók um sögu sauðfjárræktar í Reykjavík

**Hið íslenska bókmenntafélag hefur gefið út bók dr. Ólafs Dýrmundssonar Sauðfjárhald í Reykjavík. Ólafur er að góðu kunnur af störfum sínum fyrir Bændasamtök Íslands um árabil, sem ráðunautur í landnýtingarmálum, sauðfjárrækt, lífrænum búskap – og í tengslum við forðagæslumál. Í bókinni rekur hann þróun sauðfjárbúskapar í Reykjavík frá 19. öld, sögu sína sem sauðfjárbóndi í Reykjavík frá 1957 til dagsins í dag og fléttar saman við hana sögu Fjáreigendafélags Reykjavíkur og almenna þróun sauðfjárræktar.**

Ólafur segist lengi hafa verið að hugsa um útgáfu á bók sem þessari. „Alla tíð hef ég verið að safna gögnum og punktað hjá mér ýmsar athugasemdir í minnisbók sem ég kallaði búskaparbók, alveg frá því að ég eignaðist fyrstu kindurnar 13 ára gamall 1957. Ég er búinn að upplifa svo áhugaverða tíma í sauðfjárræktinni í landinu og ekki síst hjá Fjáreigendafélaginu sem var stofnað 1927 – hef í raun verið samtíðarmaður þriggja kynslóða í þeim félagsskap."

### *Orða- og hugtakaskýringar fyrir yngri kynslóðir*

„Mikil gróska er í sauðfjárrækt í Reykjavík þegar ég fer fyrst að blanda mér í búskapinn, það voru þá á þriðja þúsund fjár í bænum og fjáreigendur í kringum 200. Meiri háttar starfsemi er þá í Fjáreigendafélaginu, bæði á lögbýlum og svo hjá tómstundabændum. Í dag eru um 180 vetrarfóðraðar kindur innan félagsmanna Fjáreigendafélagsins í tíu hjörðum sem flestir hafa aðsetur í Fjárborg, svæði félagsins á Hólmsheiði. Ég sjálfur er með tíu kindur og sá eini sem er neðan Elliðaáa.

Við höfum lagt mikinn metnað í að útbúa allar skrár sem fylgja bókinni eins vel og hægt var; nafna-, mynda- og atriðaorðaskrá auk frágangs á heimildum eins og fundargerðabókum og fjallskilaseðlum. Ég er einnig með orða- og hugtakaskýringar sem eru hugsaðar fyrir þær kynslóðir sem hafa ekki tengingu við gamla tungutakið í kringum sauðfjárbúskapinn. Þar er til dæmis útskýring á „beitarhúsi", „fúlgu", „að liggja við opið", „fjallskilastjóri" og „töfludráttur". Þetta eru hugtök mörg hver sem voru fólki mjög töm en eru ekki lengur," útskýrir Ólafur.






Fjárborgararnir Ólafur Dýrmundsson og Sigurleifur Guðjónsson í móttmælastöðu í Fjárborg 23. september 1968.



Höfundur er einn þeirra fáu sem enn gefa þurrhey líkt og fyrir hálfri öld.

### *Örsögur lyfta bókinni upp*

Frásögn bókarinnar er í þriðju persónu, en Ólafur segir að hún sé brotin upp með örsögum þar sem hann segir persónulega frá minnisstæðum atburðum. „Þær lyfta efni bókarinnar mikið upp," segir hann.

Auk ráðunautastarfa sinna fyrir Bændasamtök Íslands hefur Ólafur í seinni tíð unnið talsvert starf í þágu Slow Food Reykjavík-hreyfingarinnar og lífrænnar landbúnaðarframleiðslu. „Já, einhvern veginn töluðu þessar hugsjónir beint til mín. Þarna er einhver náttúruleg tenging sem kannski á rætur sínar að rekja til mikilvægi hugmyndanna um verndun líffræðilegs fjölbreytileika, sem eru í hávegum höfð hjá þessum hreyfingum."

### *Menningarverðmæti Fjáreigendafélagsins*

Hann telur mjög mikilvægt að Fjáreigendafélagið haldi áfram að starfa innan borgarmarka og viðhaldi hefðinni; félagið sé í raun menningarverðmæti og hluti af menningarsögu Reykjavíkur.

„Þetta er eina höfuðborgin í heiminum sem hefur fjárhúsahverfi og er með aðild að bæði afrétti og lögskilarétt," segir Ólafur að lokum.

### *Örsaga úr bókinni:*

### Sauðataðið og blómagarðurinn fagri í Suðurgötu 6

[...] Í Morgunblaðinu 11. mars 1997 birtist myndskreytt viðtal Önnu G. Ólafsdóttur við Brian D. Holt, ræðismann Breta á Íslandi, í þættinum „Húsið og garðurinn" undir fyrirsögninni „Vin í miðbænum". Hafði Brian og kona hans, Guðrún Friðriksdóttir, þá búið í Suðurgötu 6 í Reykjavík í 20 ár og ræktað rómaðan blómagarð, mest með fjölærum blómum. Brian, sem var ættaður frá Norður-Írlandi þar sem ræktunarmenning er rótgróin, sagði í viðtalinu að ekkert annarra áhugamála sinna jafnaðist á við garðrækt. Blómagarðurinn í Suðurgötu 6 var sannkallað augnayndi borgarbúa á vorin og sumrin fram um aldamótin. Spurður um áburðargjöf og fleira sagðist Brian reyna að komast hjá því að nota kemískan áburð í garðinum en bætti síðan við:

*Ég fæ alveg hreint fyrsta flokks kindaskít hjá Ólafi Dýrmundssyni, ráðunauti, helli á hann vatni og vökva með því gróðurinn.*

Þannig tengdist þessi orðlagði skrautgarður sauðfjárbúskap í Reykjavík. Við Brian höfðum kynnst þegar hann var að aðstoða mig við að sækja um skólavist í háskólum á Bretlandseyjum forðum daga. Hann sótti til mín sauðatað úr fjárhúsunum eftir þörfum og síðast flutti ég það heim til hans í Suðurgötuna. Gaman var að ræða við Brian um garðyrkjuna og margt fleira því hann var fróður, glaðsinna og sögumaður góður.




Barnabók:

# Hryssan Eldur

**Björk Jakobsdóttir er höfundur nýrrar barnabókar sem kemur í beinu framhaldi af sögu hennar Hetju frá í fyrra.**

Segir í kynningu að Eldur sé æsispennandi saga um vinkonurnar Hetju og Björgu. „Hetja er fræg hryssa og Björg, nýorðin 16 ára, er ánægð að vita af henni í sveit undir Eyjafjöllum en þegar gýs í jöklinum hefst örvæntingarfull leit að Hetju og fleiri hrossum."

Björk er auk þess að vera rithöfundur, leikkona og leikstjóri mikil hestakona. „Þetta er samtímasaga um börn og íslenska hestinn. Það er svo verðmætt að fjalla um þennan þarfasta þjón okkar, við værum ekki hér ef íslenski hesturinn hefði ekki dregið okkur gegnum móðuharðindin," segir hún.



Björk Jakobsdóttir.




Björk segist vera sveitastelpa, hún hafi verið öll sumur í sveit frá því hún var 6 ára, m.a. í Vatnsdal í A-Hún. hjá Grími Gíslasyni heitnum sem flutti ódauðlegar veiðifréttir í útvarpi.

Hún hefur unnið í um 30 ár sem leiðsögukona í hestaferðum. „Ég er ekki endilega mikið í keppnishestamennsku en mikið með stóði," segir hún og lætur vel af því að skrifa um íslenska hestinn og væntumþykju unglingsins til skepnunnar. Sagan sé byggð á hennar eigin hestum.

JVP gefur út. /sá



Frá afhendingu verðlaunanna. F.h.: Ásgerður K. Gylfadóttir, formaður SASS, Eyrún Helga Ævarsdóttir, forstöðumaður Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar, Carmen Diljá Eyrúnardóttir og Tim Junge, starfsmenn miðstöðvarinnar.

# Menningarverðlaun til Hornafjarðar

**Menningarmiðstöð Hornafjarðar hlaut Menningarverðlaun Suðurlands fyrir árið 2023 en viðurkenningin var veitt á ársþingi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga í Mýrdalshreppi 26. október síðastliðinn.**

„Mín fyrstu viðbrögð voru gleði og þakklæti fyrir viðurkenninguna og til þeirra, sem tilnefndu okkur. Við starfsmenn Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar tókum auðmjúk við þeim og eru þau okkur hvatning í að vinna áfram að öflugri menningarstarfsemi í sveitarfélaginu,“ segir Eyrún Helga Ævarsdóttir, forstöðumaður Menningarmiðstöðvarinnar.

„Áhersla er lögð á barna- og fjölmenningu í okkar starfi og er aðgengi og inngilding einkunnarorðin. Við stöndum fyrir margs konar viðburðum, samkomum og klúbbastarfi þar sem aðgengi er markmiðið og leitast er við að ná til þeirra sem teljast til jaðarhópa. Barnastarfið okkar er fjölbreytt og blómlegt, m.a. listasmiðjur og náttúru- og menningarfræðsla með skoðunarferðum,“ segir Eyrún Helga enn fremur.

Menningarmiðstöðin starfrækir sex söfn í Sveitarfélaginu Hornafirði en þá erum við að tala um Listasafn Svavars Guðnasonar, héraðsskjalasafn, byggða-, náttúrugripa- og sjóminjasafn auk bókasafns. Þar er skráður og varðveittur menningararfur sveitarfélagsins ásamt því að kynna heimamönnum og gestum þeirra menningu, listir og sögu sveitarfélagsins. Atvinnu-, ferða- og rannsóknarsvið heyra undir stofnunina og starfa þau þvert á einingarnar.

„Árlega eru haldnir margir viðburðir á vegum Menningarmiðstöðvarinnar. Viðburðir stofnunarinnar eru haldnir í þágu menntunar, ígrundunar og ánægju en sífellt er leitast við að fylla anda íbúa og aðkomumanna innblæstri með menningu, fræðslu á menningararfi Austur-Skaftafellssýslu og kynningu á sveitarfélaginu sjálfu,“ segir Eyrún Helga. /mhh











## Stöðvum smit við fjósadyrnar

Verndaðu þitt bú

**Smit getur borist:**
- Milli dýra
- Með öllum gestum
  - með öðrum bændum
  - með dýralæknum
  - með sæðingarmönnum
  - með ráðunautum
  - með sláturhúsbílum
  - með mjólkurbílum og mjólkureftirlitsmönnum
  - fóðurflutningum
  - með öðrum þjónustuaðilum
  - með erlendum gestum
- Með áhöldum og tækjum
- Með heimsóknum í önnur fjós, bæði hérlendis og erlendis

**Stans við dyrnar!**
Óviðkomandi eiga ekki að fara inn í fjós.
Flutningabílstjórar eiga ekki fara inn í gripahús.
Bændur eiga ekki að fara upp á flutningabíla.
Búnaður bílsins getur verið smitaður!

**Aldrei ætti að líða skemmri tími en 48 klst. frá því að farið er úr erlendu fjósi þar til farið er í fjós hér heima!**
Mikilvægt er að þvo og sótthreinsa fatnað og skó þegar heim er komið. Algengir sjúkdómar erlendis geta auðveldlega borist hingað til lands.
Erlendir gestir geta óafvitandi borið með sér sjúkdóma.

**Allir í gallana!**
Allir gestir skulu klæðast hreinum utanyfirfötum, annaðhvort einnota fatnaði eða fatnaði búsins. Stígvél eiga að vera hrein, líka undir sólanum. Best er að nota fatnað og stígvél búsins.
Notið skóhlífar eða hafið sótthreinsandi skóbað við inngöngu í gripahúsin.

**Hreint inn – hreint út!**
Múlar, kaðlar, verkfæri, klaufskurðarbásar og önnur áhöld sem notuð eru við eða í kringum búfénað geta borið með sér smit.
Þrífið og sótthreinsið tæki bæði fyrir og eftir notkun.

**Heilbrigð dýr!**
Kaupið aldrei dýr nema í samráði við dýralækni og að uppfylltum lögum og reglum.
Fáið vottorð um heilbrigði gripanna áður en flutningurinn á sér stað.
Munið að skrá alla flutninga í hjarðbók

Hreint og ómengað vatn og fóður!

Bannað er að gefa búfé dýraafurðir og eldhúsúrgang!

**Meindýravarnir!**
Mýs og flugur eru öflugir smitberar. Hundar og kettir geta sömuleiðis borið með sér mikið smit. Fylgja skal lögum um meindýravarnir og umgang gæludýra í útihúsum.

Almennt hreinlæti er lykilatriði!

MAST Matvælastofnun
BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

# Styrkurinn er í samvinnunni

**Það er gömul saga og ný að þegar fólk og jafnframt stofnanir öðlast sameiginlega sýn á verkefni þá næst árangur.**


Trausti Hjálmarsson.

Það fundum við sem vorum á ferðinni að hitta bændur dagana 30. okt–2. nóv. til að ræða nýjar mögulegar aðferðir við útrýmingu riðuveikinnar. *Ræktun gegn riðu* var yfirskrift fundanna og það ánægjulega er að þarna voru, saman komnir, fulltrúar frá Mast, Keldum, RML, LbhÍ, BÍ, Karólína Elísabetardóttir og Vincent Béringue sérfræðingur í riðu. Allir aðilar með það að sameiginlegu markmiði að leggja sitt af mörkum til að útrými riðuveiki á Íslandi. Loksins höfum við fengið smá von. Eftir þessa fundarferð þá þarf ekki að efast um að íslenskir sauðfjárbændur verða fljótir að ná árangri í ræktun gegn riðunni. Það mátti skynja mikinn kraft og áhuga hjá þeim bændum sem sóttu fundina. Við búum vel að því hversu sterk og rík hefð er fyrir ræktun og skýrsluhaldi í íslenskri sauðfjárrækt. Sauðfjárbændur búa yfir mikilli þekkingu og reynslu og árangur kynbótastarfsins ber þess mjög glöggt merki, við verðum fljót að ná forustu á heimsvísu í ræktun gegn riðu. Lykillinn að því er sameiginleg sýn okkar allra á verkefnið.

### *Framtíðarsýn fyrir sauðfjárbændur*

Síðustu vikur og mánuði hafa bændur verið að benda á sína afleitu stöðu í efnahagslegu tilliti, sauðfjárbændur hafa um allanga hríð verið að berjast fyrir tilveru sinni, lágt afurðaverð og stöðug rýrnun á ríkisstuðningi hafa gert það að verkum að á síðustu 7 árum hefur framleiðsla á dilkakjöti dregist saman um 20% og það eina sem sauðfjárbændur hafa getað gert til að bæta afkomu sína er að vinna utan bús. Það er röng stefna að ætla sauðfjárbændum að vinna fulla vinnu utan bús til að ná endum saman og framleiða þá gæðavöru sem lambakjöt er. Er eðlilegt að sauðfjárbændum sé ætlað að greiða með framleiðslunni?


**Það er nauðsynlegt að sauðfjárbændur geti á nýjan leik farið að fjárfesta í búgreininni.** Mynd / Myndasafn Bbl

Ef skoðað er hvernig starfsskilyrðum sauðfjárbænda hefur verið háttað síðustu áratugi þá kemur glögglega í ljós að fjárfestingargetu greinarinnar hefur verulega ábótavant og launagreiðslugeta hefur verið lítil sem engin. Íslenskir sauðfjárbændur standa framarlega á flestum sviðum sauðfjárræktarinnar í samanburði við aðrar þjóðir. Ef rétt er haldið á málum eigum við stórkostleg tækifæri fyrir höndum sem þarf að grípa en til þess þá þarf afkoman að batna. Það er nauðsynlegt að sauðfjárbændur geti á nýjan leik farið að fjárfesta í búgreininni. Víða er framleiðsluaðstaða að verða úr sér gengin, enda stór hluti fjárhúsa landsins byggð á árunum frá 1960-1980. Síðan þá hefur fjárfesting greinarinnar verið lítil og það eitt og sér er verulegt áhyggjuefni. Engin starfsgrein á sér framtíð ef ekki er byggt upp, aðstaða lögð og vinnuaðstaða bætt.

Fyrir nokkrum vikum var skipaður starfshópur þriggja ráðuneyta sem á að vera að fara yfir stöðu landbúnaðarins og koma með tillögur til úrbóta. Það er erfitt að sjá að nokkuð annað geti komið út úr því en að verulegrar leiðréttingar bæði til skemmri tíma og lengri sé þörf fyrir landbúnaðarframleiðslu á Íslandi og þá ekki síst fyrir sauðfjárbændur.

Líkt og með riðuna þá tel ég alveg ljóst að leiðin að bættum kjörum sauðfjárbænda snýst um að skilja vandann í sameiningu. Við skulum setjast niður, bændur og ríkið, og sameinast um leiðina að bættum kjörum sauðfjárbænda. Okkur getur greint á um leiðirnar til að byrja með en ég er handviss um að við getum komist að niðurstöðu ef aðeins það eitt gerist að við viðurkennum vandann og sameinumst um að taka á honum.

***Trausti Hjálmarsson,***
*formaður deildar sauðfjárbænda.*

# Bændur þurfa nýjan verðlagsgrundvöll strax

**Síðustu vikur og mánuði hefur það ekki farið framhjá neinum það dökka stöðumat íslensks landbúnaðar sem blasir við.**

Ef við íslenskir bændur eigum að geta sinnt innanlandsmarkaði með mjólk, kjöt og grænmeti þarf afkoma okkar að vera í lagi. Ef skoðaðar eru framleiðslutölur í mjólk sést að mjólkurframleiðslan á Íslandi hefur aukist um 50% á síðustu 20 árum. Á sama tímabili, eða síðustu 19 ár, hefur ríkisstuðningur vegna mjólkurframleiðslu hins vegar dregist stöðugt saman og þeirri tekjulækkun hefur ekki verið mætt


Reynir Þór Jónsson.

með hækkuðu afurðaverði sem neinu nemur. Þetta bil þarf að brúa strax því það er augljóst að greinin er komin að ákveðnum þolmörkum, sem hlýtur að skýrast af atburðum, ákvörðunum og aðgerðaleysi síðustu ára.

Hver er afkoman sem bændur fara fram á? Svarið við þessari spurningu er einfalt, þar sem svarið er bundið í búvörulög. Kúabú eiga lögum samkvæmt að skila afkomu sem getur staðið undir launagreiðslum sem eru hliðstæð og hjá sambærilegum starfsstéttum og krefjast sambærilegrar viðveru, ábyrgðar og færni. Því miður hefur viðmiðunarbúið samkvæmt gildandi verðlagsgrundvelli ekki náð því svo árum eða áratugum skiptir. Síðustu opinberar tölur sýna fram á að meðalbúið hafi getað skilað eigendum sínum tæplega 9 milljónum í afkomu. Komi tveir aðilar að búskapnum, t.a.m. hjón,

> Ætli bændur að lifa á öðru en loftinu kemur það niður á nauðsynlegu viðhaldi eða með skuldsetningu ...“

gerir það um 350 þúsund krónur á mánuði á mann. Þessar tölur er hægt að nálgast á heimasíðu Hagstofu Íslands og eru frá árinu 2021. Ástandið hefur versnað hratt frá árinu 2021. Í ár er líklegt að launagreiðslugeta meðalbús verði lítil sem engin. Ætli bændur að lifa á öðru en loftinu kemur það niður á nauðsynlegu viðhaldi eða með skuldsetningu.

Það kemur í hlut verðlagsnefndar búvara að ákvarða lágmarksverð mjólkur eftir svokölluðum verðlagsgrundvelli. Kostnaðarhlið grundvallarins segir til um hvað kostar að framleiða hvern lítra mjólkur og tekjuhliðin segir hvað bændur hafa í tekjur fyrir hvern lítra. Verðlagsgrundvöllurinn sem nú er í gildi hefur ekki verið uppfærður frá árinu 2001 nema í samræmi við vísitöluþróun. Flestir kúabændur eru sammála um að viðmiðunarbúið í gildandi verðlagsgrundvelli, sem miðar við 188.000 lítra framleiðslu, gefur ekki rétta mynd af breyttum framleiðsluháttum. Þannig er mun líklegra að tvöföldun á framleiðslutölum væri nærri lagi og myndi endurspegla og þar með gefa rétta mynd af viðmiðunarbúinu eins og það er í dag. Oft var þörf, en nú er nauðsyn. Afar aðkallandi er að uppfæra gildandi verðlagsgrundvöll, sem taki einnig mið af auknum byggingakostnaði, verðhækkunum á tækjum og búnaði, svo ekki sé talað um hækkanir á aðföngum og fjármagnskostnaði á síðustu árum.

Forsvarsmenn bænda hafa lengi kallað eftir uppfærslu, og í raun alveg nýjum verðlagsgrundvelli. Í búvörulögum kemur skýrt fram að verðlagsgrundvöllur skuli byggja á forsendum sem ber að uppfæra í takt við breytingar á búunum. Það hljóta að vera hagsmunir allra að vita hver staðan er, bæði bænda, iðnaðarins og stjórnvalda. Það er engra hagur að afkoma kúabænda haldi áfram að versna, sérstaklega þegar eftirspurn eftir mjólkurvörum er mikil. Stjórnvöld hljóta að vera meðvituð um það.

Vinna við nýjan verðlagsgrundvöll er nú hafin. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vinnur verkið fyrir matvælaráðuneytið og eru áætluð verklok í desember nk. Bændasamtökin hafa lagt fram þá kröfu að tímamörkin standist og að nýr verðlagsgrundvöllur líti dagsins ljós og framkvæmda fyrir næstu áramót. Þá hafa samtökin einnig kallað eftir því við verðlagsnefnd búvara að meta og uppfæra framleiðslukostnað dilkakjöts og nautakjöts, en því erindi hefur enn ekki verið svarað af hálfu ráðuneytisins.

Verkfærið sem ákveður afkomu kúabænda er verðlagsgrundvöllur sem endurspeglar framleiðsluna og framleiðsluþættina eins og þeir eru í dag. Hér er um að ræða verkfæri sem gefur rétta mynd af stöðunni eins og hún er hverju sinni. Það eina sem við bændur förum fram á er að stjórnvöld sýni okkur þá virðingu að búvörulögum sé fylgt. Krafa Bændasamtakanna er einföld. Ljúka þarf vinnu við nýjan verðlagsgrundvöll á tilsettum tíma svo hægt verði að leiðrétta kjör mjólkurframleiðenda í samræmi við gildandi lög. Þetta er ekki flókið.

***Reynir Þór Jónsson,***
*stjórnarmaður í BÍ og fulltrúi í verðlagsnefnd búvara.*




www.bbl.is




## Bændageð:

# Minn innri maður

**Við þekkjum vonandi öll okkar innri mann, þennan sem eintalið á við um. Hugsanir og orð sem við látum engan vita af, höldum í þær innra með okkur af ólíkum ástæðum.**


Halla Eiríksdóttir.

Margir þekkja sinn innri mann sem orð og hugsanir full efasemda þar sem við felum okkur á bak við grímu, felum stoltið, syndina, veikleikann og þegar okkar „innri maður“ brýst fram, getur ekki meira, þá æpum við og spangólum. Við sýnum manneskjulegu hliðina.

Fyrir margt löngu lærði ég einfalda kenningu um það hvernig við kjósum að deila hugsunum okkar með öðrum. En hún var einhvern veginn svona: Ímyndaðu þér þriggja laga hring. Á þeim ysta eru þeir aðilar sem við erum málkunnug, kunningjar, fólk sem við þekkjum lítið sem ekkert og að sama skapi vita þessir aðilar lítið um þig. Á miðjum hringnum eru fjölskylda og vinir, allt fólk sem þú þekkir nokkuð vel og þau vita jafnframt ýmislegt um þig. Í kjarna hringsins ert bara þú og þinn innri maður. Þar fyrirfinnast hugsanir sem eru einungis fyrir okkur sjálf, góðar og slæmar. Ef þú heldur áfram að ímynda þér hringinn máttu gjarnan teikna hann upp og hafa miðjuna í samræmi við þá stærð sem þú metur sjálfan þig og hina hringina tvo með tilheyrandi bili eftir því sem þú metur hversu opinskár þú ert með eigin líðan. Að deila hugsunum og líðan á samfélagsmiðlum fellur undir það að vera á ysta hringum sem dæmi. Erfiðar tilfinningar eða óvissa um eigið ágæti er dæmi um það sem við höldum gjarnan út af fyrir okkur, eitthvað sem við opnum á fyrir þeim sem eru í næsta hring, það er að segja vinir og fjölskylda, en ekki í þeim ysta þar sem ókunnugir eiga sinn stað.

Okkar innri maður hefur margt að segja og getur á stundum látið heldur ófriðlega. Þá eigum við það til að freistast, hugsanlega þegar við stöndum frammi fyrir mótlæti eða erfiðleikum. „Þetta reddast“ er til að mynda ótrúlega góð aðferð til að forðast það að horfast í augu við staðreyndir. Þannig höfum við mörg okkar getað fleytt okkur áfram í búskaparbaslinu fram til þessa. Hvað ef þetta reddast ekki? Hvenær verðum við að taka þetta samtal við innri manninn, horfast í augu við staðreyndir sem geta leitt til þess að við verðum að taka erfiðar eða sársaukafullar ákvarðanir? Eintalið við okkur sjálf getur orðið mjög villugjarnt þar sem við stjórnum því alfarið og sjáum gjarnan lítið ljós við enda ganganna þegar á móti blæs. Og þá komum við að kjarna málsins. Við þurfum ekki að vera ein á þessu eintali við innri manninn, því það kemur að þeim tíma að við þurfum að ræða við aðra um vandann sem við er að etja. Þetta á bæði við smá og stór mál. Þá reynir á hvort við veljum hringinn þar sem vinir og ættingjar eru eða leitum í ysta hringinn, en þá þurfum við að hafa í huga að við séum að leita til þeirra aðila sem við getum treyst fyrir okkar leyndustu hugsunum.

Þarna stendur hnífurinn í kúnni í bókstaflegir merkingu, því bændur virðast síður leita sér aðstoðar þegar eitthvað bjátar á, samanborið við aðrar starfsstéttir. Við erum meðvituð um það að margir bændur eiga erfitt þessa dagana, þar sem reynir bæði á þrautseigju og geðslag sem aldrei fyrr. Fjárhagsáhyggjur eru vel þekktur streituvaldur sem reynist mörgum erfiður og reynir verulega oft á sambýlinga þegar slíkt ástand ríkir á heimilinu. Á Íslandi er landbúnaðarfyrirtækið eða bóndabýlið og heimilið eitt og hið sama í flestum tilfellum og hefur þess vegna áhrif á alla í fjölskyldunni. Þegar koma upp aðstæður sem þrengja verulega að fólki getur það verið farsælla að ræða slíkar áhyggjur við aðra fremur en að eiga í sálarstríði við sinn innri mann.

*Halla Eiríksdóttir,*
*stjórnarmaður BÍ,*
*hjúkrunarfræðingur og*
*sauðfjárbóndi.*


CLT – EININGAR



TIMBURGRINDARHÚS



*Krosslímdar timbureiningar*
*Grænar byggingalausnir*

EININGAR EHF
WWW.EININGAR.IS
SÍMI: 565 1560 einingar@einingar.is

GIANT®
AFLMIKLIR | STÖÐUGIR | MIKIL LYFTIGETA

G2700E RAFMAGNSLIÐLÉTTINGUR
Einn af okkar vinsælustu liðléttingum G2700 HD+ er nú fáanlegur í 100% rafmagnsútfærslu.
G2700 liðléttingurinn hefur slegið í gegn hjá viðskiptavinum okkar hvort sem um er að ræða bændur, sveitarfélög eða verktaka ýmiskonar.



G2300 HD



G1200



LANDSTÓLPI
Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600
Kaupvangi 10, 700 Egilsstöðum
480 5610
www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is




Kristján og Kjartan eru ekki snjallmenni á netinu

Þeir eru til í alvörunni og vita allt um rafgeyma fyrir landbúnaðartæki – og almennt flest um vörur fyrir tæki og fyrirtæki.

Hringdu í vini og fáðu tilboð hjá fyrirtækjaþjónustu Olís, í síma **515 1100,** eða á **olís.is.**

Fyrirtækjaþjónusta Olís
Alvöru fólk með alvöru þekkingu og reynslu

olís



Biorefine grasspróteinverksmiðjan. Myndir / Aðsendar


Trefjunum er safnað saman í skemmu hjá Biorefine og þær síðan færðar í lífgasframleiðslu.


Trefjahlutinn er fínt saxaður og þurrefnisinnihald hans var um 40%.


Myndin sýnir upprunalegan efniðvið (refasmára) og afurðir úr vinnslunni sem eru trefjarnar, grænn safi, próteinið, fyrir þurrkun, og brúnn safi. Mynd / Ida Marie Jenssen


Séð inn í verksmiðjuna.

# Grasprótein

**Umhverfismál eru á ábyrgð allra og landbúnaðurinn er í hraðri þróun við að takast á við þann mikla vanda. Að minnka losun eða auka bindingu á kolefni (C) eru meginpólar þess verkefnis sem við okkur blasir í að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.**

Minni notkun jarðefnaeldsneytis er mikilvægur þáttur í minni losun á C. Við þurfum að minnka losun við flutninga til og frá landinu sem og innanlands. Við eigum að geta minnkað flutning á hráefni til landsins fyrir landbúnaðinn og minnkað þannig losun á C og


Ditte Clausen.


Þórey Gylfadóttir.

um leið aukið fæðuöryggi okkar. Heimaöflun fóðurs er lykillinn að þessum tveimur þáttum og mikilvægt er að leita leiða til að vera sjálfbær um það sem mögulegt er. Losun vegna landnotkunar er sá þáttur sem telst vega mest í losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Ef horft er til ræktarlands þá er vitað að akuryrkja losar C á meðan ræktun fjölærra tegunda leiðir til bindingar á C. Mikilvægt er að horfa til skiptiræktar í sambandi við ræktun einærra tegunda þannig að landi sé lokað með fjölærum tegundum í einhver ár á milli þess sem það er nýtt til ræktunar einærra tegunda.

Síðustu 10 ár hafa vísindamenn, t.d. við Háskólann í Árósum, unnið markvisst að þróun próteinvinnslu úr grasi vegna umhverfissjónarmiða þar sem markmiðið er að vinna prótein fyrir einmaga dýr, sem hægt er að nota í staðinn fyrir innflutt sojaprótein.

Próteinvinnslan felur í sér að grasið fer í gegnum pressu sem tekur hluta af safanum úr því. Meginafurðir grasspróteinframleiðslu í dag eru tvær, prótein og trefjar. Verðmætasta afurðin er próteinið en mun meira fellur hins vegar til af trefjum. Trefjarnar má nota í fóður og orkuframleiðslu auk þess sem nú er mikill áhugi á að nýta þær í umbúðir og annað það sem hægt er að búa til úr trefjum. Mikill áhugi er á möguleikanum að búa til prótein til manneldis og vitað er um að minnsta kosti eitt einkaleyfi sem er í ferli varðandi aðferð við vinnslu á hvítu próteini til manneldis úr grasspróteini. Það er ljóst að vinnsla á próteini og trefjum úr grasi er mjög áhugaverður kostur sem býður upp á mikla möguleika auk þess sem mikill umhverfislegur ávinningur fylgir því að framleiða prótein úr grasi. Rétt er að geta þess að í próteinframleiðslu í Danmörku er notað gras sem inniheldur belgjurtir enda eru þær próteinríkari en grös og binda köfnunarefni (N) úr andrúmsloftinu sem dregur úr þörf á tilbúnum áburði.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), Matís Landbúnaðarháskóli Íslands og Bændasamtök Íslands vinna nú verkefni er snýr að því að kanna möguleika á grasspróteinvinnslu á Íslandi en verkefnið er styrkt af Matvælasjóði. Hluti af verkefninu var að kynna sér vinnslu próteins úr grasi í Danmörku og því lögðu tveir ráðunautar RML land undir fót í sumar til þess að fræðast um grasprótein. Leitað var til ráðgjafarfyrirtækisins SEGES og voru ráðunautar frá fyrirtækinu búnir að setja saman flotta dagskrá með heimsókn í tvær verksmiðjur, annars vegar hjá Árósaháskóla í Foulum og hins vegar í hringrásarkjarnann GreenLab Skive. Ferðin var mjög áhugaverð og lærdómsrík enda einstakt tækifæri að fá að hitta fólk sem hefur starfað við þessa framleiðslu síðan vinna við hana hófst í Danmörku árið 2013.

### *Tvær meginaðferðir við framleiðsluna*

Í Danmörku eru tvær grasspróteinverksmiðjur sem notast við ólíkar aðferðir við að ná próteininu úr grasinu.

Á Ausumgaard er stunduð lífræn ræktun á plöntum og svínum ásamt því að þar er framleitt mikið af lífgasi (bíógasi). Sumarið 2020 fékkst styrkur til að setja upp fyrstu grasspróteinverksmiðjuna í Danmörku á Ausumgaard, í samstarfi við vísindamenn, þar sem fyrirmyndin var rannsóknarverksmiðjan í Foulum sem þar var byggð fyrir rannsóknir á grasspróteini. Á Ausumgaard er unnið úr gras- og smárauppskeru af um 400 ha á ári, eða frá því í maí fram í nóvember. Þar er notast við skrúfupressu og út úr því ferli koma grænn safi og trefjar. Græni safinn fer í gegnum ferli sem endar í því að skilja próteinið úr safanum og útkoman er brúnn safi og grænt próteinduft. Brúni safinn er orkuríkur og ríkur af sykrum og öðrum vatnsleysanlegum efnum, þar á meðal „rubisco"-próteininu sem er hvítt prótein í grænukornum ljóstillífandi frumna. Unnið er að enn frekari þróun aðferða til að geta nýtt „rubisco"-próteinið til manneldis. Á meðan ekki er til ásættanleg aðferð til þess, er brúni safinn meðal annars notaður í lífgasframleiðslu og sem áburður á tún. Framleiðslukerfið, eins og það er á Ausumgaard í dag, vinnur um 20 tonn af blauti grasi/klst eða um 3-4 t þurrefni/klst. Ausumgaard selur grasprótein til Vestjyllands Andel þar sem það er notað í framleiðslu á svínafóðri. Hluti af fóðrinu endar aftur á matseðli eldisgrísanna á Ausumgaard. Með þeirri aðferð sem notuð er í Ausumgaard verða til 4 tonn af hreinu próteini úr 300 tonnum af nýslegnu grasi sem er aðeins um 1% af heildarmagninu, 100% hreinu próteini eða um 12-16 tonn (3%) af próteindufti sem er 45% prótein. Áfram er unnið að þróun vinnsluaðferðarinnar til að ná hærra hlutfalli próteins úr grasinu og er markmiðið að ná 19% af heildarmagninu sem próteindufti með 45% hreinu próteini, í stað 3-5% eins og staðan er nú.

Biorefine, er grasspróteinverk-

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

HURÐIR
Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



**Þurrkað próteinduft framleitt úr smára og refasmára.**


**Próteinduft fyrir þurrkun.**

smiðja í eigu DLG, Danish Agro og DLF. Fyrirtækið er búið að þróa aðra aðferð en notuð er á Ausumgaard og einstök atriði í framleiðsluferlinu eru ekki gefin upp. Þar fer grasið í gegnum tvöfalda pressun og einhvers konar þvott til að ná enn þá meira próteini úr því en hægt er með þeirri aðferð sem t.d. er notuð í Ausumgaard. Biorefine semur við bændur um kaup á grasi og sækir verksmiðjan það allt að 60 km vegalengd en því að sækja það svo langt geta fylgt vandamál þar sem ekki mega líða nema allt að 8-12 klukkustundir frá slætti til vinnslu. Verksmiðjan á að geta keyrt 40 tonn af blautu grasi í gegnum kerfið á klukkustund. Grasið er tæpa klukkustund að fara í gegnum verksmiðjuna og endar sem þurrt prótein í stórsekkjum. Gerðar eru stöðugar mælingar á próteininnihaldi grasspróteinsins og er hver sekkur merktur með réttu próteininnihaldi. Einhver breytileiki er á próteininnihaldinu en það er á bilinu 40-50% í þurrefni en til samanburðar er próteininnihald soja til fóðurframleiðslu almennt 46-48%. Próteinið er notað hjá fóðurfyrirtækinu DLG í svína- og kjúklingafóður en trefjarnar hafa of lágt fóðurgildi eftir þessa meðferð og eru því seldar til orkuframleiðslu í lífgasverksmiðju.

### *Áskoranir og tækifæri við próteinframleiðslu*

Framleiðsla á grasspróteini er ekki nýlunda en vísindamenn hafa stöðugt reynt að þróa arðbæra leið síðan um miðja síðustu öld. Fyrir um 10 árum var lagt meira fé í rannsóknirnar vegna þeirra jákvæðu umhverfisáhrifa sem framleiðslan getur haft í för með sér og síðan þá hefur þróunin verið hröð. Framleiðslan er ekki án áskorana og er stöðugt verið að reyna að bæta tæknina til að ná sem allra bestum árangri í að vinna prótein úr grasinu. Reynslan hefur sýnt að margir þættir geta haft áhrif á framleiðsluna, svo sem veður, áburðargjöf, plöntutegundir, sláttutími, söxun og tíminn sem líður frá slætti til vinnslu. Sumu er betur hægt að stjórna heldur en öðru. Enn sem komið er þá er grasprótein rekstrarlega séð eingöngu arðbært fyrir bændur í lífrænni ræktun í Danmörku þar sem verð á grasspróteini er sambærilegt eða aðeins lægra en á lífrænt framleiddu soja og þar sem trefjarnar úr framleiðsluferlinu fara í lífgasframleiðslu.

### *Er framtíðin hringrásarkjarnar?*

GreenLab hjá Skive er iðnaðarsvæði þar sem byggður hefur verið upp hringrásarkjarni. Með hringrásarkjarna er átt við kjarna þar sem fjölmörg fyrirtæki eru í framleiðslu og aukaafurð eins fyrirtækis nýtir næsta fyrirtæki við sína framleiðslu. Meðal annars er þarna móttökustöð fyrir plast og pappa sem eitt fyrirtækið nýtir til að framleiða nýjar endurunnar vörur. Fóðurframleiðandinn Vestjyllands Andel er í þessum kjarna en hann notar grasprótein í svínafóður auk þess að búa til fóður úr afurðum unnum úr m.a. krossfiski og öðrum sjávardýrum. Markmiðið er að byggja upp grasspróteinverksmiðju hjá Vestjyllands Andel og kaupa gras frá bændum til framleiðslunnar og nota trefjarnar í lífgasstöð kjarnans.

### *Grasprótein á Íslandi?*

Já, ekkert á að vera því til fyrirstöðu að framleiða prótein úr grasi hér á landi. Við höfum land og ódýra orku og við flytjum til landsins próteingjafa fyrir einmaga dýr. En ef reikna á dæmið sem krónu af innfluttum próteingjafa á móti krónu af grasspróteini, er ljóst að framleiðslan borgar sig kannski seint. Mikilvægt er að nota aðrar (hliðar)afurðir framleiðslunnar sem eru þá trefjarnar og brúni safinn því í þeim liggja líka verðmæti. Trefjarnar má nýta til fóðurs auk ýmissa hluta svo sem í umbúðir og aðrar slíkar vörur sem unnar eru úr trefjum. Brúni safinn er orku- og næringarríkur og gæti t.d. nýst sem áburður en hann hefur hins vegar lítið geymsluþol nema hann sé meðhöndlaður frekar.

Ef við færum hugsunina yfir í sjálfbærni, hringrás, fæðuöryggi og fæðusjálfstæði, þá lítur dæmið allt öðruvísi út. Við höfum hins vegar ekki sett verðmiða á þessa mikilvægu þætti og því erfitt að reikna það dæmi í krónum. En við eigum auðvitað að horfa þangað og ætla okkur að nýta þessa tækni til að framleiða okkar eigið prótein, að minnsta kosti að hluta, og spara þannig gjaldeyri og kolefnislosun og horfa til þess að binda kolefni með grasrækt í skynsamlegum sáðskiptum við aðrar nytjaplöntur, svo sem bygg.

*Ditte Clausen og Þórey Gylfadóttir,*
*ráðunautar hjá RML.*









# Kyngreint sæði hefur gjörbreytt nautgriparæktinni



**Snorri Sigurðsson**
snorri.sigurdsson@outlook.com

**Tækni til að kyngreina sæði nauta hefur verið til í áratugi og í ár eru liðin 30 ár frá því að fyrsti kálfurinn fæddist eftir sæðingu með kyngreindu sæði.**

Þrátt fyrir að tæknin sé orðin þetta gömul fór útbreiðsla á kyngreindu sæði ekki að aukast að ráði í heiminum fyrr en fyrir um 15 árum og hefur síðan aukist jafnt og þétt. Í dag er notkun á kyngreindu sæði orðin mjög mikil, enda valdið straumhvörfum í rekstri kúabúa víða um heim þar sem bændur geta nú stjórnað því hve margar kvígur eða naut eiga að fæðast og geta því alið upp gripi sem passa betur við framleiðsluna.

Þetta leiðir til mun lægri framleiðslukostnaðar mjólkur og nautakjöts enda sæða flestir kúabændur mjólkurkýr sínar og kvígur, sem ekki fá kyngreint sæði, með holdanautasæði. Með því fá þeir blendinga sem vaxa hraðar og gefa af sér betri kjötgæði en ef um naut væri að ræða af mjólkurkúakyni.

### *Fundu mun á stærð erfðaefnisins*

Kyn afkvæmis ræðst af X- og Y-litningum í sáðfrumunum og ef afkvæmið er kvenkyns er það með tvo X-litninga en sé það karlkyns er það með bæði X- og Y-litninga. Tæknin við að kyngreina sæði á rætur að rekja aftur til ársins 1982, þegar vísindamenn uppgötvuðu að það var munur á stærð erfðaefnisins (DNA) í X- og Y-litningum hjá músum og að erfðaefnið þar sem Y-litningur var einnig til staðar var mun minna.

Þetta á einnig við um aðrar dýrategundir og hjá nautgripum er munurinn á erfðaefninu á milli X-berandi sæðisfrumna og Y-berandi sæðisfrumna 4 prósent. Þessi munur á stærð erfðaefnisins gerir það mögulegt að greina X-berandi sæði frá Y-berandi sæði.

### *Hröð þróun*

Fyrstu afkvæmin, sem komu til í kjölfar kyngreiningar á sæði, fæddust árið 1989 og þá voru það kanínuungar sem komu í heiminn. Það var svo árið 1993 sem fyrsti kálfurinn fæddist og síðan hefur tæknin til kyngreiningar á sæði tekið miklum framförum. Í dag eru tvö bandarísk fyrirtæki ráðandi á þessum markaði í heiminum, annars vegar fyrirtækið Sexing Technologies, sem hóf markaðssetningu á kyngreindu sæði árið 2004, í kjölfar einkaleyfis sem fyrirtækið fékk á aðferðarfræði sinni árið 2003. Þetta fyrirtæki var raunar með heljartök á markaðinum í rúman áratug enda fólst í einkaleyfi þess að enginn annar gat selt kyngreint sæði. Árið 2017 gripu bandarísk yfirvöld inn í stöðuna með dómsúrskurði og komu í veg fyrir einokun fyrirtækisins á þessum mikilvæga markaði. Eftir það hafa opnast leiðir fyrir aðra að kyngreina sæði, þó ekki með sömu aðferð, og nú hefur fyrirtækið ABS náð ágætri fótfestu á þessum sama markaði með sína vöru.

### *Tæknin sem er notuð í dag*

Framangreind tvö fyrirtæki nota eins og fyrr segir sitt hvora tæknina til kyngreiningar á sæði.

Aðferð Sexing Technologies felst í því að sæðisfrumurnar eru aðskildar í gegnum flókið ferli, sem felst í því að lita sæðið með svokallaðri flúrljómun sem binst erfðaefninu í hlutfalli við magn þess. Sæðið er síðan sent í gegnum frumuflæðismæli sem notar laser til þess að meta magn erfðaefnis hverrar sáðfrumu. Þar sem sæðisfrumur með X-litninga innihalda meira erfðaefni en sæðisfrumur með Y-litninga litast þær fyrrgreindu með öðrum hætti þegar þær renna í gengum mælinn. Þegar sáðfrumurnar fara svo út úr frumuflæðismælinum eru þær merktar með annaðhvort jákvæðri eða neikvæðri hleðslu miðað við erfðaefnisinnihald þeirra. Þær fara svo áfram í söfnunarílát sem draga til sín annaðhvort neikvæða eða jákvæða hleðslu. Með þessum hætti eru sáðfrumurnar skildar að.



Í dag er notkun á kyngreindu sæði orðin mjög mikil, enda valdið straumhvörfum í rekstri kúabúa víða um heim þar sem bændur geta nú stjórnað því hve margar kvígur eða naut eiga að fæðast. Mynd / ghp

Sexcel
Sexed Genetics
Fast Forward your Genetic Progress™

Sexing TECHNOLOGIES

STgenetics™

Aðferð ABS, sem kallast Sexcel, er nokkuð frábrugðin framangreindri aðferð Sexing Technologies en hún byggir á því að sáðfrumurnar eru sendar eftir eins konar rörakerfi þar sem laser metur magn erfðaefnis í hverri sáðfrumu. Sé magn erfðaefnisins rétt, þ.e. fer eftir því hvoru kyninu sé verið að sækjast eftir, fær sáðfruman að halda áfram för sinni í gegnum rörakerfið en ef sáðfruman er með óæskilegt magn erfðaefnis eyðir laserinn henni. Í lok ferilsins eru þá einungis þær sáðfrumur lifandi sem óskað var eftir en hinar eru dauðar.

### *90-97% hreinleiki*

Þegar fyrst var byrjað að framleiða kyngreint sæði var hreinleiki sæðisins oft ekki nema um 75% en í dag eru aðferðirnar og tæknibúnaðurinn svo nákvæmur að hægt er að ná 90-97% hreinleika á sæðið. Þetta þýðir með öðrum orðum að ætli bóndi t.d. eingöngu að fá nautkálfa má búast við því að a.m.k. 9 af hverjum 10 fæddum kálfum séu naut. Þetta getur greinarhöfundur einnig staðfest en á kúabúi í Afríku, sem hann hefur m.a. umsjón með, voru fluttar inn fengnar kvígur sl. vor. Af þeim hafa nú í byrjun nóvember 42 borið og þar af einungis komið 3 naut, enda allar kvígurnar sæddar með kyngreindu sæði sem átti fyrst og fremst að gefa kvígukálfa. Þrátt fyrir mikinn hreinleika kyngreinds sæðis þessara tveggja fyrirtækja er þó aðeins slakari frjósemi við sæðingar með þessu sæði, þ.e. fanghlutfall miðað við fjölda sæðinga er heldur lægra en ef sæðið hefur ekki verið meðhöndlað. Þessi munur er þó ekki mikill í dag.

### *Stórkostleg aukning*

Ef litið er yfir farinn veg og hve hröð þróunin hefur verið og hve vel bændur um allan heim hafa tekið þessari nýjung þá er t.d. talið að árið 2006 hafi u.þ.b. 1 prósent af öllum sæðingum Holstein kúa verið með kyngreindu sæði. Þetta hlutfall jókst svo næsta áratuginn upp í um 10% en þegar samkeppnin á markaðinum jókst, með tilkomu ABS, urðu hraustlegar breytingar á þessu. Taka má tölur frá Bretlandi sem dæmi, en árið 2017 var hlutfall þessa sæðis við sæðingar 24% en árið 2020 var það komið í 50%. Þetta mynstur við þróun á notkun kúabúa á kyngreindu sæði er mjög svipuð í mörgum öðrum löndum og er t.d. meira en önnur hver kýr í Bandaríkjunum nú sædd með kyngreindu sæði.

### *Þriðjungur sæddur með kyngreindu sæði*

Í raun væri nóg fyrir flesta bændur að sæða þriðjung kúnna með kyngreindu sæði og þá auðvitað fyrst og fremst þær kýr og kvígur sem standa fremstar samkvæmt mati á erfðamengi þeirra. Hinar mætti þá aðallega nota til að framleiða blendinga fyrir kjötframleiðslu. Þetta er þó misjafnt eftir framleiðslustöðu kúabúanna og sum þeirra, sem eru í vexti, þurfa á mörgum kvígukálfum að halda á meðan önnur þurfa einungis kvígukálfa til að viðhalda hjörðinni. Þessi tækni hefur gjörbreytt stöðu nautgriparæktar í heiminum og næstu árin munu áhrifin koma enn betur fram með mun hagkvæmari framleiðslu og lægri rekstrarkostnaði þeirra kúabúa sem nota kyngreint sæði.

# Hrútafundir 2023

**Útgáfu hrútaskrár verður fylgt eftir að vanda með kynningarfundum víðs vegar um land að því er fram kemur í tilkynningu frá Eyþóri Einarssyni hjá Rágjafarmiðstöð landbúnaðarins.**




Fundirnir eru haldnir af Búnaðarsamböndunum í samstarfi við RML, en ráðunautar munu kynna hrúta stöðvanna og fara yfir atriði úr ræktunarstarfinu.

Fundirnir hefjast 20. nóvember en þann dag er áætlað að hrútaskráin komi úr prentun.

„Það sem gerir hrútaskrána í ár frábrugðna frá því sem verið hefur, er í fyrsta lagi hrútakosturinn. Þótt vaninn sé að þar séu kynntir nýir hrútar, þá er nú í fyrsta skipti hópur lambhrúta sem valdir hafa verið inn á stöðvarnar til að dreifa arfgerðum sem veita þol gegn riðuveiki.

Í ár eru 15 glæsilegir gripir með ARR og þar af einn arfhreinn fyrir þessari genasamsætu. Þá koma inn tveir lambhrútar sem bera breytileikann T137 og 2 nýir hrútar sem bera breytileikann C151.

Þar að auki er fjölbreytt úrval nýrra og eldri hrúta sem standa fyrir mismunandi kosti,“ segir Eyþór. Í skránni verða fjórar upplýsingasíður um ýmislegt tengt ræktun gegn riðu og útskýringar á atriðum þeim tengdum, s.s. áherslum í ræktun, útskýringar á riðuflöggunum í Fjárvísi og svör við ýmsum spurningum. Kynbótamatið er nú sett fram með ýtarlegri hætti en áður, þar sem kynbótamat fyrir fallþunga og bakvöðvaþykkt bætist við upplýsingagjöfina um hrútana. Þá er ýmislegt fleira áhugavert efni að finna í skránni. */ghp*

| Búnaðarsambandssvæði | Dagur | Staður og tími |
|---|---|---|
| Vesturland | Þri. 21. nóv. | Lyngbrekka kl. 20:00 |
| Vesturland | Mán. 20. nóv. | Dalabúð, Búðardal kl. 20:00 |
| Húnaþing og Strandir | Mán. 27. nóv. | Sævangur, Steingrímsfirði kl. 14:00 |
| Húnaþing og Strandir | Mán. 27. nóv. | Víðihlíð kl. 20:00 |
| Skagafjörður | Sun. 26. nóv. | Tjarnarbær kl. 20:00 |
| Eyjafjörður | Mið. 29. nóv. | Búgarður, Akureyri kl. 13:00 |
| S-Þingeyjasýsla | Þri. 28. nóv. | Breiðamýri kl. 20:00 |
| N-Þingeyjasýsla | Þri. 28. nóv. | Svalbarði, kl. 13:00 |
| Austurland | Mán. 27. nóv. | Hótel Hérað, Egilsstöðum kl. 13:00 |
| Suðurland | Mán. 20. nóv. | Stracta Hótel, Hellu, kl. 20:00 |
| Suðurland | Þri. 21. nóv. | Icelandair Hótel Klaustur, Kirkjubæjarklaustri kl. 12:00 |
| Suðurland | Þri. 21. nóv. | Hrollaugsstaðir, Suðursveit kl. 20:00 |



TOYO TIRES · PIRELLI (POWER IS NOTHING WITHOUT CONTROL) · Laufenn (Journey in Style) · MAXXIS DEKK · Mastercraft TIRES · NANKANG (FREE YOUR WAY) · KUMHO TIRE · DOUBLECOIN

# Nesdekk verkstæði í næsta nágrenni við þig!

Réttu dekkin draga fram bestu eiginleika bílsins og veita hámarks öryggi.

Fáðu ráðleggingar fagmanna við val á réttum dekkjum.

Bókaðu tíma á netinu









## Bókaðu tíma og skoðaðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Breiðhöfði 13
110 Reykjavík
590 2080

Skeifan 9
108 Reykjavík
590 2098

Fiskislóð 41
101 Reykjavík
561 4110

Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333

Austurvegi 54
800 Selfossi
590 2095

Njarðarnesi 1
603 Akureyri
460 4350

NESDEKK
561 4200 / nesdekk.is

# Frábær aðsókn á fræðsludag Reiðmannsins

**Laugardaginn 4. nóvember var fræðsludagur Reiðmannsins haldinn hjá Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri og má segja að það hafi verið fullt út úr dyrum.**

Rúmlega 150 nemendur á fyrsta, öðru og þriðja ári tóku þátt og dagskráin var fjölbreytt og fróðleg.

### *Fróðlegir fyrirlestrar og sýnikennsla*

Ein þeirra sem sótti fræðsludaginn er Margrét Lára Eðvarðsdóttir, hestakona frá barnsaldri og nemandi í Reiðmanninum I hjá hestamannafélaginu Herði í Mosfellsbæ. Að hennar sögn var virkilega gaman að hitta nemendur í Reiðmanninum og spjalla um sameiginlegt áhugamál, hestana, heyra reynslusögur og skiptast á fróðleiksmolum úr náminu. „Fyrirlestrarnir voru mjög áhugaverðir og fjölbreyttir, allt frá almennri fræðslu um hesta, leiðtogahlutverkið, þjálfun og tamningar, en einnig um fóður, næringarþarfir, anatómíu hestsins og hrossasjúkdóma. Kennararnir voru sérstaklega vel undirbúnir og buðu upp á áhugaverða fyrirlestra og líflegar umræður og t.d. var Brúnki hennar Sonju Líndal eftirminnilegur og kenndi okkur mikið um uppbyggingu fóta, sinaskil og þreifingu kvíslbanda,“ segir Margrét. „Ég mæli svo sannarlega með námi í Reiðmanninum, þetta er það besta sem ég hef gert fyrir mína hestamennsku.“


Áshildur Bragadóttir.

Sýnikennsla fór fram í reiðhöllinni á Mið-Fossum eftir hádegi þar sem fjórir reiðkennarar Reiðmannsins fóru yfir ólíka þætti eins og notkun brokkspíra, tamningahross, leiðtogaþjálfun og fjölbreyttar þjálfunaraðferðir keppnishrossa. „Reiðkennararnir höfðu margt fram að færa og það bættist margt í verkfærakistuna mína þessa helgi. Ég mun treysta mér betur að meta hvenær er mikilvægt að gefa ormalyf, þreifa kvíslbönd ef ég verð vör við helti og nýta mér brokkspírur í þjálfun. Ég er einnig öruggari í að meta fóðurþarfir hestanna minna, vera leiðtogi og fá hrossin til að elta leiðandi taum. Auk þess mun ég eflaust kaupa mér tamningarbeisli á næstu dögum og prófa kannski að ríða stökk eins og „kúreki norðursins“.



Reiðmaðurinn er einingabært nám á framhaldsskólastigi.

### *Heppin að vera í kennarahópnum*

Inga María S. Jónínudóttir er ein af reiðkennurum námsins og segir hún Reiðmannsnámið vera frábæra viðbót við það sem er í boði annars staðar. „Þetta er mestmegnis áhugafólk á öllum aldri sem þyrstir í að læra meira og er því fullt af áhuga og gleði yfir að vera komið inn í þetta nám. Ég get ekki annað sagt en að þetta sé það skemmtilegasta sem ég hef kennt og mér finnst ég vera svo heppin að hafa komist inn sem reiðkennari fyrir þremur árum,“ segir Inga María. „Randi Holaker er sú sem heldur utan um námið og veitir okkur kennurunum upplýsingar og utanumhald ásamt öllu bóklegu til nemendanna, hún er frábær í því. Við reiðkennararnir kennum svo uppsett námsefni á verklegum helgum með okkar áherslum hvert og eitt og gerum kennsluna eins einstaklingsmiðaða og kostur er. Fyrir okkur reiðkennarana er afar hvetjandi að sjá breytingar sem verða á hestum og knöpum því þegar reiðnemendur finna hvað þau geta haft mikil áhrif á hestinn til batnaðar og á þau sjálf sem knapa gerast ótrúlegir hlutir hjá þeim. Ég fæ svo aukinn kraft og gleði við kennsluna þegar nemandinn verður svona áhugasamur og sáttur með þetta. Nemendurnir eru langoftast að fylgjast með hver öðrum alla helgina og það myndast skemmtileg stemning í hópunum.“

Henna Johanna Sirén, reiðkennari og tamningamaður, er ein þeirra sem var með sýnikennslu og sýndi hún hvernig hægt er að nota brokkspírur í þjálfun til að gera hestinn flinkari á fótunum og til að hafa meiri áhrif á fætur hestsins, þ.e. „skrefin og hvert og hvernig hann stígur niður. Hún segir notkun brokkspíra í þjálfun vera skemmtilega tilbreytingu en einnig styrkjandi og liðkandi fyrir hestinn, og að rétt notkun þeirra geti haft jákvæð áhrif á líkamsbeitingu hans. „Með því að nota brokkspírur í þjálfun er hægt að hafa áhrif á skreflengd, auka bakhreyfingu og bakvirkni, styrkja vöðvana í framhluta hestsins sem og kviðvöðva. Brokkspírur geta einnig aukið einbeitingu hestsins þar sem hann þarf að einbeita sér að því hvar hann stígur niður og lyfta fótunum. Fræðsludagurinn var skemmtilegur og vel heppnaður og fyrir mig er frábært tækifæri að vera hluti af reiðkennurum námsins, fá að kynnast vel uppsettu námsefni og kenna eftir því,“ segir Henna Johanna að lokum.

### *„Ég get ekki mælt nógu mikið með þessu námi!“*

„Eftir langa umhugsun ákváðum ég og maðurinn minn að skrá okkur í Reiðmanninn á síðasta ári og erum við nú á öðru ári. Það er ákvörðun sem ég sé svo sannarlega ekki eftir enda hefur námið umturnað minni hestamennsku,“ segir Tinna Dögg Kjartansdóttir, nemandi í Reiðmanninum II í Spretti í Kópavogi. „Námið er krefjandi en alveg hrikalega skemmtilegt og vinnuhelgarnar, sem haldnar eru


Um 150 nemendur tóku þátt í sýnikennslu í reiðhöllinni á Mið-Fossum. Myndir/ Aðsendar

## Gríðarlegur áhugi á keppnisnámi

Endurmenntun LbhÍ hefur sett á laggirnar nýtt nám undir merkjum Reiðmannsins fyrir alla sem vilja öðlast aukna færni í að undirbúa sig og hestinn fyrir þátttöku í keppnum. Námið verður í boði á þremur stöðum á landinu til að byrja með og fylltist strax á námskeiðið á Selfossi. Á námskeiðunum á Mið-Fossum í Borgarfirði og hjá Létti á Akureyri eru fáein sæti enn laus.

Randi Holaker, verkefnastjóri Reiðmannsins, segir að hún hafi fundið fyrir auknum áhuga á keppni meðal hestafólks og því sé þetta góð viðbót við annað nám á vegum Reiðmannsins. „Mig langaði til að bjóða upp á nám sem mundi taka fyrir allt ferlið með þátttöku í keppni í huga undir dyggri leiðsögn fagfólks á hverju sviði. Við höfum fengið til liðs við okkur reynslumikla keppnisknapa sem allir eru menntaðir reiðkennarar til að sjá um verklega kennslu í náminu og er ég virkilega ánægð með að hafa fengið þessa reyndu reiðkennara til liðs við okkur. Ég verð þó að viðurkenna að ég átti ekki endilega von á að aðsókn að náminu yrði jafnmikil og raun ber vitni og við erum að reyna að leita leiða til að bæta við einum hópi til viðbótar til að koma til móts við þennan mikla áhuga.“

**Kennslan er einstaklingsmiðuð**

Markmiðið er að nemandinn öðlist aukna færni í andlegum undirbúningi, þátttöku knapa og hests í keppni og hvernig hámarka megi árangur. „Við leggjum áherslu á markvissa markmiðasetningu við þjálfun hestsins með áherslu á þær æfingar sem hafa nytsamlegt gildi fyrir keppnisþjálfun,“ segir Randi. Námið er kennt á fjórum verklegum helgum auk fjögurra eftirmiðdaga í miðri viku á tímabilinu janúar til apríl og lokahelgin fer fram í reiðhöll Landbúnaðarháskóla Íslands á Mið-Fossum í Borgarfirði með veglegu reiðmannsmóti samhliða útskriftardegi Reiðmannsins. Námið er einstaklingsmiðað og er kennslan miðuð út frá markmiðum hvers og eins með áherslu á líkamsbeitingu, orkustig, söfnun, fjaðurmagn og rými hestsins auk andlegs jafnvægis hestsins, samstarfsvilja og einbeitingu við mikið þjálfunarálag. Það má því segja að um samstarf kennara og knapa verði að ræða við að skipuleggja verklegu kennslustundirnar. „Við verðum líka með bóklega fyrirlestra með íþróttadómara á vegum Hestadómarafélags Íslands og gæðingadómara á vegum Gæðingadómarafélags LH. Eins verður fyrirlestur í byrjun árs um fóðrun keppnishesta og annar fyrirlestur um hugarfar og stemningu á mótsdegi og reiðkennarar munu fara vel yfir hvernig skráningar fara fram og hverju þarf að huga að á keppnisdegi,“ segir Randi.


Nemendur í Reiðmanninum II fengu fyrirlestur um járningar og hófhirðu hjá Gunnari Halldórssyni járningamanni






Einar Ásgeirsson var með skemmtilegt erindi um vetrarfóðrun hesta.



Sonja Líndal, dýralæknir og reiðkennari, fjallaði m.a. um uppbyggingu fóta, sinaskil og þreifingu kvíslbanda.

einu sinni í mánuði, eru hápunktur hvers mánaðar.

„Ég hef verið í hestum frá því ég var barn og hélt að ég væri nú bara hinn fínasti reiðmaður, en svo kom í ljós að ég var að gera ansi margt vitlaust. Reiðmannsnámið hefur hjálpað mér mikið við að ná fram því besta í hestinum og það er líka frábært að yfirfæra það sem við lærum í náminu yfir á aðra hesta og finna hvernig þeir bæta sig með réttum ábendingum. Námið hefur opnað fyrir mér nýjan heim og nýtt hugarfar, þ.e., ég sem knapi þarf að taka ábyrgð og hugsa um hvað það er sem ég er að gera rangt ef hesturinn gerir eitthvað óæskilegt. Hlutirnir eru nefnilega aldrei hestinum að kenna,“ segir Tinna Dögg.

*Um Reiðmanninn*

Reiðmaðurinn er einingabært nám á vegum Endurmenntunar Landbúnaðarháskóla Íslands og eru þrjár námsleiðir í boði – Reiðmaðurinn I, Reiðmaðurinn II og Reiðmaðurinn III. Í janúar 2024 bætist fjórða námsleiðin við, Keppnisnám Reiðmannsins og er að verða uppselt í það nám. Randi Holaker er verkefnastjóri Reiðmannsins og hefur umsjón með náminu. Í dag eru rétt um 200 nemendur sem stunda nú nám í Reiðmanninum í 13 reiðmannshópum á 10 stöðum hringinn í kringum landið.

„Aðsókn í námið hefur tvöfaldast á síðastliðnum tveimur árum og virkilega ánægjulegt fyrir okkur sem komum að skipulagningu og umsjón námsins að finna þennan vaxandi áhuga,“ segir Áshildur Bragadóttir endurmenntunarstjóri. „Randi hefur mikla reynslu sem reiðkennari, tamningamaður, keppnisknapi, gæðingadómari og íþróttadómari og reynsla hennar og þekking hefur að mínu mati ýtt undir þennan mikla áhuga auk þess sem við erum með frábæran hóp reiðkennara sem eru meðal þeirra fremstu á landinu í dag,“ segir Áshildur að lokum.

*Áshildur Bragadóttir,*
*endurmenntunar- og nýsköpunarstjóri LbhÍ.*















LANDGRÆÐSLA



Birkidrumbur sem fannst á um 3 m dýpi í mýri í Kjós. Börkur sjáanlegur að hluta og hægt að greina árhringi.

# Moldin í mýrinni

**Mold mýra gengur undir ýmsum nöfnum s.s., mójörð, mómold, lífrænn jarðvegur eða einfaldlega mór. Mold mýranna er merkileg fyrir margra hluta sakir. Hún geymir 30% þess kolefnis sem finnst í vistkerfum heims þrátt fyrir að þekja aðeins um 3% lands á jörðinni.**

En hvernig myndast mold mýranna og af hverju geymir hún svona mikið kolefni? Skýringin er sú að í vatnsmettuðum aðstæðum mýranna rotnar það lífræna efni sem fellur til ár hvert, sinan, aðeins að hluta. Árlega fellur þannig til lífrænt efni sem byggir móinn upp og hérlendis safnast líka nokkuð af steinefnum sem setjast í mýrina og verða hluti af moldinni. Í þeim tilfellum þar sem mýrarnar hafa fengið frið til að byggjast upp, allt frá síðustu ísöld, getur mórinn verið margra metra djúpur. Þennan mikla massa lífræns efnis nýttu Íslendingar sér í gegnum aldirnar þar sem hann var okkur m.a. mikilvægt byggingarefni og eldsneyti þegar annað þvarr. Þá var uppskeran mjög mikilvæg og mýrar voru beitiland sem hægt var að reiða sig á þegar annað klikkaði.



Sunna Áskelsdóttir.

Moldin í mýrinni segir líka mikla sögu, s.s. um náttúrufar fortíðar, eldsumbrot og mannvist. Plöntuleifar, drumbar og frjókorn á mismunandi dýpi segja okkur sögu gróðurfars fyrri tíma. Þá gera aðstæður í mold mýranna það að verkum að það eru ekki bara plöntuleifar sem geymast þar vel heldur einnig annað lífrænt efni. Þannig kannast kannski einhver við Mýrarmanninn sem fannst í mýri í Tollund í Danmörku og reyndist hafa legið þar í 2000 ár. Hann var svo vel varðveittur vegna aðstæðna í mold mýranna að hægt var að sjá skeggstubba í andlitinu og innihald síðustu máltíðarinnar sem hann gæddi sér á.



Tollundmannen eða Mýrarmaðurinn.
Mynd / Sven Rosborn

Mýrar eru magnaðar og gegna margvíslegum hlutverkum. Mikilvægi þeirra liggur ekki síst í því sem við sjáum ekki, það sem er að gerast undir yfirborðinu. Líffræðileg fjölbreytni er almennt mikil í mýrum, bæði í gróðri og í moldinni auk þess sem starfsemi þeirra heldur uppi fjölbreyttri þjónustu sem þau veita okkur. Áður fyrr voru þær mikilvægar sem byggingarefni, eldsneyti og öruggur fóðurgjafi húsdýra. Nú er hlutverk þeirra fyrst og fremst mikilvæg búsvæði lífvera og þannig vörður líffræðilegrar fjölbreytni, m.a. treysta margir fuglar á mýrarnar og þær viðhalda stórum stofnum þeirra. Þær gegna mikilvægu hlutverki í vatnsbúskap stórra svæða. Þá eru þær öflugur kolefnisgeymir og því ber okkur á tímum loftslagsbreytinga að hugsa vel um mýrarnar okkar.

Metum mýrarnar okkar að verðleikum, verndum þær sem eru í góðu ástandi og lagfærum þær sem hafa orðið fyrir raski og hnignað.

***Sunna Áskelsdóttir,***
*sérfræðingur hjá Landgræðslunni*

Jólagjöfin í ár!







Vandaðar bækur sem fást í öllum helstu bókaverslunum landsins.

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS



Nibio Ullensvang hefur unnið að rannsóknum á mjölormum og hermannaflugu frá 2017.




Lbhí kynnti mjölormaframleiðslu á Vísindavöku Rannís í síðasta mánuði og voru gestir jákvæðir gagnvart skordýrum og til í að smakka.



Gunnhild Jaastad frá Nibio, Jakob Irgens Blakstad frá Invertapro og Rúna Þrastardóttir, doktorsnemi við Lbhí, skoða framleiðsluna hjá Invertapro.

# Norskir skordýrasérfræðingar sóttir heim

**Dagana 24.-26. október síðastliðinn heimsóttu Ragnheiður Þórarinsdóttir, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands, og Rúna Þrastardóttir, doktorsnemi við Landbúnaðarháskólann, starfsstöð NIBIO í Ullensvang í Noregi.**

NIBIO stendur fyrir Norsk Institutt for Bioøkonomi og er ein stærsta rannsóknastofnun Noregs, en hún vinnur að rannsóknum tengdum matvæla- og plöntuframleiðslu, landnotkun, erfðaauðlindum, skógum og viðskipta- og félagshagfræði. NIBIO Ullensvang er í Harðangursfirði um 160 km frá Bergen og á þeirri leið er farið í gegnum u.þ.b. 50 jarðgöng að mismunandi lengd.

Í Harðangursfirði er mikil eplarækt og cider-framleiðsla. Epli hafa verið ræktuð í Harðangursfirði síðan á 14. öld, þegar reynslan og þekkingin kom með enskum munkum. NIBIO Ullensvang hefur sérhannaðar rannsóknastofur til að meta gæði eplaræktarinnar og sjá um mælingar á cider-framleiðslunni og vottun hennar. Þá eru sérþjálfaðir hópar sérfræðinga sem gera bragðskimanir á cider-framleiðslunni.

Fyrir rúmum sex árum síðan hófust rannsóknir á skordýrarækt hjá NIBIO Ullensvang og snúast þær um ræktun mjölorma og hermannaflugu, sömu tegundir og unnið er með hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. Við ræktunina er notast við hitaskápa, af sömu gerð og notaðir eru við plönturæktun, til þess að halda stöðugu hita- og rakastigi fyrir skordýrin. Mismunandi fóðurhráefni hafa verið prófuð fyrir skordýrin, þar á meðal hveitiklíð og hafrar, en hveitiklíð




Rúna og Ragnheiður heimsóttu Invertapro í Voss í Noregi og kynntu sér mjölormaframleiðsluna.
Myndir / Aðsendar

hefur reynst betur en hafrarnir fyrir mjölormana. Einnig hafa tilraunir verið gerðar með blautfóður, þ.e. blöndu af grænmeti og ávöxtum sem hafa stundum verið gerjuð með mjólkursýrubakteríum. Niðurstöður sýna að fóðurinnihaldið hefur töluverð áhrif á gæði skordýralirfanna sem fóðurhráefnis, en með góðu fóðri má ná jafnri framleiðslu af þurrkuðum lirfum með 50% próteininnihaldi.

NIBIO Ullensvang er í samstarfi við nokkra norska skordýraframleiðendur sem eru að hasla sér völl, m.a. fyrirtækið Invertapro í Voss sem er í um klukkustundar akstursfjarlægð frá Ullensvang. Invertapro framleiðir mjölorma til manneldis og sem fóður fyrir gæludýr og hænur. Skordýraræktunin fer fram í 600 fm rými og fulltrúi fyrirtækisins segir að það sé hægt að framleiða um 3 tonn á viku í núverandi húsnæði. Fyrirtækið hyggst stækka á næstu árum og er markmiðið að byggja nýtt 3.000 fm framleiðslurými og er áætlað að framleiðslugetan aukist við það upp í 30 tonn á viku. Invertapro stundar eigin rannsóknir með mismunandi fóðurhráefni, bæði þurrfóður og blautfóður. Fulltrúar fyrirtækisins segjast ná stöðugri framleiðslu af þurrkuðum lirfum með 50% prótein-innihaldi með blöndu af þurr- og blautfóðri. Við framleiðsluna notar fyrirtækið sjálfvirkni og róbótatækni sem meðal annars getur flokkað lirfur eftir aldri og dauðar lirfur og bjöllur frá þeim lifandi.

Loks var farið í heimsókn til fiskeldisfyrirtækisins Ænes Inkubator, sem er ný landeldisstöð í eigu þriggja norskra laxeldisfyrirtækja. Stöðin framleiðir laxa upp í nokkur hundruð gramma stærð til áframeldis í sjókvíaeldisstöðvum þessara þriggja fyrirtækja. Ænes Inkubator kaupir laxahrogn frá Benchmark Genetics Iceland. Á fundinum kom fram mikill áhugi á nýjum skordýrapróteinum sem gætu komið í stað fiskimjöls og sojabaunamjöls í fóðrinu.

Heimsóknin til Noregs var afar lærdómsrík og þekkingin úr ferðinni mun nýtast vel við áframhaldandi þróun og uppbyggingu aðstöðu fyrir skordýrarækt hjá Landbúnaðarháskóla Íslands. Niðurstöður ferðarinnar munu vafalítið einnig leiða til nýrra hugmynda og aukins alþjóðlegs samstarfs á þessu sviði. Við þökkum gestgjöfum okkar hjá NIBIO Ullensvang, Ænes Inkubator og Invertapro kærlega fyrir frábærar móttökur og gefandi fundi.

***Rúna Þrastardóttir***
*doktorsnemi og*
***Ragnheiður I. Þórarinsdóttir***
*rektor.*




## Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026

Auglýsing um afgreiðslu sveitarstjórnar

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti á 370. fundi sínum, þann 10. ágúst 2023, breytingar á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 sem felur í sér breytingu á landnotkun, stækkun reita og endurskilgreinda landnotkun á nokkrum stöðum innan Hvammstanga skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Um er að ræða breytingu á íbúðarbyggð ÍB9 við Lindarveg, breytingar á íbúðarbyggð ÍB7 sunnan við Eyri og tilfærsla á landnotkunarreit AT3. Ennfremur er skilgreining á svæði fyrir verslun og þjónustu við Lindarveg breytt. Íbúðarsvæðið við Lindarveg er í uppbyggingu og eru þar risin nokkur íbúðarhús. Svæðið er skv. núgildandi skipulagi skilgreint fyrir frístundabyggð að hluta en með þessari breytingu er sú skilgreining felld niður . Svæðið sunnan og norðan við Eyri sem breytingin nær til, er að mestu tún og beitarlönd og byggt hefur verið á öllum fjórum lóðunum á svæði ÍB7.

Hægt er að kæra samþykkt sveitarstjórnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku breytts aðalskipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

**Skipulags og byggingarfulltrúi**
**Húnaþings vestra**
**Bogi Kristinsson Magnusen**

EYJAFJARÐARSVEIT
Skólatröð 9, 605 Eyjafjarðarsveit
S.463 0600, vakts.463 0615
esveit@esveit.is

## Ytri-Varðgjá Vaðlaskógur, Eyjafjarðarsveit - aðal- og deiliskipulagstillögur

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 31. ágúst 2023 að vísa aðal- og deiliskipulagstillögu vegna breytingar á Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2018-2030 og vegna breytingar á deiliskipulagi baðstaðar í landi Ytri-Varðgjár í auglýsingu skv. 31. gr. og 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Aðalskipulagsbreytingin lýtur að því að verslunar- og þjónustusvæði VÞ22 stækkar til suðurs og nær yfir svæði sem í núverandi aðalskipulagi eru skilgreind sem íbúðarsvæði (ÍB22) og skógræktar- og landgræðslusvæði. VÞ22 verður eftir breytinguna 3,5 ha að stærð og íbúðarsvæði ÍB22 fellur út. Breytingin miðar að því að innan svæðis VÞ22 verði heimilt að reisa hótel.

Breyting á deiliskipulaginu felur í sér að skipulagssvæðið stækkar úr 2,6 ha í 5,3 ha, þannig að það nær yfir fyrirhugað hótel og aðkomusvæði. Á hótellóðinni verði heimilt að reisa allt að 5 hæða hótel með allt að 120 herbergjum, auk bílgeymslu og þjónusturýmis. Bílastæði og aðkomusvæði yrðu vestan og sunnan byggingarreits auk þess sem gert er ráð fyrir nýrri laug sem næði frá núverandi laug Skógarbaða að hóteli.

Skipulagsverkefnið tekur til framkvæmda sem tilgreindar eru í 12.04 viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og fylgir skipulagstillögunum umhverfisskýrsla.

Skipulagstillögurnar eru aðgengilegar á sveitarskrifstofu Eyjafjarðarsveitar, Skólatröð 9 Hrafnagilshverfi, milli 9. nóvember og 21. desember 2023, á heimasíðu sveitarfélagsins, www.esveit.is og á vefsíðu Skipulagsgáttar, www.skipulagsgatt.is undir málsnúmerum 805/2023 og 807/2023.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugsemdir við skipulagstillögurnar til 21. desember 2023. Hægt er að koma athugasemdum á framfæri undir málinu á vef Skipulagsgáttar með innskráningu rafrænna skilríkja. Frekari upplýsingar er hægt að nálgast hjá Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.

Skipulags- og byggingarfulltrúi



# Er hægt að rækta hvað sem er í gróðurhúsum?

**Stutta svarið við þessari spurningu er já, það er hægt. Gróðurhús eru með ýmsu móti. Þau eru hönnuð með ræktun tiltekinna tegunda í huga og eru því mjög ólík. Hér erum við vön að rækta grænmeti og blóm sem fara á innanlandsmarkað og flestir þekkja vel.**

Vegna veðurfarsástæðna þurfa íslensk gróðurhús að vera sérstaklega vel styrkt og hitakerfin þurfa að anna þörfum plantnanna í mestu vetrarkuldum. Á suðrænni slóðum eru gróðurhús á margan hátt ólík þeim sem við þekkjum, sums staðar lítið annað en skýli fyrir regni og mikilli birtu. Kælingar er víða þörf til að skapa kjöraðstæður þar sem heitt er í veðri. Ýmis efni eru notuð í byggingu gróðurhúsa, stál og gler eða plast þekkjum við best en víða um heim er notað einfalt efni, timbur, bambus, einfaldar grindur og jafnvel skyggingarnet í stað glers og plasts.



Ingólfur Guðnason.

*Fjölbreytni einkenndi upphaf ylræktar*

Á um það bil einnar aldar sögu gróðurhúsa á Íslandi hefur verið reynt að framleiða ótrúlegt úrval matjurta og blóma. Fyrstu garðyrkjubændurnir þurftu að huga að markaðinum og sinna frumherjarnir, þeir leitast við að sinna íslenskum markaði. Nýjar tegundir eru reyndar og kynntar fyrir neytendum, bæði í blómum og grænmeti. Það sama má að sjálfsögðu segja um garð- og skógarplöntur. Framleiðendur geta verið stoltir af frumkvæði einstaklinga innan garðyrkjustéttarinnar. Það er ekki sjálfsagður hlutur að hefja ræktun á nýrri tegund sem ekki er þekkt á markaði en engu að síður eru ræktendur tilbúnir til að leggja í talsverðan fórnarkostnað til þess, í þeirri von að innlend ræktun taki að sem mestu leyti við innfluttu grænmeti og blómum á markaði.

Er útflutningur íslenskra gróðurhúsaafurða raunhæfur?

Oftar en einu sinni hafa komið fram hugmyndir um stofnun stórra ylræktarvera hér á landi sem gætu framleitt vöru til útflutnings. Þótt ekki hafi orðið úr því enn þá er engin ástæða til að útiloka slíkar framkvæmdir. Forskot okkar liggur auk sjálfs jarðvarmans í hreinni ímynd landsins, hreina vatninu og hreina loftinu, en ekki síður í því að neytendur í Evrópu hafa margir breytt neyslumynstri sínu og hafna í auknum mæli mengandi ræktun og krefjast sífellt umhverfisvænni aðferða við ræktun. Evrópskir ylræktarbændur nota aðallega kolefnaeldsneyti við kyndingu gróðurhúsa í grænmetis- og blómaræktun. Raunin er meira að segja sú að kolefnisspor evrópskra afskorinna rósa er margfalt meira en þeirra sem ræktaðar eru í Afríku eða Mið- og Suður-Ameríku, þrátt



**Fyrsta kakóaldinið sem nær þroska á Íslandi leit dagsins ljós í Bananahúsi Garðyrkjuskólans á Reykjum í haust. Bæði tókst að útbúa bragðgott súkkulaði úr því og fengust að auki spírunarhæf fræ sem nú eru farin að mynda nýjar kakóplöntur í gróðurhúsi í skólanum. Hver veit hvað framtíðin ber í skauti sér?**

þörfum neytenda ásamt því að reyna sig við ræktun fleiri tegunda og það hefur í rauninni ekkert breyst. Í fyrstu voru mest ræktaðar þær tegundir sem voru þá þegar á markaði innfluttar, bæði ferskar og niðursoðnar, jafnvel þurrkaðar. Gúrkur voru mikið ræktaðar í fyrstu, einnig tómatar, sem þá hétu reyndar tómötur. Fyrstu „tómöturnar" til eiginlegrar markaðssetningar voru ræktaðar árið 1925 á Reykjum í Mosfellssveit en áður höfðu þær lítið verið reyndar. Melónur, vínber, bananar, fjöldi salattegunda, ýmiss konar ávextir eins og epli, perur, plómur, belgbaunir og jafnvel appelsínur voru reyndar og fjöldi áður óþekktra blóma. Í rauninni var ekki verulegt vandamál að rækta þessar tegundir. Hins vegar þurfti að hafa mikið fyrir þeim, uppskeran reyndist stundum rýr og oftar en ekki reyndist óraunhæft að stunda ræktun allra tegundanna í atvinnuskyni.

*Framsækni er forsenda framfara*

Framleiðendur í dag eru í nákvæmlega sömu stöðu og fyrir langar flutningsleiðir. Raforka sem notuð er í íslenskri ylrækt til lýsingar í skammdeginu er vistvæn að því leyti að ekki er um teljandi losun gróðurhúsalofttegunda að ræða við framleiðsluna. Losun gróðurhúsalofttegunda í íslenskri ylrækt er þannig að öllu samanlögðu minni en þekkist annars staðar á norðurhveli jarðar en betur má ef duga skal. Helstu hindranir fyrir stóraukinni framleiðslu eru raforkuverð til ræktunarinnar, launamismun hér á landi og í löndum þar sem vinnulaun eru lægri, og aðföng eru hér dýr. Ef hægt væri að stilla þessum kostnaðarliðum í hóf fyrir ylræktina gætu dyrnar opnast fyrir framleiðslu sem getur annað erlendri eftirspurn. Íslenskir garðyrkjubændur stunda nú þegar lítils háttar útflutning á grænmeti til Grænlands, Færeyja og Danmerkur. Augljóst er að ræktun til útflutnings er kostnaðarsöm framkvæmd og þarf að vinna mjög mikla greiningarvinnu á markaðsmálum og aðstæðum heima fyrir áður en teknar verða ákvarðanir um slíkt risastökk í íslenskri garðyrkju.

*Ingólfur Guðnason,*
*Garðyrkjuskólanum Reykjum*





**Frá því við fluttum í Gautavík hafa sex til átta smalar gengið þetta svæði og smalað, ásamt einum stjórnanda.**

# Fé smalað með dróna

**Í haust og fyrrahaust gerði ég tilraunir með að smala með dróna, af svæði sem er um átta ferkílómetrar að stærð.**



Pálmi Einarsson.

Undanfarin tvö ár hefur fé í fjallinu fyrir ofan bæinn fækkað umtalsvert, því stærsti fjárbóndinn okkar megin í firðinum brá búi og voru því aðeins ríflega 100 gripir í fjallinu í sumar. Hæstu tindarnir eru innan við 1.000 m á hæð, en að öllu jöfnu er fé ekki svo hátt uppi.

Frá því við fluttum í Gautavík hafa sex til átta smalar gengið þetta svæði og smalað, ásamt einum stjórnanda. Í fyrra smalaðist um 90% með drónanum og einum manni á fæti í þremur atrennum sem tók hver um sig 2-3 tíma og restin svo með göngumanni í eftirleit stuttu síðar. Þó vantaði eina á og fjögur lömb, en þau skiluðu sér sjálf heim seinnipartinn í október.

Í haust gerði ég aðra tilraun, en þá smalaðist um 70% af fénu úr fjallinu með drónanum í fyrstu smölun sem tók um tvo tíma og var stjórnað frá bænum. Í henni tókst að reka allan hópinn í gegnum hlið á tveimur girðingum, inn í lokað hólf fyrir aftan hlöðuna okkar. Á næstu þremur vikum náðist að smala restinni í þremur drónaferðum. Í ár var kolheimt af fjalli, það er, allir okkar gripir, um eitt hundrað talsins, skiluðu sér heim ásamt um 25 gripum af öðrum bæjum. Allt okkar fé kom í réttina í Gautavík eða inn á tún við bæinn.



**Dróninn sem við notum er DJ Mavic 3 Enterprice sem er með 4k myndavél, ásamt hitamyndavél og hátalara, en einnig er hægt að skipta hátalara út fyrir leitarljós og flugvélaljós.**

*Eiginleikar drónans*

Dróninn sem við notum er DJ Mavic 3 Enterprice sem er með 4k myndavél, ásamt hitamyndavél og hátalara, en einnig er hægt að skipta hátalara út fyrir leitarljós og flugvélaljós. Ég setti inn nokkrar tegundir af gelti, klappi og bílflautuhljóðum og svo auðvitað hið klassíska HUHH.

Flugtími drónans er um 30 mínútur á hverju batteríi, en við erum með fimm stykki þannig að hægt er að vera í um 2,5 klst. í hvert skipti með drónann í gangi. Þó verður alltaf að taka inn í myndina að smölunartími per batterí er ekki nema um tuttugu mínútur, því hann verður alltaf að vera með nóg batterí til að skila sér til baka. Drónar myndu því væntanlega ekki virka vel á stórum afréttum þar sem flugtíminn er ekki það langur, en gætu þó nýst vel í að skanna svæði áður en lagt er af stað.

Dróninn tekur sjálfur af skarið og leggur af stað heim þegar batteríið er að ganga til þurrðar, en oft hefur hann verið í sirka 500 m hæð í fjallinu og allt upp í 3 km í burtu áður en hann leggur af stað til baka. Þar sem dróninn er læstur frá framleiðanda og fer bara í 500 m hæð þá hef ég farið á fjórhjóli upp í sirka 300 m hæð og þannig náð að reka niður það sem hæst er. Það er þó hægt að „hakka" sig inn í forritið og taka hæðartakmörkin af, en við höfum ekki gert það enda ekki verið ástæða til.

*Drónar enn engin töfralausn*

Eftir að fé var komið á tún notaði ég hann margsinnis til að smala fénu heim og inn í fjárhús sem var hægt að gera af skrifstofunni. Okkar fé er reyndar farið að átta sig á drónanum og rýkur af stað þegar það heyrir í honum eða sér og veit flest hvert það á að fara.

Drónar munu seint leysa menn og hunda alveg af í smölun og er ég nokkuð viss um að góður göngumaður með vel þjálfaðan hund myndi rúlla þessu svæði upp á hálfum degi. Fyrir okkur er þetta hins vegar að reynast mjög vel og þá sérstaklega þegar ein og ein kind er langt upp í fjalli, því þá er auðvelt að fara með drónann og sækja.

Í haust sá ég sem dæmi tvö stök lömb uppi í miðju fjalli og fór á eftir þeim með drónanum. Það tók að vísu fjögur batterí og eina og hálfa klukkustund að koma þeim alla leið niður í rétt, en ég tel að það hefði tekið smala töluvert lengri tíma að komast upp fyrir þau og sömu 2,6 km leið til baka.

Komið hefur fyrir að kind snúist gegn drónanum og reyni að hnubba í hann, sérstaklega þegar þarf að koma fénu yfir læki og aðrar hindranir. Liturinn á drónanum er grár og því gæti verið sniðugt að breyta lit eða útlitinu á honum, til dæmis með því að setja augu eða eitthvað sem hreyfist neðan í hann, því gelt í hundi er sem dæmi ekkert sérstaklega árangursríkt. Ég hef mest notað „HUHH" og bílflautuhljóð sem ég fann á netinu og tók upp, en einnig er hægt að taka upp skilaboð og spila úr drónanum til aðstoðarmanna ef þarf.

*Niðurstöður tilraunanna*

Reynslan hefur sýnt okkur að hver sem er getur vel flogið svona dróna. Okkar dróni er sem dæmi með skynjara allan hringinn þannig að það er eiginlega ekki hægt að fljúga á eitthvað, því hann stoppar sjálfkrafa ef hann skynjar fyrirstöðu. Maður verður hins vegar að vara sig þegar farið er djúpt ofan í gil eða langt yfir hæð þar sem sjónlína við fjarstýringu dettur út. Þó er ekki hætta á að dróninn tapist, því um leið og hann skynjar að fjarstýring er dottin úr sambandi stoppar hann og lyftir sér upp og leggur af stað heim. Um leið og hann nær sambandi aftur við fjarstýringu er hægt að stoppa heimferð og halda áfram.

Niðurstaða tilraunanna er því sú að dróni henti vel til að smala fé á landsvæði eins og okkar. Eins er mikill munur að þurfa ekki sex til átta menn til að smala þessu fáa fé sem við eigum og þeim örfáu gripum frá öðrum bæjum sem ganga á okkar afrétt.

***Pálmi Einarsson,***
*iðnhönnuður og bóndi í Gautavík*

# Eflum eldvarnir á heimilum í dreifbýli

**Heimili í dreifbýli eru yfirleitt þannig í sveit sett að langt er í næstu slökkvistöð og útkallstími slökkviliðs því langur ef eldur kemur upp og aðstoðar er þörf.**


Vigdís Häsler


Garðar H. Guðjónsson

Eldvarnir og fyrstu viðbrögð heimilisfólks geta því ráðið miklu um hvernig fer fyrir fólki og eignum. Margir gera sér grein fyrir þessu og tryggja að eldvarnir heimilisins séu ævinlega eins og best verður á kosið. Aðrir þurfa sannarlega að gera betur.

Mikilvægt er auðvitað að gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir að eldur komi upp og reyni á eldvarnir heimilisins og setji fólk í hættu. Það má gera með ýmsum hætti; fara gætilega með opinn eld, sýna aðgát við matseld, hlaða snjalltæki í öruggu umhverfi og tryggja að raflagnir séu í lagi.

*Reykskynjarar bjarga mannslífum*

En vilji svo óheppilega til að eldur komi upp á heimili reynir á eldvarnirnar og viðbrögð fólks. Áríðandi er að tryggja að heimilisfólk fái viðvörun um að eldur og reykur sé á heimilinu. Því þarf að tryggja að nægjanlegur fjöldi virkra reykskynjara sé fyrir hendi.

- Best er að hafa reykskynjara í öllum rýmum, ekki síst þar sem raf- og snjalltæki eru notuð og hlaðin. Þá á að minnsta kosti að setja upp framan við eða í hverri svefnálmu og á hverri hæð á heimilinu.
- Gott er að hafa hitaskynjara í votrýmum og bílskúr.
- Prófa þarf reykskynjara að minnsta kosti árlega. Algengast er að rafhlöður í nýjum reykskynjurum endist í fimm til tíu ár en skipta þarf árlega um rafhlöðu í skynjurum með 9 v rafhlöðu.

Endurnýja skal reykskynjara á tíu ára fresti.

Samtengdir reykskynjarar eru áskjósanleg lausn, ekki síst á stærri heimilum og þar sem húsnæði er á fleiri en einni hæð. Ef einn samtengdur reykskynjari fer í gang fara þeir allir í gang. Þar sem þráðlaust net er fyrir hendi er hægt að tengja skynjarana í síma heimilisfólks í gegnum app.

*Slökkvibúnaður og flóttaleiðir*

Mörgum hefur tekist að bjarga verðmætum og koma í veg fyrir stórslys með notkun einfalds slökkvibúnaðar sem þarf að vera fyrir hendi á öllum heimilum.

- Slökkvitæki eiga að vera við helstu útgöngudyr. Þau eiga að vera sýnileg og aðgengileg þegar gengið er um íbúðina svo að allir viti hvar þau eru ef nauðsynlegt reynist að nota þau.
- Eldvarnateppi á að vera á sýnilegum stað í eldhúsi.

Enginn ætti þó að setja sig eða aðra í hættu við slökkvistarf. Mikilvægast er að tryggja að allir komist heilir út og hringja í neyðarnúmerið, 112. Allir á heimilinu eiga að hafa aðgang að tveimur eða fleiri greiðum flóttaleiðum. Fjölskyldan þarf að ákveða stað utandyra þar sem allir hittast þurfi fjölskyldan að yfirgefa heimilið.

*Tækifærið er núna!*

Bændasamtökin og Eldvarnabandalagið hafa samið við Eldvarnamiðstöðina um að selja félagsmönnum í Bændasamtökunum eldvarnabúnað á sérstökum afsláttarkjörum. Allar upplýsingar um tilboð Eldvarnamiðstöðvarinnar er að finna á Bændatorginu. Við hvetjum félagsmenn til þess að yfirfara nú eldvarnir heimilisins og nýta sér tilboðið til að efla þær eftir þörfum. Tækifærið er núna!

***Vigdís Häsler,***
*framkvæmdastjóri BÍ og*
***Garðar H. Guðjónsson,***
*framkvæmdastjóri Eldvarnabandalagsins.*










Bændablaðið
www.bbl.is



LESENDARÝNI

# Jarðgöng undir Reynisfjall með aðliggjandi láglendisvegi

**Árið 1984 voru Dyrhólahreppur og Hvammshreppur sameinaðir í einn hrepp, Mýrdalshrepp. Þessi sameining var algerlega að frumkvæði heimamanna, sem með því voru talsvert á undan sinni samtíð í þeim málum.**


Þórir N. Kjartansso.

Þá strax höfðu stjórnvöld góð orð um það að farið yrði í vinnu við að kanna kosti þess að gera jarðgöng undir Reynisfjall til að greiða fyrir umferð í þessu nýstofnaða sveitarfélagi. Vegarkaflinn sem legðist af við þessa framkvæmd er þekktur fyrir erfið akstursskilyrði, slys og umferðaróhöpp.

Nokkrum árum eftir sameininguna voru skólar sveitarfélagsins sameinaðir í einn skóla, Víkurskóla sem auðvitað hafði í för með sér keyrslu skólabarna úr sveitinni til Víkur í vetrarveðrum um þennan hættulega vegarkafla. Sem betur fer hefur það ekki orðið að slysi þó stundum hafi litlu munað og hafa þó ekki neinir viðvaningar verið við stýrið á þessum skólabílum, allt frá byrjun. Á seinni árum hefur umferðin aukist gífurlega með tilkomu erlendra ferðamanna en meðaltalsumferð á síðasta ári á umferðarteljaranum við norðurenda Reynisfjalls voru 2.400 bílar á dag en suma dagana sl. sumar fór sólarhringsumferðin þar yfir 5.000 bíla sem segir okkur, að umferðin á þjóðveginum í Víkurþorpi er þá varlega áætlað um 7.000 bílar með innanbæjarumferðinni. Með nýjum vegi færðist vegurinn hins vegar suður fyrir þorpið og þá myndi slysahætta þar minnka stórlega. Eftir aldamótin var svo farið að huga meira að þessu og var mjög áberandi að þeir listar sem þá buðu fram í sveitarstjórnarkosningum fengu aukið fylgi út á loforð um að vinna ötullega í að hrinda þessu í framkvæmd sem allra fyrst. Það ásamt fjölda undirskrifta frá íbúum sveitarfélagsins, þar sem skorað var á sveitarstjórn og þingmenn kjördæmisins að vinna ötullega að málinu, sýndi vel áhuga heimamanna á þessu, sem kæmi ekki bara Mýrdælingum til góða, heldur öllum sem um veginn fara.


Á nýju aðalskipulagi Mýrdalshrepps fyrir árin 2012-2028 er sett inn ný veglína um láglendið í mið-Mýrdalnum ásamt jarðgöngum undir Reynisfjall.

Á nýju aðalskipulagi Mýrdalshrepps fyrir árin 2012-2028 er sett inn ný veglína um láglendið í mið-Mýrdalnum ásamt jarðgöngum undir Reynisfjall. Þetta skipulag er svo staðfest af Svandísi Svavarsdóttur, þáverandi umhverfisráðherra, þann 19. mars 2013. Nokkru seinna eru Reynisfjallsgöng svo komin inn á jarðgangaáætlun og 2021 voru boraðar könnunarholur til að kanna jarðlög fjallsins, sem reyndust nokkuð misjöfn og gætu hleypt kostnaði eitthvað fram þó ekkert mæli á móti framkvæmdinni annað en eitthvað aukinn kostnaður. Í skýrslu sem Háskólinn á Akureyri vann fyrir Vegagerðina um arðsemi og kosti þeirra ganga sem nú eru í umræðunni má sjá að Reynisfjallsgöng skora mjög hátt á öllum mælikvörðum. Þar má t.d. sjá að á árunum 2010-2020 er Reynisfjall í öðru sæti á eftir Öxnadalsheiði þegar miðað er við truflun á umferð vegna vegalokana en aðrir fjallvegir sem myndu leggjast af vegna áætlaðra jarðganga þar langt á eftir. Einnig má geta þess að ef Reynisfjallsgöng hefðu verið komin og öll umferðin sem fór hér um þjóðveginn á síðasta ári farið um þau hefðu sparast u.þ.b.5,5 milljónir km í akstri. Auk þess má fullyrða að umtalsvert færri umferðaróhöpp og slys hefðu orðið, ásamt miklum sparnaði í vetrarþjónustu vegarins. Þá myndu umhverfisáhrif vegna þessarar framkvæmdar verða sáralítil.

Það vakti óneitanlega nokkra athygli okkar áhugamanna hér í Mýrdal um þetta mál að í umræðu um væntanlega samgönguáætlun, sem lögð var fram á Alþingi fyrir stuttu, minntist enginn af þingmönnum Suðurkjördæmis á þessa framkvæmd, nema innviðaráðherra, sem nefndi hana í framsögu sinni. Aftur á móti kepptust þingmenn annarra kjördæma við að fara í ræðustól og tala um alls konar þarfar framkvæmdir í þeirra kjördæmum. Við leyfum okkur samt að vona að þessi litla þátttaka þingmanna okkar Sunnlendinga í þessari umræðu tákni ekki almennt áhugaleysi þeirra á þessum gríðarlega mikilvæga málaflokki sem samgöngumálin eru.

Skorum við hér með á okkar ágætu vini, þingmenn Suðurkjördæmis, að taka nú af festu á þessu mikilvæga framfaramáli og koma því sem allra fyrst á framkvæmdastig.

F.h. áhugamanna í Mýrdal um bættar samgöngur;

***Þórir N. Kjartansson**, Vík.*


Vegurinn yfir Öxi 25. febrúar 2023 þegar hann var lokaður vegna G-reglunnar.

# Heilsársvegur yfir Öxi er skynsamleg fjárfesting

**Tilhneiging stjórnmálamanna er að líta á fjármagn sem veitt er í samgöngur sem kostnað en ekki fjárfestingu sem skilar sér jafnan margfalt til baka.**


Guðný Lára Guðrúnardóttir.


Oddný Anna Björnsdóttir.


Ingi Ragnarsson.

Múlaþing varð til þegar fjögur sveitarfélög á Austurlandi sameinuðust árið 2020. Úr varð eitt víðfeðmasta sveitarfélag landsins með fjórum aðskildum byggðakjörnum og því forgangsmál að helstu lífæðar milli kjarnanna séu greiðar, allt árið um kring.

Öxi, fjallvegurinn sem liggur frá botni Berufjarðar yfir í Skriðdal, styttir leiðina frá Suðurlandi yfir á Egilsstaði um tæpa 70 km og akstурstímann um tæpa klukkustund. Fyrir íbúa Djúpavogs sem sækja þjónustu á Egilsstaði sem dæmi, er tímasparnaðurinn í hverri ferð hátt í tvær klukkustundir. Umferð um Öxi hefur aukist ár frá ári, þrátt fyrir að veginum sé illa viðhaldið, oft illfær, öryggi ábótavant og fari ekki vel með ökutækin.

Frá því að vegurinn var opnaður í apríl á þessu ári, þar til bera fór á lokunum í október, fóru tæp 80 þúsund ökutæki um veginn sem sparaði þeim 5.400.000 km akstur. Að meðaltali fóru 410 bílar um veginn á dag, þegar mest lét hátt í 700. Samkvæmt FÍB kostar ekinn km að meðaltali um 85 kr. Fjárhagslegur sparnaður, aðeins tengt bílnum sjálfum, var því um hálfur milljarður. Yrði vegurinn greiðfær allt árið myndi sú upphæð væntanlega tvöfaldast. Tímasparnaður ökumanna þessara 80 þúsund bíla var rúm 9 ár; 18 ef miðað er við tvo í bíl að jafnaði. Erfitt er að verðleggja það.

***Áratugabið en frestað til 2027***

Nú þegar hafa íbúar og aðrir sem ferðast um svæðið beðið í rúm 20 ár eftir heilsársvegi yfir Öxi. Má þar nefna flutningsaðila sem þjónusta íbúa, verslun og aðra starfsemi í landshlutanum. Óþarflega hár flutningskostaður endar að sjálfsögðu í hærra verði fyrir vörur og þjónustu.

Hönnun vegarins verður lokið í byrjun næsta árs og gætu framkvæmdir því hafist strax á




AUGLÝSING UM SKIPULAG

Skipulags- og byggingarnefnd, sem fer með fullnaðarafgreiðsluvald sveitarstjórnar skv. samþykkt um stjórn Borgarbyggðar, samþykkti þann 03.11.2023 að auglýsa tvær lýsingar að nýjum deiliskipulögum, Miðgarður og Eskiholsskógur, og eina tillögu að breytingu á deiliskipulagi, Ásenda 12.

*Í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér með auglýstar lýsingar að nýjum deiliskipulögum í Borgarbyggð.*

**Miðgarður (L235969) í landi Miklagarðs-Ánastaða í Borgarbyggð – Nýtt deiliskipulag**

**Frístundabyggð í Eskiholtsskógi (L229352) – Nýtt deiliskipulag**

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að breytingu á deiliskipulagi í Borgarbyggð.

**Verslunar- og þjónustusvæði í Húsafelli í Borgarbyggð, Ásendi 12 (L222409) – Breyting á deiliskipulagi**

Ofangreindar skipulagsáætlanir eru kynntar í Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar (www.skipulagsgatt.is) og aðgengilegar á heimasíðu Borgarbyggðar undir skipulagsauglýsingar. Lýsingarnar eru í kynningu frá 13.11.2023 til og með 29.11.2023 og tillagan frá 13.11.2023 til og með 27.12.2023.

Hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að koma með ábendingu við lýsingarnar og/eða gera athugasemd við tillöguna á kynningartíma í gegnum skipulagsgáttina. Ef óskað er nánari kynningu á málunum þarf að panta tíma hjá skipulagsfulltrúa.

**Borgarbyggð, 13.11.2023.**

**Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar**

BORGARBYGGÐ



Áætlaður kostnaður við uppbyggðan heilsársveg voru þrír milljarðar árið 2021 þegar framkvæmdum var frestað. Því er augljóst að fjárfestingin yrði ekki lengi að borga sig og ekki þarf að nefna hve loftslagsvæn hún er.

vormánuðum. En þrátt fyrir það og sameiningu sveitarfélaganna var vegagerðinni seinkað í samgönguáætlun til 2027. Áætlað er að framkvæmdin taki þrjú ár sem þýðir að ef vegurinn verður ekki færður enn aftar verður hann tilbúinn 2030.

Áætlaður kostnaður við uppbyggðan heilsársveg voru þrír milljarðar árið 2021 þegar framkvæmdum var frestað. Því er augljóst að fjárfestingin yrði ekki lengi að borga sig og ekki þarf að nefna hve loftslagsvæn hún er.

### *Mikilvægi vetrarþjónustu*

Þar sem heilsársvegurinn verður ekki tilbúinn á næstu árum skiptir vetrarþjónustan afar miklu máli. Öxi er á hinni svokölluðu G-reglu sem þýðir að vegurinn er ekki þjónustaður frá 1. nóvember til 20. mars. Á vorin og haustin er vegurinn aðeins þjónustaður tvisvar í viku og eingöngu ef snjólétt er. Gefin er heimild til að þjónusta til 5. janúar þegar snjólétt er og sveitarfélagið greiðir helminginn.

Þegar Vegagerðin ákveður að kanna með opnun á Öxi er maður sendur frá Höfn eða Djúpavogi upp á Öxi til að kanna aðstæður. Kostnaðaráætlun er gerð sem er send á Reyðarfjörð. Þar ráða menn ráðum sínum með veðurfræðingi Vegagerðarinnar og samþykkja hana ef niðurstaðan er jákvæð. Upplýsingarnar eru svo sendar „suður“ til að fá lokasamþykki. Þetta er tímafrekt ferli og glatast því oft góðir dagar til að þjónusta og opna. Ef spár breytast þarf að hefja ferlið upp á nýtt.

Þann 4. janúar síðastliðinn var heimild til að opna Öxi samkvæmt G-reglu. Lítill snjór var á henni en spáði úrkomu. Því var ákveðið að hinkra aðeins. Þann 6. janúar kom svo þvert nei, því komið var fram yfir 5. janúar og eftir það er ekki heimilt að þjónusta veginn samkvæmt G-reglunni.

Hefði ekki verið horft svona stíft í þá dagsetningu hefði verið einfalt og kostnaðarlítið að halda Öxi opinni fram að óveðrinu 27. mars. Í framhaldinu hefði verið mun ódýrara og fljótlegra að opna hana aftur, því ekki hefði þurft að berjast við mikinn klaka eins og jafnan eftir langar lokanir. Vegurinn hefði þornað fyrr og verið betur undirbúinn undir umferðina um vorið. Sama má segja um janúar 2022, enda oft og tíðum lítil úrkoma á Öxi fram í febrúar.

Heildarkostnaðurinn við vetrarþjónustu á Öxi síðastliðinn vetur var á bilinu 6-9 milljónir. Sparnaður af því að hafa hana opna miðað við fjölda bíla yfir vetrartímann er hins vegar hátt í milljón, Á DAG, miðað við útreikningana hér ofan!

### *Biðlum til samgönguráðherra*

Við gerum okkur fulla grein fyrir því að Öxi er fjallvegur og að á meðan hann er ekki uppbyggður og lagður slitlagi er erfiðara að snjóhreinsa hann og geta komið tímabil þar sem veðurfar og snjóalög eru þannig að ekkert verði við ráðið. En að halda sig fast við ákveðna dagsetningu, algjörlega óháð veðri og snjóalögum, finnst okkur út í hött.

Við biðlum því til samgönguráðherra að Öxi verði færð af G-reglunni yfir á tveggja daga opnun og til vara að dagsetningin 5. janúar verði afllögð og vegurinn þjónustaður þegar aðstæður leyfa. Eins að settir verði fastir fjármunir, til dæmis 8-10 milljónir, í vetrarþjónustu á Öxi sem þjónustumiðstöðin á Höfn hefði til ráðstöfunar, án aðkomu annarra. Og að sjálfsögðu biðlum við til hans að heimila framkvæmdir við heilsársveginn strax í vor.

***Guðný Lára Guðrúnardóttir, Ingi Ragnarsson og Oddný Anna Björnsdóttir,***
*heimastjórn Djúpavogs, eins af byggðaákjörnum Múlaþings.*







Vegna mikillar aðsóknar í hestaferðirnar okkar óskum við eftir samstarfsaðilum/verktökum til að sjá um og reka hestaferðir undir merkjum Saltvík - Riding Iceland. Góðir tekjumöguleikar meðfram almennum búrekstri yfir sumartímann! Starfandi aðilum sem vilja bæta við sig verkefnum einnig velkomið að hafa samband með mögulegt samstarf í huga.
Almennar upplýsingar um starfsemi okkar er að finna á heimasíðunni www.ridingiceland.is

**Frekari upplýsingar fyrir áhugasama aðila gefur Bjarni Páll í s. 892-4645 eða á netfang- bjarni@saltvik.is**









LESENDARÝNI



Fé rennur eina slóð fram Fossdal í Arnarfirði haustið 2022. Myndir / Aðsendar

# „Ærnar renna eina slóð“ – *Um kindagötur*

**Göngumanni í íslenskum úthaga er það léttir að ramba á kindagötu. Því má treysta að gatan sé haganlega lögð og sjaldan endar hún í ógöngum. Að vísu er kindagata svo mjó að göngumaður með fullvaxta gönguskó á fótum þarf að tileinka sér göngulag tískusýningarkvenna til þess að fylgja henni nákvæmlega. Kindagötur eru verðmætur hluti af íslensku menningarlandslagi.**



Bjarni Guðmundsson.

Mér er tamast að tala um *kindagötur* og mun því nota það heiti hér. Það heiti er þó ekki að finna í *Íslenskri orðabók*. Þar er notað heitið *fjárgötur* – „stígur sem fé fer eða hefur myndað“. Þegar tíðni heitanna tveggja í textum á vefslóðinni www.timarit.is er athuguð sést að *fjárgata* kemur nær fjórum sinnum oftar fyrir en *kindagata*. Hvort hér er um landshluta-, héraða- eða jafnvel bæjamun að ræða verður ekki slegið föstu. Það mætti athuga.

Kindagötur eru sennilega jafn gamlar búsetu manna hérlendis enda hafi hinir fyrstu landsmenn haldið sauðfé sér til viðurværis og afkomu. Giska má á að margar kindagötur landsins séu að stofni til frá upphafi Íslandsbyggðar. Þær má því telja með elstu menningarminjum þjóðarinnar. Göturnar verðskulda því athygli.

Á vori tölta lömb gjarnan við hlið mæðra sinna og leita snertingar og öryggis. Þroskamerki er líður á sumarið er það að lömb taka að elta mæður sínar yfirveguð og í reglulegri „strollu“, fylgja kindagötum, læra á þær og eiga sinn daglega þátt í að halda götunum við.

Kindagötur eru vel þekktar í öðrum sauðfjárræktarlöndum, svo sem á Bretlandseyjum – *sheep tracks, sheep paths* á máli þarlendra. Þar eru þær líka eldfornar að stofni til. Jafnvel má lesa tilvist kindagatna úr samlíkingum í ýmsum textum Gamla testamentisins: „Drottinn er minn hirðir, leiðir mig um réttan veg“ segir til dæmis í Sálmum Davíðs. Þar var að vísu um að ræða aðra rekstrarhætti sauðfjár en við Íslendingar eigum að venjast, þ.e. að hjörðin elti hirði sinn en var ekki rekin.

Lengst af ársins er kindum eðlilegt að mynda hópa; hjarðhegðun einkennir þær. Það veitir þeim samkennd og öryggi. Einangrun veldur flestum streitu. Þegar ein ær færir sig úr stað fylgja aðrar gjarnan á eftir – og þá sömu slóð. Því skila eftirlegukindur sér gjarnan sjálfar heim til húsa þegar hagi hefur verið smalaður og „tæmdur“ af fé. Hegðun forystufjár er sérstakur kafli sem hér verður ekki fjallað um.

Víða þar sem sauðfé gengur frjálst myndar það stíga – kindagötur. Fé hefur til dæmis ekki gengið lengi á túni, ekki síst á hausti, þegar það tekur að mynda ákveðna stíga sem það síðan fylgir samviskusamlega. Gjarnan ganga þá nokkrar kindur saman í röð með jöfnu bili sín á milli. Féð rásar – fylgir rás. Á færeysku kallast kindagata *rás* eða *seyðarás* þótt stundum sé þar líka talað um *seyðagötu.*

Þótt kindur dreifi sér á beit um haga leita þær jafnan gatna sinna þegar kemur að því að færa sig á milli beitarsvæða. Þegar snjór er á jörðu og þá ekki síst þegar færi verður þungt er fé fljótt að mynda stíga með því að raða sér upp í göngu þannig að hver kind eltir aðra.



„Grafgötur“ á Seldal í mynni Skorradals haustið 2023.

„Ég hef aldrei rekizt á illa lagða fjárgötu“, skrifaði Gestur Guðfinnsson. „Og engar götur þekki ég skemmtilegri. Tökum t. d. einstigið upp Illakamb við Jökulsá eða fjárgöturnar í Skorarhlíðum, þar sem engu er ofaukið á breiddina og hamrarnir fyrir ofan og hengiflugið fyrir neðan kitlar mann svo notalega í knésbæturnar, allt öðruvísi en lífshættan á Lækjargötunni eða Miklubrautinni.“

En svo voru til staðir þar sem kindagötur þekktust varla. Tungnamaðurinn Jónatan Hermannsson skrifaði mér m.a. um reynslu sína:

*Ég hef einu sinni á ævinni séð kindagötu. Það var fjárlausa haustið og hlýtur því að hafa verið 1952. Þá höfðu hjónin Óskar Jóhannesson og Hildur Guðmundsdóttir keypt góðjörðina Brekku í Biskupstungum og hugðust hefja þar búskap . . . Við vorum stödd á Brekku, líklega til að heilsa upp á nýkomna sveitunga, en ég man ekkert um það. Man heldur ekkert frá þeirri heimsókn nema að við móðir mín vorum stödd í óhrjálegum lyngmó og hún bendir á þröngva götu og segir: „Þetta er kindagata.“ Ég man að hún notaði þetta orð eins og þú, Bjarni, og gatan var eins og þú lýsir. Ég man að ég hugsaði: „Það eru engar kindagötur heima, það er líklega af því að það er fjárlaust, þær koma ábyggilega þegar nýja féð kemur í haust.“ En þær komu aldrei. Ég veit ekki af hverju, en það var aldrei rennsli á fé í högunum heima. Allan veturinn hélt það sig við hús þótt það lægi við opið, enda litla beit að sækja í gróðursnauða þursaskeggsmóa eða svellaðar mýrar. Í högum var féð þrjá mánuði á ári – frá byrjun sauðburðar og þar til það var rekið á fjall og svo frá réttum og þar til tekið var á gjöf – einn og hálfan mánuð hvort sinn.*

Kindagötur, og að minnsta kosti ef það eru grafgötur, eru fullmjóar fyrir fætur göngumanns í nútíma skóbúnaði eins og fyrr var nefnt. Í þýfðu landi myndast þær með tímanum, djúpar og niðurgrafnar svo að hin myndhverfa skýring *Íslenskrar orðabókar* verður augljós: *„ganga (fara) í grafgötur um e-ð leita e-s vandlega > það þarf ekki*


GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

notadir.benni.is



Rafmagn 4x4

740453 SsangYong Tivoli XLV DLX '16, sjálfskiptur, ekinn 78 þús. km. **Verð:** 1.690.000 kr.

440033 Jaguar I-Pace S EV400, '21, sjálfskiptur, ekinn 21 þús. km. **Verð:** 8.490.000 kr.

468271 SsangYong Rexton, '20, beinskiptur, ekinn 52 þ.km. **Verð:** 5.990.000 kr.

Plug-in Hybrid 4x4

198884 Toyota Yaris '22, beinskiptur, ekinn 68 þús. km. **Verð:** 2.490.000 kr.

286675 Renault Captur E-Tech '22, sjálfskiptur, ekinn 60 þús. km. **Verð:** 3.490.000 kr.

302179 SsangYong Tivoli XLV DLX '17, sjálfsk. ekinn 98 þ.km., **Verð:** 2.190.000 kr.

Vegna mikillar sölu vantar okkur allar tegundir bíla á skrá!

Sjáðu fleiri bíla á notadir.benni.is

Krókhálsi 9 | Reykjavík | 590 2035

Bílabúð Benna – Notaðir bílar

Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl





Lögfræðistofa Reykjavíkur

LÖGMANNSÞJÓNUSTA



Vönduð og fagleg lögmannsþjónusta með starfsstöðvar bæði í Reykjavík og á Hvolsvelli. Helstu réttarsvið: Félagaréttur, eignaréttur, samningaréttur, orkuréttur, erfðaréttur, gjaldþrotaréttur stjórnsýsluréttur o.fl.

Yfir 30 ára reynsla af lögmannsstörfum.

Helgi Jóhannesson, lögmaður • helgi@lr.is • Sími 849-0000
Borgartúni 25, Reykjavík • Austurvegi 4, Hvolsvelli • Sími 515-7400



**Kindagata, tiltekið grafgata, er fullmjó fyrir fullskóaðan göngumann nema hann beiti göngulagi tískusýningarfólks.**

*að fara í neinar grafgötur um það“.*

Svo virðist sem kindurnar myndi grafgötu þannig að gatan verður mishæðalítil í láréttum fleti þótt liggi um mjög þýft landslag. Gatan verður því mjög þægileg göngumanni að því leyti – og fénu að sjálfsögðu líka.

Lauslegar mælingar benda til þess að kindagöturnar séu víðast um 14-15 cm á breidd. Vel má láta sér detta í hug að götubreiddin fari að einhverju marki eftir ræktun og gerð fjár viðkomandi svæði; að vænta megi breiðari götu þar sem fé er breiðara um bringu og vöðvafylltara í lærum. Í gamni en líka nokkurri alvöru mætti því spyrja hvort kindagötur séu t.d. breiðari á Ströndum en í héruðum þar sem vænleiki fjár er minni?

Kindagötur fylgja jafnan þurrari hluta lands en sneiða hjá mýrum og votlendi, sé á öðru völ. Með sama hætti leiða þær að hentugum vöðum á ám og lækjum.

Hér má bæta því inn að götur eftir umferð hesta – *reiðgötur* – eru gjarnan um 30 cm á breidd, tæplega eitt fet. Þær eru því vel „manngengar“ án þess að við hafa þurfi göngulag tískusýningarfólks. Álíka eru kúagöturnar en breidd þeirra hef ég ekki mælt sérstaklega.

Sárasjaldan rekumst við á brattar kindagötur. Kemur þá að hvað merkilegasta einkenni þeirra.



**Kindagata á Kirkjubólsdal haustið 2023.**

Rauðsendingurinn Gunnlaugur A. Júlíusson hefur bent mér á að í brattlendi sé hann almennt um 6-7°. Oft er því að sjá sem gatan hafi í öndverðu verið hugsuð af heildarsýn yfir svæðið. Má ég þar til nefna dæmi af Kirkjubólsdal og Haukadal í Dýrafirði: Götur, sem liggja á hækkandi framdali, fá stefnu sína mjög heimarlega á dölum svo hækkun gatnanna verður jöfn og þægileg. Víða liggja þær samsíða hæðarlínum landsins á alllöngum köflum. Annars staðar skera götur hæðarlínurnar með afar jöfnum stíganda. Þetta er aðdáunarverð skynjun sauðfjár á staðfræði landsins (tópógrafíu) og breytni samkvæmt henni.

Brúnir kindagatna eru gjarnan betur grónar og gróskumeiri en landið umhverfis. Veldur því traðkið en líka skítur og þvag fjárins sem um göturnar fer. Því ber meira á heilgrösum en öðrum plöntutegundum í götubrúnunum. Athyglisverð er rannsókn Ingólfs grasafræðings Davíðssonar frá árinu 1969 í Eyjafirði: „Varpasveifgras vex við gamlar fjárgötur og þar sem kvíaær gengu upp á Flesjum uppi á Hámundarstaðahlíð í um 600 m hæð yfir sjó, en er smávaxið.“ Fé ber fræ á klaufum sínum og með skítnum.

Þá má nefna að ég er vaxinn upp við spurninguna um það hvort hafi verið *farið að grænka með götu* eftir ferð á vori um úthaga heima í Kirkjubólsdal. Það var mælikvarði á það hversu gróandanum miðaði – að það væri að koma sauðgróður. Fast með kindagötum er gjarnan minna um sinu en fjær þeim. Því ber þar líka meira á fyrsta vorgróðri en fjær götu.

*o o O o o*

Hérlendis hefur sauðfé farið fækkandi á undanförnum árum og flest bendir framhalds þeirrar breytingar allra næstu árin. Það verða því æ færri fætur til þess að halda við fornum kindagötum. Þegar kindagötunum er ekki lengur haldið við týnast þær. Fornar leiðir geta jafnvel orðið ófærar göngumönnum. Dæmi um það eru götur í Hvanndölum og í skriðunum í Kollumúla í Stafafellsfjöllum. Um Gjögurgötuna inn í Kollumúla skrifaði mér Skaftfellingurinn Bjarni bóndi Bjarnason í Hlíð í Lóni:

*. . . þar er svo bratt á nokkrum stöðum að gatan hverfur á haustin ótrúlega fljótt eftir að féð hefur verið rekið heim og er þá illfært þegar skriðan er orðin gödduð. Stundum bundum við á okkur brodda heimasmíðaða sem við kölluðum fjóskeflinga til að standast skriðuna því alltaf var efsta lagið eitthvað laust og skramlaði maður þá ofan á og gat verið erfitt að stoppa sig. En gatan kom alltaf aftur strax og féð var komið aftur á vorin og virtist mér hún vera alltaf því sem næst á sama stað þó stundum virtist hún með snöggri beygju upp til að ná gömlu götunni.*

Nokkur synd er það því sífellt fjölgar þeim sem kjósa að skoða landið sem göngufólk. Þótt GPS sé gott og gagnlegt hjálpartæki er þó enn þekkilegra að lesa landið eins og sauðkindin upplifir það og ekki síst að njóta einstakra hæfileika hennar til þess að leggja gönguslóðir þannig að vel hæfi göngumanni. Erlendis eru kindagötugöngur orðnar hluti af útivistarferðamennsku megi marka „Google-leit“ með orðunum *sheep track* eða *sheep path*. Hins vegar er rétt að biðja farendur á vélknúnum tvíhjólum að hlífa kindagötum og að forðast akstur á þeim.

Kindagötur eru menningarverðmæti sem eru allrar athygli verð. Þær, eins og aðrar þjóðminjar, ber að umgangast af virðingu og varúð, en nýta til leiðsagnar og fróðleiks á lengri eða skemmri heilsubótargöngum. Og að lokum: Kindagötum verður ekki haldið við án sauðfjár . . .

***Bjarni Guðmundsson,***
*Hvanneyri.*

*Eftirmáli: Nokkru efni og tilvísunum í heimildir er sleppt hér. Ég þigg ábendingar með þökkum og hef greinarinnar með þökkum og hef netfangið bjarnig@lbhi.is*





Veitulausnir

MÁLMSTEYPA
Þorgríms Jónssonar ehf.
Miðhrauni 6, 210 Garðabæ, s. 544 8900
m@malmsteypa.is malmsteypa.is





**Hilltip Icestriker 900–1600L**
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



**Hilltip Icestriker 380–550L**
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.



**Hilltip Icestriker 600 TR**
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélar m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



**Hilltip Snowstriker VP**
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185–240 cm breidd.



**Hilltip Snowstriker SP**
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165–240 cm breidd.



**Hilltip Fjölplógur MVP**
Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.

Wendel
Stofnað 1957

**A Wendel ehf.**
**Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,**
**S:551 5464 - wendel@wendel.is**
**www.wendel.is**

VÉLABÁSINN

# Þýzka stálið

## – Fendt 314 Vario



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Fendt 314 Vario er alhliða vél uppfull af búnaði. Það sem þær hafa fram yfir aðrar eru sérstök gæði bæði hvað varðar vélbúnað og því sem snýr að notandanum. Myndir / ÁL

**Bændablaðið fékk til prufu dráttarvél af þriðju kynslóð 300 línunnar hjá Fendt sem hefur verið á markaðnum frá 2015. Þetta eru meðalstórir alhliða traktorar sem hafa getið sér orðspor fyrir áreiðanleika og þægindi.**

Vélin í þessum prufuakstri er Fendt 314, sem er öflugasti traktorinn í þessari línu, eða 142 hestöfl. Hann er fríður á velli og með fallega grænum lit sem samsvarar sér vel í íslenskri sveit og náttúru. Þetta er annar tónn en einkenndi Fendt vélar á árum áður. Þá gefa rauðar felgurnar og hvítt þakið skemmtilegt mótvægi. Ámoksturstækin eru græn og eru framleidd af Fendt.

Útlitið að utan er annars mjög sambærilegt því sem er á öllum öðrum traktorum, enda sama uppskrift og hefur verið notuð í ómunatíð: Stór hjól að aftan, minni að framan, ökumannshús að aftan, ílangt húdd og ámoksturstæki.

Að aftan er hið hefðbundna þrítengi, öll helstu vökvatengi og tengi fyrir loftbremsur á vögnum. Þá er einnig skotkrókur sem er ótengdur þrítenginu. Í staðinn fyrir að sitthvor hreyfingin skjóti út/inn og slaka niður/upp, þá fer þessi út og niður eða upp og inn í einni bogahreyfingu. Útsýnið aftur á krókinn er í meðallagi gott og þarf að halla sætinu og teygja álkuna til að sjá hann í innstu stöðu. Aflúrtak og þrítengi er að framan.

### *Innrétting vönduð*

Þegar gengið er um borð tekur á móti manni mjög vönduð innrétting. Öll efnin eru úr þykku hágæða plasti og þungt tauáklæði á sætunum. Stór tölvuskjár er fyrir framan stjórnborðið. Notandinn getur ýmist notað hann sem snertiskjá eða með stjórnhnappi – svipað og í BMW bifreiðum. Auðvelt er að rata í gegnum viðmótið og gefast fjölmargir möguleikar í stillingum. Ekki gafst færi til að leggjast yfir alla eiginleika tölvubúnaðarins og má allt eins gera ráð fyrir að þeir sem hafa aldrei snert á þessu stýrikerfi áður verði lengi að komast alfarið til botns í eiginleikum þess. Fyrir framan stýrið er margmiðlunarskjár sem þjónar hlutverki mælaborðs. Þar er myndin skýr og stór og allar nauðsynlegar upplýsingar í beinni sjónlínu.

Sætið er afar þægilegt, með loftpúðafjöðrun og fjölmarga stillimöguleika. Þetta tiltekna sæti fjaðrar til allra átta, nema til hliðanna. Eiginleika sem var sárt saknað þegar ekið var hratt yfir óslétt tún og vélin sveiflaðist til og frá. Hægt er að stilla hversu stíf fjöðrunin er til að henta þyngd ökumannsins. Í sumum vélum er það gert sjálfkrafa í hvert sinn sem vélin er ræst, en hér þarf að stilla handvirkt. Allt snýst þetta um hversu mikið viðkomandi vill borga fyrir aukahluti og er eflaust hægt að fá sæti í Fendt með öllum þessum eiginleikum.

### *Hellingur af tökkum*

Stjórnborðið er veisla fyrir þá sem hafa ánægju af því að ýta á takka, enda eru þeir liðlega fimmtíu, og er marga hægt að sérstilla eftir höfði hvers og eins. Þarna er allt úr plastefnum sem eru þægileg viðkomu og og er armhvílan með stamt og fóðrað yfirborð. Þá er mjög létt að stilla stöðu stjórnborðsins út frá stærð notandans.

Stjórnpinninn fyrir ámoksturstækin er vel staðsettur á stjórnborðinu og því getur notandinn verið slakur í hendinni. Þá er einnig takki til að stjórna vendigírnum í áðurnefndum stjórnpinna, sem gerir tækjavinnu enn auðveldari. Fljótlegt er að stilla hraðann á hverjum vökvatjakki í gegnum skjáinn, sem kemur sér vel ef maður er annars vegar í fínvinnu og vill að tækin hreyfist hægt, eða ef maður er hins vegar í grófvinnu og vill að hlutirnir gerist hratt.

Traktorinn er einstaklega hljóðlátur. Þegar ekið er á fullum hraða gerist ekki nokkur þörf á að hækka róminn. Þessi tiltekni traktor var ekki með útvarpi (sem stóð til bóta) og gafst því notandanum hið fullkomna tækifæri til að slaka á og hugleiða í þögn og notalegu sæti.

Útsýnið á ámoksturstækin er ekki það besta sem býðst og þegar tækin eru í neðstu stöðu skyggir húddið býsna mikið á. Því þarf að stjórna þeim eftir minni og tilfinningu. Framrúðan er há og sveigir upp á þakið sem gefur nær óhindrað útsýni á tækin í efstu stöðu, nema ef sætið er stillt ofarlega og aftarlega. Útsýni til hliða og aftur er prýðilegt og virðist þykkur strompurinn ekki spilla miklu.

Speglarnir eru auðveldlega stillanlegir. Notandinn ýtir á hnapp með mynd af spegli og þá birtist valmynd á tölvuskjánum. Þá er bara að velja einn af fjórum (það eru tveir sjálfstæðir hvorum megin) og hreyfa BMW stjórnhnappinn til.



Græni liturinn er af öðrum tón en sá sem einkenndi Fendt áður.



Í ökumannshúsinu er hægt að hugleiða í kyrrð.



Enginn skortur er á tökkum. Snertiskjárinn er með notendavænt viðmót.

### *Stiglaus skipting*

Fendt dráttarvélar eru frægar fyrir stiglausar Vario skiptingar. Þegar ekið er af stað þarf rétt að taka úr handbremsu og ýta á vendigírinn. Traktorinn sér svo um rest og gerir ekkert fyrr en ýtt er á inngjöfina eða réttum stjórnpinna ýtt fram. Hægt er að festa snúningshraða eða akstursraða óháð hvort öðru eða láta traktorinn sjá um þetta sjálfur. Inngjafarfetillinn er upphengdur og er greinilegt að Fendt hefur lagt mikið á sig til að gera fótstig sem er gott í notkun.

Cruise control er virkjað með einni hreyfingu á stjórnpinnanum. Svo er hægt að fínstilla akstursraðann með því að snúa litlu hjóli. Akstursraðinn breytist um minnst 0,1 kílómetra fyrir hvern smell á hjólinu. Nákvæmnin á stillingu snúningshraðans er engu síðri.

Vel er hugsað um öryggi og neitar traktorinn að keyra ef það vantar þyngd í ökumannssætið. Ef maður er til að mynda eitthvað að laga sig til í sætinu og lyfta sér upp, þá er traktorinn fljótur að kvarta. Þegar stigið er úr vélinni drepst á aflúrtökunum og því engin hætta á að bóndinn sé að flækjast í kringum búnað sem er í gangi.

### *Að lokum*

Helsti galli Fendt 314 er hátt verð, en það kom undirrituðum á óvart að munurinn á þessari dráttarvél og öðrum sem eru álitnar ódýrar er ekki meiri. Fendt er ekki tvöfalt dýrari en aðrir traktorar – bara nokkrum milljónum. Fendt er ein af þessum vélum sem fólk fær dellu fyrir og eftir þennan prufuakstur skilur undirritaður vel af hverju.

Vélin í þessum prufuakstri var svo gott sem splunkuný og myndi sambærileg vél með aukahlutum kosta 22.500.000 krónur án vsk. á gengi evru 150. Án aukahluta kostar Fendt 314 Vario 18 milljónir án vsk.

SÖFNIN Í LANDINU

# Líf og list í Safnahúsi Borgarfjarðar

**Það er sjaldan lognmolla í kringum starfið í Safnahúsi Borgarfjarðar og á síðustu misserum hefur aðsókn að húsinu aukist umtalsvert.**

Undir hatti Safnahússins starfa fimm söfn, bókasafn, byggðarsafn, skjalasafn, náttúrugripasafn og listasafn. Þau geta því verið ólík erindin sem fólk á þegar það sækir Safnahúsið heim en öll tengjast þau þó menningu, því menning er svo margbrotin. Það er líka fjölbreytni í sýninga- og viðburðahaldi sem dregur fólk að. Í haust kláraðist sýning um búningasaum og íslenska búninginn, þar sem gaf að líta á annan tug kven- og karlbúninga eftir handverkskonuna Margréti Skúladóttur. Vatnslitafélag Íslands var með samsýningu í október þar sem sýnd voru verk eftir 45 félaga Vatnslitafélagsins. Nú stendur yfir sýning á verkum Stefáns Geirs Karlssonar, *In Memoriam*, en þar eru t.a.m. skúlptúrar sem unnir voru út frá Egilssögu.



Það er fleira en listin sem fær pláss í Safnahúsinu, en annan hvern föstudag eru myndgreiningarmorgnar þar sem sýndar eru ljósmyndir af skjalasafninu þar sem gestir eru beðnir að reyna að bera kennsl á staði og fólk á myndum og er þetta mikilvægur liður í skráningarstarfi safnsins. Viðburðir fyrir börn og fjölskyldur er stór hluti af viðburðahaldi hússins, spilakvöld, listsmiðjur, föndurdagar, sögustundir og fleira hefur verið á döfinni í haust og verður áframhald á því á nýju ári.

Í desember færum við Safnahúsið í jólabúning og tínum til jólatengda gripi úr safneigninni, auk þess þá hljóma jóla- og áramótakveðjur fyrri tíma úr héraðinu, svo það er sérlega hátíðleg stemning í húsinu. Á aðventunni er boðið upp á jólaföndur og lestrarstundir og tónlist. Sú nýjung verður þetta árið að bjóða upp á aðstoð við innpökkun á jólagjöfum á Þorláksmessu fyrir þá sem enn þá eiga eitthvað eftir og vilja nýta til þess endurunnin efni til innpökkunar, eins og afskráðar bækur af bókasafni.

Á nýju ári eru fyrirhugaðar sex styttri sýningar, þar sem bæði er leitað fanga í safnkostinum sjálfum en líka til utanaðkomandi lista- og fræðimanna. Má þar nefna *Konur í myndlist*, sýningu sem sett verður upp í febrúar og fjallar um, eins og nafnið gefur til kynna, konur í íslenskri myndlist. Þar verða t.a.m. verk eftir Gerði Helgadóttur, Nínu Tryggvadóttur og Ásgerði Búadóttur og margar fleiri. Myndlistarkonur verða ekki einu konurnar sem við ætlum að gefa gaum í Safnahúsinu á árinu 2024, við fáum til okkar sýningu um skessur í þjóðsögum og húsmæður 20. aldarinnar verða í brennidepli á nýrri sýningu þegar nær dregur sumrinu.



Síðustu tvö ár hafa allir viðburðir og sýningar í Safnahúsinu verið gjaldfrjálsir og verður það áfram á árinu 2024. Það eru því allir velkomnir í Safnahúsið og upplagt að kíkja þar við þegar fólk á leið um Borgarnes, við tökum vel á móti þér.

**Þórunn Kjartansdóttir,**
*forstöðumaður menningarmála í Borgarbyggð.*

BEZT Á LAMBIÐ
Bezt á lambið gefur rétta veislubragðið!
Kryddið inniheldur m.a. rósmarín, basilíku, salvíu, steinselju, myntu, marjoram, oregano, cumin og kóríander.
Í kryddinu eru engin aukaefni og það er framleitt á Íslandi.
Kynntu þér **Bezt á** kryddin á **bestalambid.is**



Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is • www.fasteignamidstodin.is

Innanundirföt frá Janus á frábæru verði. 68% merinóull.
Við leggjum áherslu á góða þjónustu við landsbyggðina.
Frábær jólagjöf!
JanusPro® peysa
JanusPro® buxur
Verð: 8.990 kr.
Stærðir: XS-3XL
Verð: 7.750 kr.
Nethylur 2a, 110 Reykjavík | khvinnufot.is
Vefverslun: Khvinnufot.is
KH VINNUFÖT
Öryggi fyrst og fremst



# KROSSGÁTA Bændablaðsins



208
NEITA
HRYGGÐ / DVERG-LILJA
FRJÁLSA
HITA
SKRJÓÐUR
KOLL-STEYPA / UPPFYLLA
PLANTA
HARPIX
STRUNS
RÁNDÝR
NÆGI-LEGA
ÓS
KÓRÓNA
Í RÖÐ
LEIKUR
GNÆFA / HRÆRI-GRAUTUR
MIKLU
HALD
GLAMPI
ÍÞRÓTTA-FÉLAG / ODDUR
FEIKNA
TVEIR EINS / BÍSA
DREIFA / BÖGGLA
BYLGJAST
AFLANDS-VINDUR
BEITT
STIKK-PRUFA
ÁHALD / KRYDD
SLEN / STAKUR
HÖNDLA
MÆLI-EINING / RÓL
FUGLA-HLJÓÐ / MISBJÓÐA
LÖSKUN / ÁVÖXTUR
RÓ
ATVIKAST / RISPA
GORTA
VERNDA
GUÐAVEIG / ÞRÆTU
KVK. NAFN / ÞRÁ
LÖNG / TRÉ
VETT-VANGUR
LALL / ÁTT
FYLLING / MÝRASPÓI
BYRGING
HARMUR
SVERFA

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

## Lausn á krossgátu í síðasta blaði



| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | 207 | GLYMJANDI | TÚTTA / SÍÐAÐUR | S | ÞÓTARI | BLIKKA | D | SLÆPIST | TÓNLIST / ÞUSA | J | |
| | | | | TAK / STUTTUR | H | A | N | D | F | E | S | T | A | ÓBREYTT |
| | | | | L | Á | G | U | R | ULLAR-EFNI | P | L | U | S | S |
| | | | | ÓSLA | V | A | Ð | A | VÍSA LEIÐ / RÖRILLA | L | Ó | Ð | S | A |
| | | | | LEIÐSLA / VÍS-BENDING | Æ | Ð | GEGNA / ÖÐLUÐUST | S | V | A | R | A | RÍKI Í AMERÍKU | M |
| | S | YFIR | SKRÁMA / FARFA | H | R | U | F | L | A | GREINI-LEGUR | A | HVAÐ / LÆKNA | H | A |
| KVEINI | V | O | L | I | NÓTA / EFNI | R | E | SKRÆKJA | G | A | R | G | A | REIÐIR AF |
| ÖVISS | E | F | I | N | S | NÆGILEGA | N | Ó | G | U | KAUPTÚN / AFHÖLFA | R | I | F |
| SKILJA / ELSKA | F | A | T | T | A | RÍKI Í AFRÍKU | G | RANNSAKA / SKÖRP | A | Ð | G | Æ | T | A |
| U | N | N | A | STRENGUR / MÝKING | T | A | U | G | HÁTTALAG / VAGN | S | I | Ð | I | R |
| | P | ÁHRIF | LÉREFT / BLÁSA | L | Í | N | LÖGSÓKN | Á | K | Æ | R | A | RÁNDÝRA | N |
| EFTIR-MYND / MÆLING | L | Í | K | I | N | G | FÖR / TÖLG | F | E | R | Ð | MORA / NIÐURLAG | Ú | A |
| M | Á | T | U | N | SÖNN | Ó | M | U | R | TIL-SAMANS / TVÍHLJÓÐI | A | L | L | S |
| KAUPS | S | Ö | L | U | FREYÐA | L | Ö | Ð | R | A | MARG-SINNIS | O | F | T |
| ÚTLIMIR | S | K | A | N | K | A | R | VORKENNA | A | U | M | K | A | |

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET

**www.bbl.is**

MATARKRÓKURINN

# Buff í brúnni




Haraldur Jónasson
haradlur@gmail.com




**Kíló fyrir kíló og krónu fyrir krónu er nautahakkið sennilega fjölbreyttasta próteinið sem okkur heimakokkunum býðst að elda úr.**

En því miður festumst við flest í því að búa til úr því annaðhvort; hakk og spagettí eða hamborgarasamloku. Hvort tveggja hefur nefnilega gegnsýrt samfélagið svo síðustu 20–30 árin að við sem þjóðfélag erum svo gott sem búin að gleyma að í hakkið er meira spunnið.

Þurfum ekki að leita lengra en hakkabuffið hennar ömmu. Þar sem laukurinn lafði úr plattanum og spælt egg ofan á. Hádegismatur draumanna.

En það eru fleiri plattar þarna úti og við ætlum að gera laugardagsútgáfuna hér. Fyrirtaks steikarplatta sem sómir sér vel með kartöflumús og jafnvel rauðkáli og súrum gúrkum. Hinn fullkomni kósíkostur!

### *Örlítill farsi*

Þegar hamborgarar í hamborgarabrauð eru búnir til er best að meðhöndla hakkið eins lítið og hægt er. Kremja það rétt til að halda því saman. Jafnvel á pönnunni eins og með nýjasta tískuplattann, smassborgarann. Og það þarf ekki að taka það fram að inn í hamboraraplatta fer ekkert jukk. Bara salt og pipar utan á. Annars kemur matarlöggan.

En það sama á svo sannarlega ekki við um skrítna frændann í hamborgarafjölskyldunni, hakkabuffið. Það skal fyllt af jukki og hnoðað saman í léttan örlítið farsaðan platta.

Út í 600 gramma bakka af hakki fer hálfur lítill laukur, sirka sjötíu grömm, mjög smátt saxaður. Einn desilítri af góðum brauðraspi, helst heimagerðum.

Einfaldast að taka eina góða brauðsneið, rista hana á miðlungshita nokkrum sinnum og kæla á milli. Þannig tekur brauðið á sig gullin lit og þornar örlítið. Án þess þó að brenna. Saxa smátt og setja út í hakkið. Eitt egg, tvö hvítlauksrif smátt söxuð, rifin eða kreist, þrjár kúfaðar matskeiðar af tómatsósu, Vals ef hún er til, og ein af Worcestershire-sósu, matskeið af kjötkraftsdufti eða rifinn kubbur. Pipar eftir smekk. Óþarfi að salta því kjötkrafturinn er mjög saltur. Hnoða kjötdeigið saman þangað til að kjötið farsast örlítið, þ.e. verður örlítð klístrað. Passa að hnoða samt ekki of mikið. Viljum enn þá þekkja þetta sem nautahakk.

Móta platta, sirka 170 grömm plús að þyngd og tveir-þrír sentimetrar á þykkt. Plattinn þarf að vera svolítið þykkur til að þola ferð í ofninn án þess að skorpna. Best að hnoða fyrst eins og snjóbolta og pressa svo saman og strjúka svo yfirborðið sé slétt og þétt. Þessi uppskrift dugir í fimm buff, fjögur ef það eru vörubílstjórar í mat.

### *Steikt og bakað*

Besta pannan til að steikja þessi buff er pottjárnspannan hennar ömmu. En hvaða panna sem má fara inn í ofn dugir fínt. Ef hún má ekki fara í ofninn þarf að finna fat sem þolir hitann og rúmar buffin góðu.

Steikja buffin við miðlungsháan hita í sæmilegu magni af olíu. Þangað til að þau hafa tekið djúpan lit. Salta og pipra eftir smekk. Muna kjötkraftinn salta sem fór í buffin, þannig að það þarf kannski ekki mikið salt.

Þegar buffin hafa tekið lit eru þau tekin upp úr pönnunni á meðan við steikjum niðurskorna svepppi, eitt box eða tæplega svo, og hinn helminginn af lauknum. Hann má vera saxaður eða skorinn í strimla. Allt eftir smekk. Fínt að bæta smá smjöri við ef það er ekki næg fita.

Þegar laukurinn og sveppirnir hafa tekið lit er næsta vers að strá yfir tveimur kúfuðum matskeiðum af hveiti. Velta því um pönnuna þangað til allt er húðað í hveitinu. Steikja í hálfa mínútu eða svo til að losna við hrátt hveitibragðið.

Út í pönnuna fer svo um hálfur lítri af vökva. Getur verið bara vatn en þá er þetta meira svona miðvikudagsbuff, ekki laugardags. Í þessi buff á myndinni fóru 2 dl af kjötkraftsvatni, einn af mjólk, einn af rjóma og af því það var verið að drekka bjór þá fór desilítri af honum í pottinn líka. Hægt að nota léttvín, malt, smá safa af súrum gúrkum og gosdrykki jafnvel. Passa bara jafnvægið á sætu, súru og söltu.

Skrapa allt af pönnubotninum og gott að láta sósuna malla í mínútu eða tvær. Til að meta þykktina á henni. Smakka til með salti og pipar og slettu af Worcestershire-sósu.

Skutla buffunum út í aftur, ásamt ölllum safa sem kann að hafa lekið úr þeim. Smyrja þau í sósu og skella í 180 gráðu heitan ofn í 20-25 mínútur. Sem er akkúrat sirka tíminn sem tekur að sjóða kartöflur og búa til mús.

Sú uppskrift bíður betri tíma. Nota bara nógu mikið smjör og rjóma og þá verður allt gott.

ERFINGJAR LANDSINS

## Tilvonandi bóndi og smiður

**Aron Ísak er 5 ára strákur sem býr í sveitabænum Koti í Svarfaðardal. Á bænum eru kindur, hestar, kanínur, hundar, kisa og fiskar. Hann veit fátt skemmtilegra en að vera í kringum dýrin sín og leika sér við vini sína, þá sérstaklega í fótbolta.**



**Nafn:** Aron Ísak Atlason.

**Aldur:** 5 ára.

**Stjörnumerki:** Hrútur.

**Búseta:** Kot, Svarfaðardal.

**Skóli:** Krílakot.

**Skemmtilegast í skólanum:** Leika við vini mína.

**Áhugamál:** Fótbolti, dýr, spila og fara í sund.

**Tómstundaiðkun:** Er að æfa fótbolta 2x í viku.

**Uppáhaldsdýrið:** Kýr og Perla og Salka, hundarnir mínir.

**Uppáhaldsmatur:** Kjúklingur.

**Uppáhaldslitur:** Rauður.

**Uppáhaldsmynd:** Töfralandið OZ, Dórótea snýr aftur.

**Fyrsta minningin:** Þegar ég fór með fjölskyldunni minni til Tenerife, það var mjög gaman. Fórum í vatnsrennibrautir og sáum alls konar ný dýr.

**Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert:** Útilegur á sumrin með fjölskyldunni og þegar ég fékk að gefa apa að borða.

**Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór:** Bóndi og smiður eins og pabbi.

## SUDOKUÞRAUTIR Bændablaðsins

**Setja skal inn tölur frá 1–9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt - og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.**

**Létt**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | 9 | | 6 | | | | 7 |
| | | | 9 | 1 | | 3 | 6 | |
| 2 | 6 | 5 | | | | | | 8 |
| | 5 | 1 | | 9 | 7 | | 3 | |
| 6 | 9 | 7 | 3 | | | 5 | 2 | |
| 3 | | | 1 | | | 7 | 9 | |
| | 2 | | 4 | 7 | | | | 3 |
| 8 | | 3 | | | 5 | | | 9 |
| 9 | | | | | | 6 | 5 | |

**Miðlungs**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | | | | 9 | | |
| 1 | 5 | 3 | 8 | | | | | |
| | | | | 3 | | | | 2 |
| | | 9 | | | 1 | 3 | | |
| 4 | | | | | 5 | | 1 | |
| | | | 9 | | | 2 | | 4 |
| 9 | | 2 | | | | 5 | | 1 |
| | | 7 | | | | 4 | | |
| | 8 | | | 4 | | | | |

**Þung**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | | 1 | | | 6 | 2 | | |
| | | 4 | | | | | 3 | |
| 5 | 2 | | | | | | | |
| | | | 4 | | 2 | | | |
| | 5 | | | | | | 6 | |
| | | | | 7 | | 8 | | 1 |
| 4 | 6 | | | 3 | | | 9 | 7 |
| | | | 7 | | | 4 | | |
| | | | | 9 | | | 1 | |

**Þyngst**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | 8 | | | | | | 1 |
| | | 2 | 1 | | | 6 | | 4 |
| | | | 6 | | | | 8 | |
| | 5 | | | | | | | |
| 7 | | 4 | 3 | | | | | 8 |
| | | | | | | | 9 | 7 |
| 3 | | | 5 | | | | | |
| | | | | | | | | 2 |
| | 1 | | | 3 | 4 | 5 | | |

HANNYRÐAHORNIÐ

# Lopagleði

**Lopagleði er sjal eða teppi og passar á alla! Hún nýtist á svölum sumarkvöldum í bústaðnum, á pallinum eða sem teppi á sófanum, sem poncho eða slá með nælu. Líka tilvalin sem gjöf.**
Sikksakk munstrið minnir á gömlu munsturbekkina, er einfalt að prjóna og er ekki tvíbandaprjón; og þar með eru engir spottar á röngunni.
Lopagleði er úr tvöföldum plötulopa. Veldu úr íslensku lambalitunum frá Þingborg, eða handlituðum lopa í öllum regnbogalitum frá Hörpugull eða Sléttuskjótt. Eða notaðu gráan feldfélopann.

**Prjónafesta:** 12L / 18 umf. á 10 cm, slétt prjón, fram og til baka, á prjóna nr. 6.
Prjónafestan skiptir ekki öllu máli hér. En passaðu upp á að prjónaða efnið verði létt og ekki of fast eða stíft!
*Ef þú notar annað band má aðlaga lykkjufjöldann: hann þarf að deilast með 17 L plús 2 x 6 L fyrir kantinn.*

**Stærð:**
**Breidd:** uþb. 170 cm
**Hæð:** 72 cm

**Efni:** Plötulopi, tvöfaldur
**Aðallitur:** 400 g
**Rendur:** 3 x 30 g

Hringprjónn nr. 6, 100 cm – eða prjónastærð sem þarf til að fá rétta prjónafestu.
Prjónamerki eða afgangsspottar, saumnál.

**Uppfit:**
Fitjið upp 216 L og prjónið stroff (Ra): *1 L sl, 1 L br* út til enda. Prjónuð stroff í 5 cm, endið á röngunni.

**Kantar:** Fyrir allt stykkið: prjónið alltaf stroffið í fyrstu og síðustu 6 L. Þetta kemur í veg fyrir að stykkið rúllist upp á köntum. Setið prjónamerki á eftir fyrstu 6 L og fyrir síðustu 6 L.
Prjónið slétt prjón á milli kanta (Ré: slétt, Ra: brugðið), þangað til stykkið mælist 10 cm frá uppfiti.

**Fyrsta undirbúnings- og útaukninga-umf:**
**Fyrir sikksakk munstrið:**
**Ré:** prj stroff í 6 L, PM, *Pfa, 15 L sl, Pfa, sPM*, endurt * - * að síðustu 6 L, stroff.
**Ra:** 6 L stroff, prjónið br, 6 L stroff.

**Önnur undirbúnings- og útaukninga-umf:**
**Ré**: prj 6 L stroff, PM, *Pfa, 17 L sl, Pfa, PM*, endurt * - * að síðustu 6 L, stroff.
**Ra**: 6 L stroff, prjónið br, 6 L stroff.
Núna eru 21 L í hverri endurtekningu af munstrinu (á milli PM), samtals 264 L. (12 x 21 L + 12 kantlykkjur).

**Sikksakk munstur:**
Haldið áfram í aðallit næstu 6 umf.:
Sikksakk endurtekningin:
**1. umf/RÉ:** 6 L stroff, PM, *Pfa; 8 L sl, ÞLÚ, 8 L sl, Pfa, PM* endurt að síðustus 6 L, stroff.
**2. umf/Ra:** 6 L stroff, br að síðustu 6 L, stroff.
Endurtekið tvisvar sinnum, samtals 6 umf. í heild. Þetta myndar 1 rönd of sikksakk munstrinu.
**Prjónið 3 rendur í munsturlitum:**
Með munsturlit 1 prj 1 rönd (alls 6 umf).
Með munsturlit 2 prj 1 rönd (alls 6 umf).
Með munsturlit 3 prj 1 rönd (alls 6 umf).

Skiptið í aðallit og prjónið 1 rönd (alls 6 umf).
ATH! Þetta er mikilvægt svo að síðasta litaröndin fletjist ekki út.

**Úrtöku- umf:** Í næstu 4 umf. er sikksakk mustrið prjónað eins og áður, nema útaukningunum (Pfa) er sleppt:
**1. umf/Ré:** 6 L stroff, PM, ***9 L sl, ÞLÚ, 9 L sl, PM*** endurt að síðustus 6 L, stroff.
**2. umf/Ra:** 6 L stroff, br að síðustu 6 L, stroff.
**3. umf/Ré:** 6 L stroff, PM, ***8 L sl, ÞLÚ, 8 L sl, PM*** endurt að síðustus 6 L, stroff.
**4. umf/Ra:** 6 L stroff, br að síðustu 6 L, stroff.

Núna er aftur upprunalegum lykkjufjölda náð: 216 L.
Haldið áfram að prjóna slétt á milli kanta, þangað til stykkið mælist 67 cm frá uppfiti.

